

**HRYÐJUVERK KOSTA ÞÚSUNDIR MANNA LÍFIÐ ÁRLEGA ▶ 30**



**DÆMI UM HEILSUBREST VIÐ GOSSTÖÐVARNAR Í HOLUHRAUNI ▶ 2**







# FRÉTTABLAÐIÐ

**HELGARBLAÐ**
17. janúar 2015
14. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014




MYND/JAKE CORBETT

# Lagður í einelti vegna upprunans

**Ahd Tamimi segir aukna umræðu um fordóma hafa breytt íslensku samfélagi til góðs. Hann glímir við eftirköst eineltis í æsku sem versnaði eftir hryðjuverkin í New York. ▶ 22**



**NÝTUR SÍN SEM AMMA**

Siv Friðleifsdóttir hefur öðlast nýtt líf, berst gegn fátækt og segir ömmubarnið gera hana að betri manneskju. ▶ 26



**UPPÁHALDS HLUTIRNIR**

**Helga G. Friðriksdóttir er hrifin af uppstoppuðum fuglum ▶ 32**

**HANNAR FYRIR BVLGARI**

Anita Hirlekar var valin af útsendara tískurisans. ▶ 66





**RISAÚTSALA**

**MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI**

**ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR OG ENGIN VÖRUGJÖLD**

**Heimilistæki**
www.ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

## GLEÐIFRÉTTIN

### Íslendingur fékk Golden Globe



Jóhann Jóhannsson hlaut Golden Globe-verðlaunin á sunnudaginn. Síðar í vikunni var hann tilnefndur til Óskarsverðlaunanna. „Þetta er alveg gríðarlegur heiður og ofsalega gaman. Það er líka gaman að sjá hvað öll þessi vinna okkar við myndina er að fá mikla athygli og viðurkenningu, það er bara alveg frábært,“ sagði Jóhann í samtali við Vísi. Verðlaunin og tilnefninguna fékk hann fyrir tónlistina í myndinni The Theory of Everything.

## FIMM Í FRÉTTUM HÆFILEIKARÍKUR ÞJÁLFARI OG LÆKNAR MEÐ SAMNING



**Eygló Harðardóttir** velferðarráðherra segist hafa miklar áhyggjur af stöðu fæðingarorlofskerfisins hér á landi. Karlar taka nú fæðingarorlof í mun minni mæli en áður.



**Bryndís Haraldsdóttir,** stjórnarformaður Strætó BS, stóð í ströngu eftir að hlutir tóku að misfarast hjá Ferðaþjónustu fatlaðra eftir að fyrirtækið tók við akstrinum. Unnið er að úrbótum.



**Óttarr Sveinsson** blaðamaður bíður eftir að leynd verði aflétt af gögnum breska sjóhersins varðandi sjóslysið á jólanótt 1986 þegar Suðurlandið fórst. Á næsta ári verða 30 ár frá þessu mannskæða slysi.



**Gunnar Bragi Sveinsson** utanríkisráðherra ávarpaði Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna. Hann sagði áríðandi að bregðast við þjáningum íbúa á Gasa og að herkví svæðisins ætti að ljúka.

→ **Ásmundur Friðriksson** varpaði umræðusprengju með Facebook-færslu sinni um að kanna ætti bakgrunn þeirra 1.500 múslima sem hér búa. Áhrifafólk í Sjálfstæðisflokknum var fljótt að lýsa yfir vanþóknun sinni á vangaveltum Ásmundar.





**ÁSTARMERKI** Filippseyski kardinálinn Luis Antonio Tagle kennir Frans að gera merki sem táknar „Ég elska þig“ þar í landi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hundruð þúsunda hylltu páfann á ferð hans um Maníla:

# Frans heimsækir Filippseyjar

**FILIPPSEYJAR Frans páfi er um þessar mundir í fimm daga heimsókn á Filippseyjum. Páfinn kom í gær til Maníla, höfuðborgar landsins, og biðu hundruð þúsunda á götum úti til að berja trúarleiðtogann augum.**

**Íbúar landsins eru um hundrað milljónir en fjórir af hverjum fimm eru kaþólikkar. Landið hefur orðið illa úti á undanförnum árum í fellibyljum og mun páfinn heimsækja hamfarasvæðin á næstu dögum.** - jóe

Undir mörkum allt árið:

# Spá enn lægri verðbólgu

**EFNAHAGSMÁL** Greining Íslandsbanka og Greiningardeild Arion banka spá því að verðbólga lækki áfram í janúar. Greining Íslandsbanka telur að 12 mánaða verðbólga fari í 0,6 prósent en Greiningardeild Arion banka að hún fari í 0,5.

Greining Íslandsbanka telur að eftir því sem líður á árið 2015 aukist verðbólgan jafnt og þétt. Samkvæmt spá þeirra mælist hún 2,0 prósent í árslok og verður því undir viðmiðunarmörkum Seðlabankans allan tímann. Árið 2016 aukist verðbólgan svo enn frekar og verði 2,8 prósent yfir það ár. - jhh

Sorpa dæmd í héraði:

# Veitti eigendum hærri afslætti

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur staðfest 45 milljóna króna sekt Sorpu vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu sinni.

Misnotkunin fólst í því að Sorpa veitti eigendum sínum, sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, hærri afslætti en öðrum viðskiptavinum. Sorpa kærði ákvörðun eftirlitsins til áfrýjunarnefndar samkeppnismála og síðar til dómstóla, án árangurs.

Brot Sorpu er sagt hafa raskað möguleikum annarra til að keppa við hið opinbera fyrirtæki. - sa

# Dæmi um alvarleg áhrif gass á heilsu

**Bæði jarðvísindamenn og þeir sem sinnt hafa gæslu hafa orðið fyrir alvarlegum heilsufarsáhrifum vegna gasmengunar við gosstöðvarnar í Holuhrauni. Sóttvarnalæknir merkir aukningu á ýmsum einkennum víða um land eftir að gosið hófst.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það voru tvö tilvik með lögreglumenn sem misstu að kalla meðvitund eftir að hafa andað gasinu að sér. Svo hefur reynt mjög á minn mannskap þarna upp frá, það er rétt,“ segir Ármann Höskuldsson, eldfjallafræðingur á Jarðvísindastofnun, um þá niðurstöðu í eftirliti sóttvarnalæknis á heilsufari að nokkrir einstaklingar hafi orðið fyrir alvarlegum heilsufarsáhrifum á meðan þeir dvöldu við gosstöðvarnar í Holuhrauni.

Frá því að eldsumbrotin hófust í lok ágúst má einnig merkja aukningu á ýmsum einkennum frá öndunarvegi hjá fólki víða um land – aðallega á Austurlandi.

Ármann lýsir aðstæðum þannig að þegar gasinu hafi slegið yfir menn í stuttan tíma fái þeir áköf hóstaköst og jafni sig ekki fyrr en að nokkrum dögum liðnum og bætir við að enn skili eldstöðin gríðarmiklu magni af brennisteinsdíoxíði.

Þórólfur Guðnason, yfirlæknir á sóttvarnasviði Embættis landlæknis, staðfestir að vísað sé til vandamála sem komið hafa upp hjá jarðvísindamönnum og þeim sem hafa sinnt eftirliti á staðnum. „En ekki er um alvarlegar eftirstöðvar að ræða vegna þessa eða varanleg einkenni,“ segir Þórólfur. „Þetta er það sem vitað er að getur gerst þegar styrkurinn er eins gríðarlegur og raun ber vitni við eldstöðina. Það er vegna þessa sem menn eru hræddir við að opna fyrir umferð þarna upp eftir,“ segir Þórólfur en slær þann varnagla að erfitt sé að segja til um hvort tilfelli sem þessi geti gert vart um sig síðar meir. „Ég myndi þó halda ekki, ef menn eru aðeins stuttan tíma í þessu gasi.“

Spurður um aukningu á einkennum frá öndunarfærum fólks víða um land segir Þórólfur að þetta sjáist bæði á meiri sölu astmalyfja og út frá sjúkdómsgreiningum frá heilsugæslustöðvum. Ekki sé þó hægt að geirnegla að gasmengun frá gosinu sé um að kenna, en um marktæka aukningu sé að ræða nákvæmlega þá mánuði sem gosið hefur staðið yfir – eða frá 31. ágúst í fyrra.

Þórólfur segir þessar niðurstöður allrar athygli verðar og nákvæmari heilsufarsrannsókn, sem er fyrirhuguð, greini frekar hvernig í málinu liggur.

svavar@frettabladid.is



**Í VINNUNNI** Myndin er tekin 20. september þegar mengunin krafðist þess að jarðvísindamenn verðu sig öllum stundum – jafnvel á keyrslu meðfram gosstöðvunum. MYND/MTG



**ÞÓRÓLFUR GUÐNASON**

### → Alvarleg heilsufarsáhrif rakin til gossins

„Eftirlit sóttvarnalæknis á heilsufari bendir til aukningar á ýmsum einkennum frá öndunarvegum einstaklinga víða um land þann tíma sem gosið hefur staðið miðað við undanfarin ár, einkum á Austurlandi. Engin alvarleg heilsufarsáhrif má þó rekja til gossins nema hjá nokkrum einstaklingum sem staddir voru við gosstöðvarnar sjálfar.“

*Heimild: landlaeknir.is*




Tvö fyrirtæki hafa óskað eftir því að Valitor verði tekið til gjaldþrotaskipta:

# Krafa upp á tíu milljarða króna

**VIÐSKIPTI** Tvö fyrirtæki, sem önnuðust söfnun styrktarfjár fyrir Wikileaks, hafa óskað eftir því að Valitor, útgefandi VISA á Íslandi, verði tekið til gjaldþrotaskipta. Ástæðan er ógreidd skaðabótakrafa sem hljóðar upp á rúma tíu milljarða króna auk vaxta.

Forsaga málsins er sú að í október 2010 var gengið frá samningi um að fyrirtækið DataCell myndi sjá um rekstur greiðslugáttar fyrir Sunshine Press Production, rekstraraðila Wikileaks. Valitor lokaði greiðslugáttinni án fyrirvara í júlí 2011.

Með dómi Hæstaréttar í apríl 2013 var viðurkennt að um ólögmæta ráðstöfun hefði verið að ræða af hálfu Valitor. Sigurjón Þ. Árnason, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, mat tjón DataCell af ráðstöfuninni og taldi það vera á bilinu einn til átta milljarða króna.

Eigið fé Valitors samkvæmt síðasta birta ársreikningi er 7,5 milljarðar króna. Krafa fyrirtækjanna tveggja hljóðar upp á 10,3 milljarða.

Sigurður G. Guðjónsson, lögmaður Valitors, segir að fyrirtækinu hafi ekki borist nein skaðabótakrafa sem mark sé á takandi. Ársreikninger félaganna beri það með sér að félögin hafi ekki haft neinar tekjur á því tímabili sem um ræðir og grundvöllur fyrir kröfunni því ekki til staðar. „Ég held að þetta muni ekki setja rekstur Valitor úr skorðum, svona krafa sem er ekki studd neinum rökum,“ segir Sigurður. - þþ, jóe



**SIGURÐUR G. GUÐJÓNSSON**



**STOFNANDI** Svíinn Julian Assange stofnaði Wikileaks. MYND/FLICKR VISION




# FRUMSÝNING Í DAG.

## FAGNAÐU NÝJUM BMW X6 M-SPORT MEÐ OKKUR.

Nýr BMW X6 er ekki hefbundinn fjórhjóladrifinn jeppi þótt hann sé byggður á undirvagni hins vinsæla jeppa BMW X5. Sportleg hönnun BMW X6 er hugsuð fyrir viðskiptavini sem leyfa sér að vera öðruvísi en vilja njóta allra þeirra kosta sem góður jeppi býr yfir.

BMW X6 30d xDrive er frumsýndur með þriggja lítra 258 hestafla dísilvél sem togar 560 Nm, hröðun 0-100 km er 6,7 sekúndur, eldsneytisnotkun í blönduðum akstri er 6,7 l/100 km.*

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

**BL ehf.**
Sævarhöfða 2 – 115 Reykjavík
Sími: 525 8000 – www.bmw.is

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

ENNEMM / SÍA / NM66777

## 12.1.2015 → 18.1.2015




**18,7 MILLJARÐAR** króna voru gefnir í **skattaafslátt** vegna átaksverkefnisins **Allir vinna**.



**1,1 milljón ferðamanna** kom til landsins á síðasta ári, samkvæmt tölum frá **Ferðamálastofu**.

**ÞRETTÁN milljónir** er kostnaður RÚV vegna **söfnunarútsendinga** á síðustu 5 árum.

RÚV

**140 MILLJÓNIR** var **hagnaður Múlakaffis** á síðasta ári.



**8.573** einstaklingar skráðu **viðhorf sitt til líffæragjafar** hjá Landlækni frá október til áramóta. **99% vilja gefa líffæri sín.**




**10.000 TONN** af **síld** mældust inni á Kolgrafafirði í desember, sem er 1/20 af því sem var í firðinum þegar síldin drapst þar veturinn 2012/2013.

**30 PAKKNINGAR**



af **MDMA** fundust í meltingarvegi og endaþarmi komufarþega í Keflavík. Pakkningarnar reyndust innihalda **280 grömm** af efninu.

# Skuldir útgerða í Grímsey um þrír milljarðar króna

Skuldir útgerða í Grímsey við Íslandsbanka nema í heild um þremur milljörðum króna. Þrjú útgerðarfélög stunda veiðar í eynni þar sem um 60 íbúar eru með heilsársbúsetu. Rekstur félaganna stendur ekki undir slíkri skuldsetningu. Íslandsbanki er með í viðræðum um lausn á málum þeim er snerta atvinnuhorfur í Grímsey.

**SJÁVARÚTVEGUR** Fyrirtækin þrjú sem stunda veiðar í Grímsey eiga í erfiðleikum með að standa í skilum við Íslandsbanka. Skuldir þeirra við bankann nema um þremur milljörðum króna og reksturinn stendur ekki undir svo háum skuldum.

Bent er á í skýrslu stjórnar tveggja útgerðarfélaganna sem fylgir ársreikningi ársins 2013 að „á meðan ekki er gengið til endanlegra samninga á milli bankans og félagsins viðheldur það óvissuástandi, sem staðið hefur í nánast sex ár og hefur veruleg áhrif á framtíðarsýn félagsins."

Guðný Helga Herbertsdóttir, upplýsingafulltrúi Íslandsbanka, segist ekki geta tjáð sig um viðskipti einstakra viðskiptavina við bankann. „Ég get þó staðfest að Íslandsbanki hefur um nokkurt skeið tekið þátt í viðræðum Akureyrarbæjar, Byggðastofnunar, Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar og forsvarsmanna útgerðarfélaga í Grímsey um atvinnuþróun og tækifæri til frekari atvinnuuppbyggingar í eyjunni. Ljóst er að atvinnuþróun í Grímsey er viðkvæm og því hefur bankinn komið að umræðu um með hvaða hætti tryggja megi atvinnu til framtíðar á svæðinu."

Þrjú útgerðarfélög eiga kvóta svo einhverju nemi í Grímsey. Það eru fyrirtækin Borgarhöfði ehf., Sigurbjörn ehf. og Sæbjörg ehf. Fyrirtækin eru öll í viðskiptum við Íslandsbanka. Rekstur fyrirtækjanna er afar viðkvæmur og erfitt er fyrir þau að greiða af lánum sínum. Gunnar Hannesson, einn útgerðarmanna í eynni, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að fyrirtækin væru að berjast við vanda sem varð til í hruninu 2008. Hann benti hins vegar á að eignir félaganna dygðu fyrir skuldum.

Guðný Helga segir viðskiptavinum Íslandsbanka standa til boða margvísleg úrræði. „Íslandsbanki hefur frá efnahagshruni kappkostað að vinna með viðskiptavinum sínum með það að markmiði að styðja við atvinnuuppbyggingu. Viðskiptavinum sem átt hafa í greiðsluerfiðleikum hafa staðið til boða fjölmörg úrræði, svo sem greiðsluaðlögun, skuldaaðlögun og Beina brautin í tilfelli fyrirtækja, sem í boði voru með það að markmiði að leggja sitt á vogarskálarnar við endurreisn efnahaglífsins eftir hrun."

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er markmiðið að reyna að koma á samvinnu útgerðanna til að viðhalda veiðum og vinnslu í eynni. Þó er vilji útgerðaraðila til að vinna saman talinn afar lítill og samskipti þeirra á milli lítil dagsdaglega.

Íbúafundur hefur verið boðaður þann 28. janúar næstkomandi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins munu ekki allir útgerðarmenn eyjarinnar mæta á fundinn. Guðný Helga segir forsvarsmenn Íslandsbanka vel geta hugsað sér að mæta á fundinn. „Ef okkar nærveru er óskað á íbúafundinum þá mætum við að sjálfsögðu," segir Guðný Helga.

sveinn@frettabladid.is



**HÖFNIN Í GRÍMSEY** Fyrirtækin þrjú eiga í erfiðleikum með að greiða af lánum sínum hjá Íslandsbanka. Samanlagðar skuldir þeirra nema um þremur milljörðum króna. Kvótaeign fyrirtækjanna er þeirra verðmætasta eign. FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON



**„Ljóst er að atvinnuþróun í Grímsey er viðkvæm og því hefur bankinn komið að umræðu um með hvaða hætti tryggja megi atvinnu til framtíðar á svæðinu.**

*Guðný Helga Herbertsdóttir, upplýsingafulltrúi Íslandsbanka.*



**Í HÖFN** Tugir skemmtiferðaskipa koma hvert sumar og sóknarfærin eru mikil. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Verkefnið Flavour of Iceland:

## Samstarf skilar 70% meiri sölu

**VERSLUN** Flavour of Iceland, samstarfsverkefni TVG-Zimsen, Ekrunnar og fleiri fyrirtækja um sölu á matvöru og öðrum kosti til skemmtiferðaskipa sem hafa viðkomu á Íslandi, hefur skilað 70 prósenta aukningu á sölu fyrirtækjanna til þeirra skemmtiferðaskipa sem markaðssókn þeirra beindist að.

Fyrirtækin hófu samstarf á árinu 2013 í kjölfar funda hjá Íslenska sjávarklasanum. Búist er við frekari vexti í sölu á þessu ári.

Samstarfsverkefnið hlaut viðurkenningu Íslenska sjávarklasans fyrir góðan árangur á árinu 2014. - shá

Munurinn níutíu prósent:

## HSÍ sparar sér símkostnað

**VIÐSKIPTI** Íslenska handboltalandsliðið er um þessar mundir statt í Katar að keppa á heimsmeistaramótinu. Hluti starfsmanna handknattleikssambandsins fylgir liðinu út á mótið.

Símkostnaður getur verið æði hár en mínútuverð frá Katar er 500 krónur. Róbert Geir Gíslason, hjá HSÍ, segir starfsmenn hafa lækkað hann með því að notfæra sér þjónustu frá sprotafyrirtækinu Amivox en með henni kosti mínútan fimmtíu krónur. - jóe


## Námskeið við streitu og svefnleysi

Nýtt námskeið á vegum KMS þar sem kenndar eru leiðir til að kortleggja og draga úr streituvöldum, efla jafnvægi og skipulag, lausnir á aðsteðjandi málum og endurskoða hugarfar sem skapar spennu. Veitt er fræðsla um svefn og þátttakendum kennt að uppræta viðbrögð sem viðhalda svefnvanda.

Námskeiðið er byggt á aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar og er ætlað fólki sem þjáist af streitu og/eða svefnleysi.

Um er að ræða sjö vikna námskeið sem hefst fimmtudaginn 22. janúar n.k. kl 15:00. Verð fyrir námskeiðið er 45.500 krónur.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu KMS, www.kms.is
Skráning fer fram í síma 534-0110 eða með tölvupósti á kms@kms.is

KVÍÐAMEÐFERÐARSTÖÐIN


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 15° | Friedrichshafen | 5° | New York | -3° |
| Aþena | 14° | Gautaborg | 4° | Orlando | 21° |
| Basel | 9° | Kaupmannahöfn | 4° | Ósló | 3° |
| Berlín | 5° | Las Palmas | 19° | París | 6° |
| Billund | 4° | London | 7° | San Francisco | 15° |
| Frankfurt | 5° | Mallorca | 13° | Stokkhólmur | 3° |




**Á MORGUN** Yfirleitt hægur vindur.




**MÁNUDAGUR** Strekkingur eða allhvasst S- og SV-til.

**KALT Í VEÐRI** Í dag lægir smám saman og í kvöld verður kominn hæglætisvindur víðast hvar. Stöku él N- og NA-til en bjart syðra. Það kólnar til morguns og búast má við allt að -20°C inn til landsins. Á mánudaginn dregur úr frosti, einkum SV-til.



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




20 ára afmæli Ford

brimborg

Öruggur staður til að vera á

ford.is

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Viltu vita meira um Ford Focus?
Nýja kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína. Eins má nefna endurbætta Bílastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á akstursstefnu. Að auki er nú fáanlegt GPS leiðsögukerfi með Íslandskorti. Ford Focus er jafnframt eini bíllinn sem hefur hlotið fjögur öryggisverðlaun frá Euro NCAP. Nýi Ford Focus hlaut einnig titilinn „Besti bíllinn“ í flokki meðalstórra fjölskyldubíla eftir að hafa fengið fullt hús stiga í öryggis- og árekstraprófunum Euro NCAP. Focus er fáanlegur með Ford EcoBoost vélinni sem hefur hlotið titilinn vél ársins (International Engine of the Year) þrjú ár í röð.

Ford Focus 5 dyra/station, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/4,8 l/100 km. CO2 losun 108/110 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## LANDIÐ




### Vilja komast út úr Fasteign

**1 NORÐURÞING** Íslandsbanki á í viðræðum við Norðurþing vegna fjármögnunar sveitarfélagsins á uppkaupum á eign leikskólans Grænuvalla á **Húsavík** sem liggur inni í Fasteign EFF. Rekstur leikskólans í samvinnu við Fasteign hefur ekki skilað þeim ávinningi sem ætlast var til í upphafi. Bæjarráð hafnaði hins vegar tilboði Íslandsbanka á síðasta fundi sínum.

### Byggð í Grímsey gæti lagst af

**2 GRÍMSEY** Byggð í Grímsey gæti lagst af ef ekki næst samkomulag um samvinnu ýmissa aðila í veiðum og vinnslu í eynni. Íslandsbanki þrýstir á að kvóti verði seldur til að greiða skuld við bankann, segja heimamenn. Landshlutasamtök, Akureyrarkaupstaður og Byggðastofnun vinna nú að lausn í samvinnu við heimamenn. Íslandsbanki hefur einnig tekið þátt í viðræðum aðila.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Kalla eftir meiri peningum í snjómokstur

**3 VESTURBYGGÐ** Bæjarráð Vesturbyggðar skorar á stjórnvöld að leggja til aukið fjármagn í snjómokstur á sunnanverðum Vestfjörðum. Ásthildur Sturludóttir, sveitarstjóri Vesturbyggðar, segir peninga vanta til verkefna Vegagerðarinnar á svæðinu til þess að halda uppi nægilega góðri þjónustu.

12 sporin,
andlegt ferðalag í Háteigskirkju.

Kynningarfundur verður haldinn í safnaðarheimili Háteigskirkju þriðjudaginn 20. janúar kl. 19:30. Um er að ræða 16 vikna program.

Háteigs-kirkja

# Virkja atvinnulausa í leit að nýrri atvinnu

Frumvarp um breytingu á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga verður lagt fram í upphafi þings. Með lögunum verður sveitarfélögum veitt lagastoð til að skilyrða vinnufæra einstaklinga um virka atvinnuleit. Virk atvinnuleit hefur gengið vel í Hafnarfirði.

**VINNUMARKAÐUR** Eygló Harðardóttir velferðarráðherra leggur í upphafi þings fram frumvarp til breytinga á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Verði frumvarpið að lögum er sveitarstjórnum veitt lagastoð til að setja reglur um veitingu fjárhagsaðstoðar og setja vinnufærum einstaklingum skilyrði um virka atvinnuleit meðan þeir sækja sér fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Hafnarfjarðarkaupstaður hefur um nokkurt skeið lagt sams konar kvaðir á einstaklinga sem þurfa einhverra hluta vegna að leita sér fjárhagsaðstoðar sveitarfélagsins. Það verkefni hefur gengið vel og árangur náðst í að koma einstaklingum aftur á atvinnumarkaðinn.

Í frumvarpinu er einnig skýrt tekið fram að ráðherra skuli á hverju ári gefa út leiðbeiningar til sveitarfélaga um útfærslu þeirrar fjárhagsaðstoðar sem sveitarfélögin sinna. Slíkar reglur ráðherra verða settar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Eygló Harðardóttir vonast til að frumvarpið muni hjálpa til við að auka atvinnuþátttöku og koma langtímaatvinnulausum aftur út á vinnumarkaðinn. Gríðarlega mikilvægt sé að fækka þeim einstaklingum sem lengi hafa verið utan vinnumarkaðarins. „Með frumvarpinu er verið að svara kalli sveitarfélaganna um skýrari ramma um fjárhagsaðstoð þeirra til einstaklinga. Tilgangurinn er að styðja fólk aftur út á vinnumarkaðinn. Það er gert með því annars vegar að skýra heimildir sveitarfélaga til að skilyrða fjárhagsaðstoð við virka atvinnuleit hjá þeim einstaklingum sem eru vinnufærir og hins vegar með því að efla samstarf Vinnumálastofnunar og félagsþjónustu sveitarfélaganna um mat á vinnufærni og þjónustu við atvinnuleitendur. Þannig aukum við og bætum þjónustu og stuðning við einstaklingana. Jafnframt er kveðið með skýrum hætti á um skyldu ráðherra til að gefa út árlega leiðbeiningar til sveitarfélaga um útfærslu fjárhagsaðstoðar.“ Rósa Guðbjartsdóttir, formaður bæjarráðs Hafnarfjarðar, segir árangurinn af verkefninu góðan. „Það er virkilega ánægjulegt hve mikill árangur hefur orðið af þessu verkefni og þeim fækkað umtalsvert sem þurfa á fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins að halda. Það var algjör eining um það að fara þessa leið á sínum tíma en um er að ræða nýja nálgun í fjárhagsaðstoð. Með þessari leið hefur hópur fólks fengið tækifæri til að fóta sig á vinnumarkaðnum og blómstrar nú í starfi.“



**FLEIRI LANGTÍMAATVINNULAUSIR** Með nýjum reglum um atvinnuleysisbætur fjölgar þeim sem þurfa á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga að halda. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

> **Með frumvarpinu er verið að svara kalli sveitarfélaganna um skýrari ramma um fjárhagsaðstoð þeirra til einstaklinga. Tilgangurinn er að styðja fólk aftur út á vinnumarkaðinn.**
>
> *Eygló Harðardóttir, velferðarráðherra.*





**RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR**

sveinn@frettabladid.is

Hófý, fararstjóri Bændaferða
verður á skrifstofunni 19. - 23. janúar



Hólmfríður Bjarnadóttir, eða Hófý eins og við flest þekkjum hana, **verður á skrifstofu Bændaferða 19. - 23. janúar milli kl. 10:00 - 16:00.**

Kíktu við í kaffi og fáðu upplýsingar um ferðir ársins frá einum vinsælasta fararstjóra Bændaferða.

ALLIR VELKOMNIR!

Bókaðu núna á baendaferdir.is
Sími 570 2790 | Síðumúla 2, 108 RVK

ferðaþjónusta bænda
BÆNDAFERÐIR

Kópavogsbær auglýsir fyrstu lóðirnar í nýju 300 íbúða fjölbýlishúsahverfi:

# Byggð loks að rísa á svæði Gusts

**KÓPAVOGUR** „Ég er þess fullviss að Glaðheimahverfið verður eftirsótt fyrir fjölskyldufólk strax frá fyrsta degi,“ segir Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri í tilkynningu frá Kópavogsbæ. Í Glaðheimum var áður hesthúsabyggð Gusts sem verktakar keyptu upp á árunum 2005 og 2006. Kópavogsbær keypti landið fyrir 3,3 milljarða króna í maí 2006.

Bærinn seldi byggingarréttinn til tveggja félaga fyrir 6,5 milljarða króna. Innborgun þeirra var samtals 720 milljónir sem þeir fengu endurgreiddar með verðbótum er þeir skiluðu bænum lóðunum eftir hrunið. Kostnaður við það var um einn milljarður.

Áætlað er að Glaðheimar byggist á næstu árum í nokkrum áföngum. Alls verða þar þrjú hundruð íbúðir í fjölbýli. Tíu lóðir fyrir 260 íbúðir í austurhluta Glaðheima eru nú til umsóknar. Lóðirnar verða byggingarhæfar í júlí. Glaðheimar eru við Lindahverfi, austan Reykjanesbrautar. Þéttleiki byggðarinnar á að vera mikill og lögð er áhersla á almannarými og góðar almenningssamgöngur. „Þá leggjum við ríka áherslu á hönnun og útlit í uppbyggingu hverfisins þannig að útkoman verður glæsilegt hverfi,“ segir Ármann. - gar



**ÞÉTT BYGGÐ FJÖLBÝLISHÚSA** „Það er allt til staðar í þessu nýja hverfi, það er miðsvæðis og öll þjónusta er fyrir hendi,“ segir bæjarstjóri Kópavogs. MYND/KÓPAVOGSBÆR

HAFRÉTTARSTOFNUN ÍSLANDS

Styrkir
til náms í hafrétti

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókna- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa Háskóli Íslands, utanríkisráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Hafréttarstofnun auglýsir hér með eftirfarandi styrki til náms í hafrétti til umsóknar:

1. Styrk til framhaldsnáms í hafrétti á háskólaárinu 2015 - 2016.
2. Styrki til þátttöku í sumarnámskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti 5.-24. júlí 2015.

Umsóknir sendist Tómasi H. Heiðar, forstöðumanni stofnunarinnar, með tölvupósti, **tomas.heidar@utn.stjr.is.**

# HEILSAN *hefst* Í HAGKAUP




Arnar Grant og Ívar Guðmundsson eiga það sameiginlegt að hafa óþrjótandi áhuga á heilsu, hreyfingu og mataræði




**Túrmerik rótin er talin:**
Vinna á gigt
Vinna á bólgum
Góð fyrir meltinguna

*Nýtt í Hagkaup*

**Turmeric drykkur**
Hristu, drekktu og njóttu

**Rauðrófusafi** inniheldur járn, C-vítamín, A-vítamín, níasín (B3) nauðsynleg steinefni á borð við kalíum og mangan. Inniheldur einnig fólat (B9) og því er hann einstaklega góður fyrir barnshafandi konur. Lækkar blóðþrýsting Verndar hjartað og eykur þol.




*Gott verð*
399 kr/stk

**Cawston press**
Allt náttúrulegt, ekkert þykkni

TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa




**CHI kókosvatn**
Aðeins 63 kaloríur í 330 ml.

TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa




**Lifestream fæðubótarefni**




**Himnesk hollusta**
Lífrænt ofurfæði

*Nýtt í Hagkaup*

TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa

**Lean Body**
Styður aukna brennslu, aukna orku, þyngdarstjórnun og minni matarlyst




**Amino Thrust**
Styður endurhleðslu vöðva, aukna orku og úthald, eykur súrefnisflæði

TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa




**Rapunzel álegg**
Hnetu og sesamsmjör

TILBOÐ
10%
afsláttur á kassa




**Lýsi Omega 3 liðamín**

TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa




**NOW** Framleiðir hágæða bætiefni án allra óæskilegra aukefna, svo sem litar-, bragð- og rotvarnarefna og ódýrra uppfylliefna

**Now vítamín og fæðubótarefni**

TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa



**GULI MIÐINN vítamín**

Gildir til 18. janúar á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

Reykjavíkurborg sættir sig ekki við úrskurð varðandi lögsögu í þjóðlendu:

# Stefnir Kópavogi vegna afréttar

**DÓMSMÁL** Reykjavíkurborg hefur stefnt Kópavogsbæ og krafist þess að dómstólar viðurkenni að Reykjavík en ekki Kópavogur fari með lögsögu í afrétti Seltjarnarneshrepps hins forna undir Bláfjöllum.

Í stefnu borgarinnar segir „að það leiði af eðli máls að lögsaga á þjóðlendu sem er á afréttarsvæði sveitarfélaganna þriggja, Reykjavíkurborgar, Kópavogsbæjar og Seltjarnarnesbæjar, verði hjá stærsta sveitarfélaginu“ sem er Reykjavík.


**HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ** Ofan við höfuðborgarsvæðið tekur við þjóðlenda þar sem óbyggðanefnd segir þrjú sveitarfélög eiga sameiginlegan afrétt en vera í lögsögu Kópavogs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þá segir að úrskurður óbyggðanefndar frá því í júlí í fyrra um að lögsagan sé hjá Kópavogi „byggi ekki á lögmætum sjónarmiðum og að ekki hafi verið tekið tillit til mikilvægra atriða“.

Vísað er allt aftur til ákvörðunar þáverandi félagsmálaráðherra árið 1948, um að afréttur Seltjarnarness færi undir Kópavog, sem óbyggðanefnd byggði á en Reykjavíkurborg heldur fram að ráðherrann hafi ekki verið bær til að taka.

- gar


**TRÚA Á VERKEFNIÐ** „Við sjáum fram á að þjónustan verði eins góð og best verður á kosið,“ segir Júlía Þorvaldsdóttir, sviðsstjóri á farþegaþjónustusviði Strætó. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Unnið út í eitt í símaveri Strætó

Vinnudagar starfsfólks í símaveri Strætó eru langir eftir að fyrirtækið tók við rekstri Ferðaþjónustu fatlaðra. Sviðsstjóri segir umræðuna hafa verið ósanngjarna.

**SAMGÖNGUR** Það er unnið út í eitt í símaveri Strætó. Vinnudagarnir hafa verið langir en þrátt fyrir álagið er stemningin góð, að sögn Júlíu Þorvaldsdóttur, sviðsstjóra á farþegaþjónustusviði Strætó.

„Við sjáum fram á að þjónustan verði eins góð og best verður á kosið og við erum sannfærð um að verkefnið er í bestu höndum sem völ er á,“ tekur hún fram.

Starfsmönnum við símsvörun hjá Strætó hefur verið fjölgað frá því að fyrirtækið tók við rekstri Ferðaþjónustu fatlaðra um áramótin. „Núna eru átta til tíu manns við símsvörunina og fleiri þegar mikið mæðir á. Það leggjast allir á eitt við að svara, bæði stjórnendur og aðrir. Við eigum ótrúlega góð samskipti við flesta farþega og forstöðumenn sambýla og heimila. En það hefur verið vegið verulega að okkar starfsfólki, bæði starfsfólki í þjónustuveri og bílstjórum Ferðaþjónustunnar. Umræðan hefur verið óvægin og ósanngjörn á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum,“ segir Júlía.

„Til þess að þjónustan verði sem best skiptir okkur máli að fá allar ábendingar til okkar frá fyrstu hendi, það er þeim sem sjálfir nota Ferðaþjónustu fatlaðra. Þannig getum við komið í veg fyrir að það sem fer úrskeiðis gerist aftur. Málin leysast ekki á Facebook eða í fjölmiðlum.“


**FERÐAÞJÓNUSTA** Meðalfjöldi hringinga á dag í þjónustuver Strætó hefur verið 980. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Verkefnin við símsvörun hafa fjórfaldast frá áramótum, að sögn Júlíu. „Einstaka viðskiptavinir Ferðaþjónustu fatlaðra eru stressaðir og upplifa þjónustuna verri en hún raunverulega er.

Meðalbiðtíminn í síma hefur hins vegar verið rúmlega tvær mínútur. Það mæddi mest á 5. og 6. janúar en símtölum hefur fækkað síðan þá.“

Júlía bendir á að aldrei verði komist hjá mistökum. „Við þurfum hins vegar að fá að vita milliliðalaust hver atvikin eru þannig að hægt sé að koma í veg fyrir að þau verði endurtekin. Við trúum hundrað prósent á þetta verkefni og hlökkum til samvinnu við farþega og starfsfólk Ferðaþjónustu fatlaðra.“

ibs@frettabladid.is









Mæði-visnuveirur
í íslensku sauðfé og tengslin við alnæmi

Vísindauppgötvanir á Íslandi tengdar veirusjúkdómum í sauðfé og mikilvægi þeirra fyrir skilning á alnæmisveirunni eru meginefni erindis sem **Halldór Þormar**, prófessor emeritus í frumulíffræði við Háskóla Íslands, flytur í **Hátíðasal Háskóla Íslands, þriðjudaginn 20. janúar nk. kl. 12.10**. Um er að ræða þriðja erindið í nýrri fyrirlestraröð á vegum Háskóla Íslands sem nefnist **Vísindi á mannamáli**.

Alnæmisveiran HIV fannst snemma á níunda áratug tuttugustu aldar í sjúklingum með forstigseinkenni alnæmis. Rannsóknir sýndu að HIV veldur sjúkdómnum og í ljós kom að veiran var svokölluð lentiveira, sú fyrsta sinnar tegundar sem fannst í mönnum. Nærri 30 árum áður höfðu veirur af þessum flokki fundist hér á landi í sauðfé við rannsóknir að Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Halldór Þormar, sem tók þátt í þessum tímamótarannsóknum, mun segja frá þeim í erindi sínu.

Halldór Þormar á að baki glæsilegan feril sem vísindamaður við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, sem prófessor í frumulíffræði við Háskóla Íslands og við rannsóknir í háskólum og rannsóknastofnunum víða um heim.

**Um fyrirlestraröðina**
Vísindi á mannamáli er ný fyrirlestraröð Háskóla Íslands sem efnt er til að frumkvæði Lífvísindasetsurs og Líffræðistofu Háskóla Íslands. Markmiðið er að varpa ljósi á það hvernig vísindamenn háskólans reyna að afhjúpa leyndardóma náttúrunnar og hvaða þýðingu vísindarannsóknir hafa fyrir daglegt líf fólks.

*Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.*

Nánari upplýsingar má finna á:
**www.hi.is/visindi_a_mannamali**

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE
HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 150154










30% af barnavörum
Íslensk hönnun



25-60% af barnafötum
100% hágæða bómull



30% af öllum púðum
Margar stærðir & gerðir

**Opnunartími**
laugardag

- Reykjavík 11-16
- Akureyri 10-17

Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 • Glerártorgi Akureyri • Sími 533 2220 • www.lindesign.is


**VERÐLAUNATILLAGA** Útilaug byggð við Sundhöllina.

Stækkun Sundhallarinnar:

## Lokahnykkur í hönnun hafinn

**ALMENNINGSÍÞRÓTTIR** Borgarráð hefur samþykkt að hafin verði fullnaðarhönnun á stækkun Sundhallarinnar í Reykjavík. Koma á fyrir 25 metra útilaug ásamt pottum utan við nýja viðbyggingu sunnan Sundhallarinnar. Áætlaður heildarkostnaður við mannvirkin er 1.520 milljónir króna. Fulltrúar bæði Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks sögðu að önnur hverfi í borginni ættu að vera í forgangi varðandi nýjar sundlaugar. - gar

Norskir vísindamenn eldast:

## Þriðji hver fer brátt á eftirlaun

**NOREGUR** Fjöldi vísindamanna eldri en 60 ára í háskólum í Noregi hefur næstum þrefaldast á tíu árum. Samtök vísindamanna gera ráð fyrir að þriðji hver þeirra, eða rúmlega 3.500, verði farinn á eftirlaun eftir tíu ár.

Formaður samtaka vísindamanna segir þörf á átaki vegna nýliðunar. Meiri rannsókna sé þörf í skólakerfinu, velferðarkerfinu og atvinnulífinu. Ríkið og stofnanir þurfi að taka höndum saman um að bjóða fastar stöður og spennandi störf. - ibs

# Bandarískar vörur hækka með sterkara gengi dollars

Gengi Bandaríkjadals hefur hækkað gríðarlega að undanförnu. Það var 120 krónur í október en 132 krónur í gær. Hækkunin gæti haft áhrif á verð ýmissa nauðsynja. Seðlabankinn heldur gengi krónu stöðugu á móti evru.

**VIÐSKIPTI** Bandaríkjadalur er tíu prósent dýrari í dag en hann var fyrir þremur mánuðum. Þann 16. október kostaði hann 120 krónur en í gær kostaði hann 132 krónur. Á einum mánuði, eða frá 16. desember, hefur hann hækkað um rúm sex prósent.

Regína Bjarnadóttir, forstöðumaður Greiningardeildar Arion banka, segir skýringuna á hækkun Bandaríkjadals aðallega vera þá að Seðlabankinn sé að halda gengi krónunnar stöðugu á móti evru og evran hafi ekki verið lægri í tíu ár á móti dollarnum. Lækkun evru gagnvart dollara hafi því áhrif á gengi krónu gagnvart dollara.

Regína segir að samkvæmt viðskiptavog Seðlabankans fyrir árið 2014 hafi hlutfall evru í vöruskiptum Íslendinga verið 38 prósent en hlutfall Bandaríkjadals var 12%. „Seðlabankinn er að reyna að halda gengisstöðugleika og á meðan langstærsti hluti utanríkisviðskipta okkar er í evrum, þá skiptir evran langmestu máli í gengisvísitölunni,“ segir Regína. Þess vegna sé kapp lagt á að halda gengi krónu stöðugu gagnvart evrunni.

„Það er verið að lækka hagvaxtarspár í Evrópu á meðan miklu meiri kraftur er í bandaríska hagkerfinu og það er endurspeglast í genginu þar á milli,“ segir Regína.

Hækkun dollara gæti haft áhrif á verð ákveðinna vara sem fluttar eru hingað inn. Ýmsar dagvörur sem seldar eru hér eru keyptar í Bandaríkjadölum og hugsanlegt að neytendur muni finna fyrir hækkuninni.

„Við kaupum slatta af vörum, morgunkorn og snakk, örbylgjupopp, ananas, rúsínur. Þannig að við erum svolítið stór dollaraheildsala. En morgunkornið vegur þyngst,“ segir Þorsteinn Gunnarsson, sölustjóri hjá heildversluninni Nathan & Olsen. Fleiri heildverslanir kaupa inn í dollurum, svo sem Innnes og Aðföng.

Þorsteinn segist vissulega finna fyrir styrkingu dollarans. „Heldur betur, hann hefur hækkað úr 111-12 frá miðju síðasta ári og upp í 130 rúmlega. Ég held að við höfum framkvæmt eina hækkun, um 4-5 prósent. Við erum að vakta og skoða og reyna að halda í okkur eins og hægt er. En það segir sig sjálft að það er ekki hægt endalaust,“ segir Þorsteinn.

jonhakon@frettabladid.is




**GÆTI HÆKKAÐ** Amerískt morgunkorn er á meðal þess sem er keypt frá Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR



**Seðlabankinn er að reyna að halda gengisstöðugleika og á meðan langstærsti hluti utanríkisviðskipta okkar er í evrum, þá skiptir evran langmestu máli í gengisvísitölunni.**

*Regína Bjarnadóttir, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka.*







**AFMÆLISGJÖF** Þeir sem verða fimmtugir á árinu fá skimunarpróf frá Bláa naglanum að gjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Um 4.000 einstaklingar fá gjöf frá Bláa naglanum:

## Fimmtugir á árinu fá skimun í afmælisgjöf

**SAMFÉLAGSMÁL** Á árinu 2015 mun Blái naglinn gefa öllum þeim sem verða fimmtugir á árinu afmælisgjöf. Gjöfin er skimunarpróf fyrir blóði í hægðum.

„Það eru 4.388 einstaklingar sem verða fimmtugir á árinu. Af þeim fá um 4.000 próf,“ segir Jóhannes Valgeir Reynisson, stofnandi Bláa naglans. Þeir sem merktir eru með bannmerki í símaskránni fá ekki slíka gjöf.

Prófin verða send út mánaðarlega til allra þeirra sem eiga afmæli í þeim mánuði. Fyrsti skammturinn, alls 287 próf, fór út í gær og 301 verður sent 1. febrúar.

Þann 1. febrúar verður heimasíðan krabbameinsleit.is sett í loftið þar sem fólk getur skráð hvort blóð finnist í hægðum þess eður ei.

„Niðurstöðurnar munu koma til okkar dulkóðaðar og órekjanlegar. Það er mikilvægt fyrir okkur að sjá hjá hve mörgum finnst blóð en þetta getur verið enn mikilvægara fyrir þá sem finna blóð í hægðunum og geta leitað sér aðstoðar í kjölfarið,“ segir Jóhannes.



**Það er mikilvægt fyrir okkur að sjá hjá hve mörgum finnst blóð en þetta getur verið enn mikilvægara fyrir þá sem finna blóð í hægðunum.**

*Jóhannes Valgeir Reynisson, stofnandi Bláa naglans.*

Alls greinast um 130 einstaklingar með ristilskrabbamein árlega og um fimmtíu látast. Jóhannes segir að með virkri fræðslu og forvarnarstarfi sé mögulegt að koma í veg fyrir um áttatíu prósent dauðsfallanna sé meinið greint fyrr en nú.

„Kostnaðurinn af þessu skiptir ekki máli sé litið til hagsmunanna sem eru í húfi. Ávinningurinn er margfalt meiri en kostnaðurinn,“ segir Jóhannes. - jóe



**Verð: 3.890.000 kr.**

**Mazda6 Vision** FHE21
Skráður maí 2013, 2,2TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn: 69.000 km. *Í ábyrgð*

BÍLADÍLL DAGSINS!
Hafðu samband strax!




**Tilboð: 2.990.000 kr.**

**Mercedes Benz E-Class 200** MAE68
Skráður október 2008, 1,8i bensín/metan, sjálfsk.
Ekinn 138.000 km.
Ásett verð: 3.890.000 kr.




**Tilboð: 7.190.000 kr.**

**Volvo XC60 Summum D4 AWD** ZHZ45
Skráður maí 2014, 2,4TDi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 32.000 km.
Ásett verð: 7.650.000 kr. *Í ábyrgð*




**Tilboð: 2.850.000 kr.**

**Kia Rio Ex** IVH19
Skráður apríl 2014, 1,4TDi dísil, beinskiptur.
Ekinn 5.400 km.
Ásett verð: 2.990.000 kr. *Í ábyrgð*

# NOTAÐIR BÍLAR
## MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ
*Gerðu betri bílakaup!*




**Tilboð: 3.890.000 kr.**

**Ford C-Max Titanium** DOX03
Skráður apríl 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 24.000 km.
Ásett verð: 4.080.000 kr. *Í ábyrgð*




**Tilboð: 3.690.000 kr.**

**Ford Kuga Titanium S** PHG38
Skráður desember 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfsk.
Ekinn 85.000 km.
Ásett verð: 4.130.000 kr.



**Verð: 2.570.000 kr.**

**Ford Mondeo Trend** JIN64
Skráður maí 2011, 1,6TDCi, dísil, beinskiptur
Ekinn 94.000 km

## FINNDU BÍLINN ÞINN
*Skoðaðu fleiri dæmi hér!*

## TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ
*SÝNDU OKKUR BÍLINN ÞINN OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF. ENGIN SKULDBINDING*

# NOTADIR.BRIMBORG.IS
Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.




**Tilboð: 2.790.000 kr.**

**Toyota Corolla Terra** PNT61
Skráður júní 2012, 1,6i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 29.000 km.
Ásett verð: 3.190.000 kr.




**Tilboð: 1.340.000 kr.**

**Ford Escape XLT** MZ601
Skráður maí 2007, 3,0i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 126.000 km.
Ásett verð: 1.490.000 kr.




**Tilboð: 590.000 kr.**

**Ford Focus Trend** AG521
Skráður ágúst 2005, 1,6i bensín, beinskiptur
Ekinn 183.000 km.
Ásett verð: 690.000 kr.




**Tilboð: 1.740.000 kr.**

**Citroën C3 Seduction** LDK77
Skráður maí 2013, 1,4TDCi dísil, beinskiptur
Ekinn: 54.000 km.
Ásett verð: 1.890.000 kr. *Í ábyrgð*




**Tilboð 2.950.000 kr.**

**Ford Focus Trend Edition** ORK29
Skráður nóvember 2013, 1,0i bensín beinskiptur.
Ekinn 16.000 km.
Ásett verð: 3.090.000 kr. *Í ábyrgð*




**Tilboð: 8.490.000 kr.**

**Volvo XC90 Momentum D5 AWD** EYG10
Skráður apríl 2012, 2,4Di dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 69.000 km.
Ásett verð: 9.090.000 kr.




**Tilboð: 1.590.000 kr.**

**Ford Explorer XLT 4x4** RA251
Skráður mars 2006, 4,0i bensín, sjálfsskiptur
Ekinn 151.000 km.
Ásett verð: 1.750.000 kr.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*



**PETTY HARBOUR** Sjávarútvegur er rótgróinn í Nýfundnalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/SVAVAR

D-Tech í útrás til vesturs:

## Íslensk tækni í Nýfundnalandi

**TÆKNI** Íslenska tæknifyrirtækið D-Tech setjur upp hreinsibúnað fyrir fiskvinnslu í Fogo Island Co-Operative Society í Nýfundnalandi. Verkefnið kom til eftir að fyrirtækið fékk 55.000 dala styrk frá sjávarútvegsráðuneyti landsins – eða vel rúmlega sjö milljónir íslenskra króna.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Íslenska sjávarklasanum, þar sem D-Tech er til húsa. Tækni D-Tech mun leiða til minni vatns- og efnanotkunar við þrif og lækka þannig rekstrarkostnað um leið og vinnsla verður hagkvæmari og umhverfisvænni. - shá

**STJÓRNSÝSLA**

### Aðstoðarmaður hættur

Margrét Gísladóttir, annar tveggja aðstoðarmanna Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra, hefur sagt starfi sínu lausu. Undanfarna mánuði hefur hún starfað í forsætisráðuneytinu með starfsheitið sérstakur ráðgjafi ráðherra. Hún segist síðar greina frá þeim verkefnum sem fram undan séu.

# Árið 2014 er heitasta árið frá upphafi mælinga 1880

Ekkert ár hefur mælst jafnheitt og árið 2014 frá því mælingar hófust árið 1880. Desember hefur sömuleiðis aldrei mælst hlýrri. Þetta staðfestir bandaríska sjávar- og loftslagseftirlitsstofnunin NOAA í nýrri skýrslu.

**LOFTSLAG** Árið 2014 var hlýjasta ár jarðar frá því mælingar hófust fyrir 135 árum. Meðalhitastigið, bæði á landi og sjó, var 0,69 gráðum yfir meðalhita tuttugustu aldarinnar. Níu af tíu heitustu árum þessa tímabils voru á þessari öld, samkvæmt því sem fram kemur í nýrri skýrslu bandarísku loftslagsmælingamiðstöðvarinnar NCDC, sem tilheyrir sjávar- og loftslagseftirliti Bandaríkjanna (NOAA).

Nýjar mælingar bandarísku geimferðastofnunarinnar NASA koma heim og saman við þetta, en áður höfðu bæði japanska veðurstofan og óháð stofnun við Kaliforníuháskóla í Berkeley einnig staðfest að 2014 væri hlýjasta ár jarðar frá því mælingar hófust.

Við þetta bætist að desembermánuður síðasta árs sé sá hlýjasti frá því mælingar hófust.

„Hnötturinn er hlýrri nú en hann hefur verið síðustu öldina og líklega í að minnsta kosti fimm þúsund ár,“ hefur AP-fréttastofan eftir loftslagsfræðingnum Jennifer Francis frá Rutgers-háskóla. „Minnstu efasemdir um að athafnir manna eigi þar hlut að máli eru að engu orðnar.“



**SVÆKJA** Miklir hitar voru í Las Vegas í Bandaríkjunum þann 1. júlí í sumar, þar sem þessi kona hafði þann starfa að standa úti á götuhorni með auglýsingaskilti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Meðalhiti jarðar á síðasta ári mældist 14,59 gráður, sem er eilítið hærra en árin 2010 og 2005 þegar meðalhitinn var 14,19 gráður. Þetta er sem sagt í þriðja sinn frá aldamótum sem hitamet er slegið, auk þess sem árið 2014 var 38. árið í röð sem árshitinn verður hærri en meðaltalshitinn til lengri tíma litið. Samkvæmt skýrslu NOAA má skýra hlýindin að mestu með því að hlýindi sjávar hafa verið óvenju mikil. Hlýindin hafa hins vegar einnig verið óvenju mikil á landi, því árið 2014 hafa hlýindi á landi verið einni gráðu meiri en meðaltal 20. aldarinnar.

Óvenju mikil hlýindi mældust austast í Rússlandi, í vesturhluta Bandaríkjanna, víða í Suður-Ameríku og Evrópu, í Norður-Afríku og hluta Ástralíu. Á einstaka stað reyndust kuldar meiri en venjulega, einkum í miðjum og austanverðum Bandaríkjunum.

gudsteinn@frettabladid.is

**➜ Hlýjustu árin**

| | |
|---|---|
| 1 | 2014 |
| 2-3 | 2010 |
| 2-3 | 2005 |
| 4 | 1998 |
| 5-6 | 2003 |
| 5-6 | 2013 |
| 7 | 2002 |
| 8 | 2006 |
| 9-10 | 2009 |
| 9-10 | 2007 |




# Gítarsmíði

**Lærðu að smíða Telecaster, Stratocaster, Jazz bass, P bass, SG eða Thinline frá grunni.**

**Kennari:** Gunnar Örn Sigurðsson gítarsmiður.

**Námskeið:** 22. janúar – 16. apríl 2015.
Kennt er tvö kvöld í viku kl. 17:30–22:00, alls 100 klst.

**Verð:** 190.000 kr. Allt tréefni er innifalið. Námskeiðið er styrkhæft hjá flestum fræðslusjóðum stéttarfélaga.

**Skráning og nánari upplýsingar:** Sími 514 9602
www.tskoli.is/gitar | endurmenntun@tskoli.is

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is


Maersk Oil bíður með ákvörðun um olíuborun:

## Olíudraumur að baki

**GRÆNLAND** Danska fyrirtækið Maersk Oil hefur ákveðið að bíða með ákvörðun um að bora eftir olíu undan strönd Grænlands. Jarðfræðistofnun Bandaríkjanna áætlar að allt að 50 milljarðar fata af olíu og gasi kunni að finnast í landgrunninu utan við Grænland. Olíurisarnir BP, Shell og Statoil hafa tekið þátt í leitinni að olíu auk Cairn Energy en árangur hefur verið lítill, að því er segir á vef Dagens Industri. London Mining var með áætlun um að grafa eftir járnmálmi fyrir norðan Nuuk en verðfall á málmi og ebóla meðal námumanna á vegum fyrirtækisins í Síerra Leóne kom því á kné.

Grænlendingar vonuðust til þess að þegar tekjur af olíu færu að streyma inn væri hægt að hefja viðræður við Dani um sjálfstæði. Andreas Uldum, fjármála- og auðlindaráðherra Grænlands, segir draumana um milljarðatekjur barnalega.



**VIÐ GRÆNLAND** Grænlendingar vonuðust til að olía og málmar myndu færa þeim milljarða í tekjur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fréttaveitan Bloomberg hefur eftir honum að þegar hann var kjörinn á þing, sem var árið 2009, hafi hann talið að milljarðatekjur af olíu- og málmvinnslu færu að streyma inn eftir eitt eða tvö ár. Sú hafi ekki orðið raunin. Hann segist ekki vita um neinn grænlenskan stjórnmálamann sem viðurkenni ekki að hafa átt þátt í að byggja upp loftkastala. - ibs


**RECHARGE**
ORKUSKOT



Enginn sykur, hitaeiningar eða kolvetni

20% afsláttur Gildir til 31. janúar.

**BODYFLEX**
FYRIR LIÐINA!



Bodyflex Strong er fæðubótarefni gegn stirðleika í liðamótum og styrkir heilbrigði burðarvefja líkamans.

20% afsláttur Gildir til 31. janúar.

**NÁTTÚRULEG SLÖKUN**



Þarftu að kljást við krampa, sinadrátt, svefnleysi eða hormónaójafnvægi? Betri slökun í amstri dagsins og á meðan þú sefur.

20% afsláttur Gildir til 31. janúar.

**BIOMEGA**
Biomega vítamínin eru fyrir alla fjölskylduna.



20% afsláttur af allri línunni. Gildir til 31. janúar.

Apótekið – einfalt og ódýrt

Spöngin • Hólagarður • Skeifan • Garðatorg • Setberg • Akureyri

www.apotekid.is


Vetrarupplifun
Mercedes-Benz 4MATIC sýning í dag kl. 12–16
Allir sjálfskiptir bílar frá Mercedes-Benz eru fáanlegir með 4MATIC aldrifskerfinu sem gerir vetraraksturinn öruggari og ánægjulegri. Kerfið er alltaf virkt og bregst strax við breyttum akstursaðstæðum, t.d. í mikilli úrkomu, ísingu eða snjó.
Komdu á 4MATIC sýninguna og upplifðu. Hlökkum til að sjá þig.
M-Class
Mercedes-Benz
ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi
Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“ á Facebook




## Uppáhaldstími ársins er núna.

VW Tiguan R-Line kemur drekkhlaðinn af þægindum með vetrardekk, dráttarkrók, Webasto bílahitara, fjarlægðarskynjara með bílastæðaaðstoð, bakkmyndavél, leiðsögukerfi o.fl. Taktu skrefið til fulls með Tiguan R-Line.




## Fremstur meðal jafningja.

Volkswagen Golf kom fyrst á markað 1973 og hefur selst í 30 milljónum eintaka. Viðtökurnar við sjöundu kynslóðinni sýna, svo ekki verður um villst, að Volkswagen Golf er fremstur meðal jafningja.




## Volkswagen Up! leynir á sér.

Hvergi er gefið eftir í kröfum um aksturseiginleika, gæði né öryggi í VW Up! Því til sönnunar er einróma hrós bílablaðamanna um allan heim og 5 stjörnu einkunn í árekstrarprófunum EuroNcap.




## Framtíðin er á uppleið með fyrsta Volkswagen rafbílnum.

Við kynnum fyrsta meðlim Volkswagen fjölskyldunnar sem gengur eingöngu fyrir rafmagni. Komdu og skoðaðu þetta netta tækniundur.




## NÝR E-GOLF

## Rafmagnaður í alla staði.

Með e-Golf stígur Volkswagen skrefinu lengra með vinsælu Golf fjölskylduna. Skiptu yfir í framtíðina með rafmögnuðum e-Golf.

**Opið í dag klukkan 12-16.**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

www.volkswagen.is




Það eru svo margar ástæður fyrir því að eignast Volkswagen. Ein sú helsta er að maður hreinlega fellur fyrir honum. **Komdu við í HEKLU í dag milli kl. 12 og 16** og heilsaðu upp á Volkswagen fjölskyldumeðlimina.
Þeir hlakka til að sjá þig.

Das Auto.

Frostaveturinn 2015 skellur á innan skamms:

# Eru allar krónur jafn hættulegar?

Getur verið að þeir peningar sem koma frá launafólki séu hagkerfinu hættulegri en þeir peningar sem koma annars staðar frá, til dæmis frá atvinnufyrirtækjum eða því opinbera? Getur verið að launafólk beri meiri ábyrgð á að viðhalda stöðugleika og lágri verðbólgu en allir aðrir? Öllum lifum við í sama hagkerfi.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri hefur lagt línurnar. Laun mega ekki hækka um meira en fjögur prósent að hámarki og innan þeirra marka verða svo einstakir launþegar að berjast um hver fær hvað. Læknar, kennarar og einstaka aðrir eru búnir að tryggja sér stórar sneiðar. Að sama skapi verður minna eftir fyrir aðra, samkvæmt boðum Más Guðmundssonar.



**Sigurjón Magnús Egilsson**

sme@frettabladid.is

Er nokkuð að marka alla þessa svartsýni um að launahækkun til almenns launafólks setji hér allt á annan endann? Í hinni einföldustu mynd skipta eigendur fyrirtækja og starfsfólk milli sín því sem afgangs verður í rekstrinum. Eru til rök sem benda til að hlutur starfsmanna kyndi undir verðbólgunni, ógni stöðugleika, en ekki sá hlutur sem eigendur fyrirtækjanna halda eftir? Hvað verður um þann hluta, þá peninga? Hverfa þeir úr hagkerfinu? Auðvitað ekki, þeir peningar auka þenslu rétt eins og peningar launafólks. Mætir menn hafa reiknað þetta og komist að þessari niðurstöðu. Því er rangt að hræða fólk með öðru.

Fram undan er frostavetur í kjarabaráttu. Það verður barist. Þau okkar sem munu verjast hafa hafið vörnina. Nýjasti steinninn í varnarmúrinn var framlag Guðna Ágústssonar í grein í Morgunblaðinu í gær. Þau sem sækja eru illa undirbúin. Flestir samningar renna sitt skeið innan örfárra vikna og því eru átökin handan við hornið. Um þetta eru allir sammála, það verður barist. Guðni Ágústsson segir bjart fram undan og nefndi margt sem hefur tekist vel. Um það ætlar enginn að berjast. Það er ríkuleg krafa um að laun á Íslandi séu ekki einatt langt frá launum á öðrum Norðurlöndum, fólk vill ekki borga meira af lánum sínum, vera lengur að eignast heimili sín, vinna lengri vinnudag, hafa skemmri tíma með börnum sínum, borga meira fyrir matinn sinn, það vill að staðið verði við fyrirheit og það vill ekki ekki sí og æ vera sakað um að bera ábyrgð á að hér ríki óstöðugleiki, þegar ábyrgðin á honum liggur svo sannarlega frekar á öðrum stöðum, í öðrum húsum og hjá öðru fólki.

Guðni Ágústsson skrifar: „Við skulum vanda okkur sem þjóð og forðast pyttina á leiðinni til bættra lífskjara, þeir eru margir. En mér sýnist að vel horfi í landinu okkar að segja ef þjóðin og hinar stóru hreyfingar fólksins, verkalýðshreyfingin og atvinnulífið, með samstöðu fylgja þessum árangri eftir. Stjórnmálamennirnir gera það ekki einir en góð þjóðarsátt er grundvöllur að árangri, um það vitnar sagan.“ Sennilega á að lesa þetta á þann veg að fólk verði enn og aftur að sitja eftir, langt frá því sem gerist í næstu löndum.

„Stjórnmálamennirnir gera það ekki einir,“ skrifaði fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins. Guðni, kanntu annan?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




Landvarðanámskeið

Skemmtileg störf í náttúru Íslands

12. febrúar til 8. mars

Kennt er um helgar og á kvöldin á virkum dögum, sjá nánar á umhverfisstofnun.is

Námskeiðið spannar tæpar 100 klst og megin umfjöllunarefni er

» Landverðir, helstu störf
» Náttúruvernd og stjórnsýsla náttúruverndarmála
» Verðmæti friðlýstra svæða, náttúra, menning og saga
» Gestir friðlýstra svæða, þjónusta, samskipti og hagsmunaaðilar
» Náttúrutúlkun, fræðsla á friðlýstum svæðum
» Vinnustaður landvarða
» Öryggisfræðsla
» Verndaráætalnir, mat á gildi verndarsvæða

Umhverfisstofnun auglýsir námskeið í landvörslu. Námskeiðsgjald er kr. 155.000. Námskeiðið hefst 12. febrúar og lýkur 8. mars. Kennt er um helgar og á kvöldin á virkum dögum. Hluti námskeiðsins verður kenndur í fjarkennslu.

Umsóknum skal skilað bréflega til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík eða í tölvupósti á netfangið **ust@ust.is** fyrir 30. janúar. Í umsókn komi fram **nafn, kennitala, heimilisfang, stutt ferilskrá, sími og netfang**. Skilyrði er að umsækjendur séu fæddir 1995 eða fyrr. Dagskrá námskeiðsins má finna á heimasíðu stofnunarinnar **www.umhverfisstofnun.is** og nánari upplýsingar veitir Jón Björnsson hjá Umhverfisstofnun í gegnum netfangið **jonb@ust.is**

**Þátttaka í námskeiðinu veitir landvarðaréttindi.**

## SPOTTIÐ




MÍN SKOÐUN: PAWEL BARTOSZEK

## Pælt í afnámi jafnréttis



Tjáningarfrelsið er ekki rétturinn til að segja hvað sem er án þess að nokkur andmæli því. Í stjórnarskránni segir: „Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi.“ Síðan tilgreinir stjórnarskráin nokkur afmörkuð undantekningartilvik þar sem heimilt er að setja tjáningarfrelsinu skorður.

Þingmenn og aðrir mega hafa heimskulegar skoðanir og viðra þær. En þær hugmyndir sem ekki er hægt að rökstyðja með öðru en réttinum til að hafa þær eru veikar. Menn starfa sjaldnast umræðu umræðunnar vegna. Ef einhver spyr hvort ekki eigi að bakgrunnstékka alla múslima þá er það líklegast vegna þess að honum þykir það hugmynd sem er þess virði að skoða. En það er auðvitað vond hugmynd.

Aðeins að öðru. Eftir því var tekið á Íslandi að enginn háttsettur íslenskur stjórnmálamaður var viðstaddur samstöðugöngu í París sem haldin var vegna árásarinnar á skopmyndablaðið Charlie Hebdo. En það var önnur fjarvera sem vakti líka athygli. Það var fjarvera Angelu Merkel og annarra kvenkyns þjóðarleiðtoga á fréttamyndum ísraelsks dagblaðs.

Blaðið virðist hafa myndað sér þá stefnu að þótt sköpunarverkið kunni að vera fullkomið að nafninu til þá þurfi það, rétt eins og margar ofurfyrirsætur, aðstoð myndvinnsluforrits til þess að geta birst á prenti. Leiðtogakonurnar voru því klipptar út.

## Vanvirtar með þögninni

Öfgamönnum sumra trúarbragða virðist illa við að fólk sjái myndir af konum. Ritstjóri Charlie Hebdo hafði ratað á dauðalista Al-Kaída samtakanna sem birtist í enskumælandi blaði á þeirra vegum. Þar voru myndir af honum og nokkrum öðrum karlmönnum. Konurnar tvær á listanum, Ayaan Hirsi Ali og Molly Norris, voru listaðar án mynda.

Það er auðvitað eitthvað afskaplega ljótt við þá afstöðu að birta ekki myndir af helmingi mannkyns. Það er eitthvað mjög sérstakt stig af fyrirlitningu að neita að viðurkenna að manneskjan sem maður fyrirlítur sé í raun til. Eða að hún eigi í það minnsta ekki að sjást gera nokkuð sem máli skiptir til að öðrum sé erfiðara að taka sér hana til fyrirmyndar.

Það er dapurt að fólk gefi út blöð sem birta ekki myndir af konum þótt við verðum víst að lifa við það að slík blöð séu gefin út. Prentfrelsið á víst að tryggja rétt fólks til þess að gera hluti sem mörgum er illa við. Til dæmis með því að birta aðeins myndir af körlum í fötum eða konum án þeirra.

Ef mönnum er illa við sumt af því sem er prentað þá mega þeir andmæla því kröftuglega. En ef menn vilja með lögum banna öðru fólki að birta hluti sem þeim sjálfum mislíkar þá er það verra mál. Ef einhver vill svo beinlínis upp á eigin spýtur meiða einhvern vegna einhvers sem hann segir eða skrifar þá er það algerlega óásættanlegt.

## Rót okkar stefnu

Eflaust eru þeir til sem munu halda því fram að atburðirnir í París afhjúpi á einhvern hátt meintan barnaskap þeirra sem vilja til dæmis standa vörð um rétt múslima til að reisa sér bænahús. Þeir munu segja að ákveðin hugmyndafræði hafi valdið því að menn réðust inn á skrifstofur skopmyndablaðs og drápu þar fjölda manns. Þeir munu segja að þessi hugmyndafræði eigi rætur í íslam. Þeir munu spyrja hvort fólk vilji að eitthvað svona gerist á Íslandi.

En fyrst við tölum um hugmyndafræði þá er ágætt að rifja upp okkar hugmyndafræði. Hugmyndafræði okkar sem segjumst vera stuðningsmenn frjálslynds vestræns stjórnarfars.

Rifjum upp jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“ Ég held að það sé ágætt að festa allar skoðanir sínar í jafnréttisákvæðinu og öðrum sígildum mannréttindaákvæðum. Allar hugmyndir um boð og bönn verða að skoðast í þeirra ljósi. Þess vegna eru nýlegar vangaveltur þingmanns um sérstakt bakgrunnstékk á múslimum vondar. Þess vegna var kosningabarátta þeirra sem vildu ekki að múslimar reistu sér mosku ógeðfelld. Þótt einhverjir deili einni bakgrunnsbreytu með fólki sem fremur voðaverk þá tryggir okkar stjórnarfar það að þeir einir svari til saka fyrir voðaverkin sem þau sannarlega fremja.

Allar hugmyndir sem fela það í sér að við þyrftum að afnema jafnrétti til að koma þeim í framkvæmd eru einskis nýtar.

**FRÉTTABLAÐIÐ** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

ÚRVAL ÚTSÝN

## MALLORCA

Fjölskylduparadís: dagflug, góð hótel, barnaklúbbar og steinsnar frá hinni dásamlegu borg Palma.

NETVERÐ FRÁ **79.900 KR.**
mv. 2+3 APARTMENTOS VISTA CLUB***
26. maí–2. júní



## TENERIFE

Eitthvað fyrir alla. Fjölbreytt úrval gististaða, afþreying, stórkostlegur dýragarður og einstakur vatnsrennibrautagarður.

NETVERÐ FRÁ **89.900 KR.**
mv. 2+2 AQUAMAR***
27. maí–3. júní



## BENIDORM

Fyrir þá sem eru í leit að fjörugu strand- og næturlífi. Fallegar strendur og einstakir vatnsrennibrauta- og skemmtigarðar.

NETVERÐ FRÁ **79.800 KR.**
mv. 2+2 GEMELOS XXII***
21. maí–2. júní



## ALBÍR

Fyrir fjölskyldur sem kjósa rólegheit í friðsælum bæ þó fjörið á Benidorm sé alltaf skammt frá.

NETVERÐ FRÁ **87.900 KR.**
mv. 2+2 COSTA ENCANTADA****
22.–30. maí



## ÍTALSKA RIVÍERAN

SÉRFERÐ

**6.–13. júní.** Margrómaðar perlur Lígúríu og Toskana kannaðar.

NETVERÐ Í TVÍBÝLI **239.500 KR.**
Fararstjóri:
Ágústa Sigrún Ágústsdóttir



## COSTA BRAVA

Sameinar strönd og borg enda skammt frá Barcelona. Kjörinn staður fyrir pör og fjölskyldur sem vilja slaka á og drekka í sig spænska menningu.

NETVERÐ FRÁ **85.700 KR.**
mv. 2+2 LA COLINA***
19.–26. maí



## VALENCIA

BORGARFERÐ

**1. – 5. apríl.** Skoðaðu hina einstaklega fallegu borg sem oft er kölluð „Litla Barcelona".

NETVERÐ Í TVÍBÝLI **109.900 KR.**
Fararstjóri:
Ása Marin Hafsteinsdóttir
og Einvarður Jóhannsson



## ALMERÍA

Fjölskylduvænn staður, hagstætt verðlag og allt það besta sem spænsk menning hefur upp á að bjóða.

NETVERÐ FRÁ **87.500 KR.**
mv. 2+2 ARENA CENTER****
16.–23. júní



## SLÓVENÍA

SÉRFERÐ

**7. – 15. ágúst.** Sumar og sæla í Mið-Evrópu. Litla fallega landið sólarmegin í Ölpunum.

NETVERÐ Í TVÍBÝLI **217.500 KR.**
Fararstjóri:
Ása María Valdimarsdóttir



# SUMAR 2015

STRÖND, SÓL, BORG, SIGLING, AFÞREYING, ÍÞRÓTTIR, GOLF OG SÉRFERÐIR.

VELDU STUND OG STAÐ – VIÐ SJÁUM UM ALLT ANNAÐ

Innifalið í verði hjá Úrvali Útsýn er flug, gisting, íslensk fararstjórn, flugvallaskattar, 20 kg ferðataska og handfarangur.

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is

Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og stafabrengl.

# HELGIN



**María Heba Þorkelsdóttir, leikkona**

### Hvílir sig í faðmi fjölskyldunnar

Helgina ætla ég að nota til þess að hvíla mig í faðmi fjölskyldunnar eftir mikla frumsýningartörn. Ég var að frumsýna nýtt íslenskt verk, Ekki hætta að anda, í Borgaleikhúsinu á fimmtudaginn. Annars ætla ég á sunnudaginn að fara á fjölskyldudaga í Kaplakrika með FH-ingunum ásamt börnunum mínum og leika í einni sýningu á sunnudagkvöldið.



**Stefán Karl Stefánsson, leikari**

### Tekur til í gömlum gögnum

Ég ætla aðallega að taka til og þá ekki síst að taka til í gömlum gögnum og þá helst í tölvunni. Svo ætla ég að taka til í ferðatöskunni fyrir næsta ferðalag.



**Brynja Þorgeirsdóttir, sjónvarpskona**

### Skipulagshelgi með sonunum

Ég er nú bara ekki að fara að gera neitt sérstakt. Þetta verður rólegheitahelgi með sonum mínum, mér finnst líklegt að við bröllum eitthvað skemmtilegt saman. Svo ætla ég að klára að endurskipuleggja bókasafnið hérna heima.



**Kristján Þór Jónsson, plötusnúður og pítsamaður**

### Heldur á hótel með konunni

Ég náði að redda öðrum til þess að spila fyrir mig um helgina þannig ég er að fara á hótel með konunni. Verð svo á Pizza 67 á sunnudaginn, úthvíldur.

## FARÐU HORFÐU HLUSTAÐU LESTU…



**… OG LÆRÐU** að búa til snjóskúlptúra í Listagilinu á Akureyri. Jóna Hlíf Halldórsdóttir og Brynhildur Kristinsdóttir eru þar með slíka smiðju í dag milli klukkan 13 og 16 í tengslum við sýningu í Listasafninu.



**Á WHIPLASH** í Bíó Paradís við Hverfisgötu sem tilnefnd er til Óskarsverðlauna og JK Simmon hlaut Golden Globe-verðlaun fyrir leik sinn í.

**YAHYA HASSAN** ljóð eftir samnefndan palestínskan höfund í þýðingu Bjarka Karlssonar úr dönsku.







**Á PLÖTUNA** Tuttugu og sjö sem Teitur Magnússon, annar söngvari Ojba Rasta, gaf út í lok síðasta árs.



**SEGJA JÓGA VERA LÍFSSTÍL** Eva (Riddhi) og Erna (Siddhi) vilja miðla áfram því fallega jóga sem þeim hefur verið gefið og þær hafa lært af indverskum gúrú. Þær segja að hreint jóga sé andleg leið og við það öðlist maður þá gjöf að tengjast alheimsviskunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sameina jóga og myndlistina

Eva og Erna hafa verið í læri hjá indverskum gúrú í átta ár og ætla að miðla af reynslu sinni til Íslendinga.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is

Tvíburasysturnar Eva og Erna Sigurðardætur hafa opnað Yogastudio Pooja þar sem þær sameina tvær ástríður í lífi sínu, myndlist og jóga. „Pooja þýðir ást eða tilbeiðsla, og er tilvísun í bhakti-jóga sem er okkar sérstaða. Það er leið hjartans, leiðin heim til að tengjast eigin sál," segir Eva. „Við kennum fólki aðferðir til að vinna með eigin líkama, huga og egó svo öll upplifun og áhrif af jógaástundun inni nýtist í andlegu og daglegu lífi. Með því að tengjast betur hjartanu komumst við í dýpri tengsl við lífsorkuna og öðlumst dýpri tengsl við okkur sjálf, annað fólk og umhverfi."

Systurnar eru báðar með indverskan gúrú sem þær hitta nokkrum sinnum á ári og hafa verið nemendur hans í átta ár. Hann gaf þeim þeirra andlegu nöfn, sem eru Riddhi og Siddhi. „Öll kennsla sem við ætlum að miðla byggir á því sem okkar gúrú hefur kennt okkur. Einnig munum við notfæra okkur bakgrunn okkar og þekkingu í myndlist og bjóða upp á sérnámskeið í jóga og myndlist," segir Erna en þær eru báðar menntaðar myndlistarmenn. „Við munum kenna myndlist í gegnum jóga og jóga í gegnum myndlist."

Fyrir Evu og Ernu er jóga lífsstíll. „Við erum á andlegri leið og langar að miðla til annarra því fallega jóga sem okkur hefur verið gefið. Því ákváðum við að opna stúdíóið," segja systurnar að lokum en námskeið og opnir tímar hefjast strax eftir helgi.

> **Öll kennsla sem við ætlum að miðla byggir á því sem okkar gúru hefur kennt okkur.**
> *Erna G. Sigurðardóttir*

> **Með því að tengjast betur hjartanu komumst við í dýpri tengsl við lífsorkuna.**
> *Eva G. Sigurðardóttir*

# Galdurinn er að sjóða kjúklingabaunirnar

Íris Hera gefur uppskrift að hummus sem fer vel í magann, er góður á salat og tilvalinn í nestisboxið.

Íris Hera Norðfjörð Jónsdóttir, súpumeistari og eigandi lífræna veitingahússins Kryddlegin hjörtu, gefur uppskrift að hummus. Hún segir mikilvægt að nota réttar baunir. „Ekki nota baunir úr dós eða krukku. Lögurinn sem þær liggja í myndar svo mikið loft í líkamanum og eru margir sem borða ekki baunir vegna þessa. En baunir eru frábær próteinbomba fyrir líkamann og því synd að sleppa þeim úr mataræðinu.

**Hummus**
- 300 g soðnar kjúklingabaunir
- 3 msk. tahini-sesammauk
- 2 msk. lime-safi
- 4 jalapeñoskífur og smá af safanum
- 1 tsk. kúmen
- 3 hvítlauksrif
- 2 msk. ólífuolía
- 3 msk. repjuolía
- Smá skvetta af hreinum appelsínu- eða ananassafa
- 2-3 tsk. grænmetiskraftur eða Himalajasalt eftir smekk

Hvítlaukur, jalapeñoskífur og smá jalapeñovökvi sett í matvinnsluvél. Hrært saman og síðan baunirnar, tahini bætt út í og hrært. Svo er restin hrærð saman við og hummusinn er tilbúinn.



**HUMMUS** Íris Hera mælir ekki með baunum úr dós eða krukku.




BOSS
HUGO BOSS
BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242

herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410

# Riiiiiisa ÚTSALA

furninova · S.O.U.L SPIRIT OF ULTIMATE LIFESTYLE · woodpoint · IDdesign · LA-Z-BOY · HJORT KNUDSEN · CONFORM · skovby · Broyhill

## OREGON HORNTUNGUSÓFI



ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR

Hægri- eða vinstri tunga

Stærð: B:310 D:240 H:88 cm
Dökkgrátt áklæði.

**265.993**
FULLT VERÐ: 379.990

## OREGON TUNGUSÓFI



ÚTSALA 25% AFSLÁTTUR

Stærð: B:240 D:153 H:88 cm Dökkgrátt áklæði.

**149.993**
FULLT VERÐ: 199.990

Hægri- eða vinstri tunga

## DURANGO U-SÓFI



ÚTSALA 40% AFSLÁTTUR

Hægri- eða vinstri tunga

Stærð: 292 x 160 cm. H: 70 cm.
Svart, bundið leður.

**179.994**
FULLT VERÐ: 299.990

## AVIO TUNGUSÓFI



ÚTSALA 40% AFSLÁTTUR

Stærð: 268 x 162 cm. H: 82 cm.
Slitsterkt grátt áklæði.

**131.994**
FULLT VERÐ: 219.990

## LARAMIE SÓFAR OG STÓLL



ÚTSALA 20% AFSLÁTTUR

3 SÆTA SÓFI
**167.992**
FULLT VERÐ: 209.990

2 SÆTA SÓFI
**159.992**
FULLT VERÐ: 199.990

STÓLL
**135.992**
FULLT VERÐ: 169.990

Sófasett microfiber áklæði. Stærð: 2 sæta sófi 170x95 H:95 cm.
3 sæta 220x95 H:95 cm. Stóll 110x95 H:95 cm.

LA-Z-BOY
*líklega besta sæti í heimi!*

**104.993**
FULLT VERÐ: 149.990



ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR

**EMPIRE** La-z-boy stóll. Svart leður. B:80
D:70 H:102 cm. Einnig til í áklæði,
fullt verð: **79.990** – útsöluverð: **55.993**.

## IBIZA ELDHÚSBORÐ



ÚTSALA 25% AFSLÁTTUR

Eik og hvítt með hvítum fæti

**37.492**
FULLT VERÐ: 49.990

Vandaðir og fallegir
kertaarnar.
Fáanlegir í nokkrum
gerðum bæði
viðarlitir og hvítir.

**21.995**
FULLT VERÐ FRÁ: 43.990



ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • **OPIÐ** Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17 O

# ÚTSALA

# Í FULLU FJÖRI

# ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

IW home&table · Pou Pava · by nord · VIDIVI Vetri delle Venezie · IT'S ABOUT RoMi® · nuance · Bloomingville · södahl · S.O.U.L SPIRIT OF ULTIMATE LIFESTYLE · Rosti mepal · broste COPENHAGEN · bodum®

## EDWARD TUNGUSÓFI



ÚTSALA 25% AFSLÁTTUR

307.492

FULLT VERÐ: 409.990

Steingrátt slitsterkt áklæði.
Dúnbólstrun.
Stærð: 275 x 163 H: 85 cm.

## VESTA TUNGUSÓFI



ÚTSALA 25% AFSLÁTTUR

299.993

FULLT VERÐ: 399.990

Hægri- eða vinstri tunga

Stærð: 295 x 160 cm. H: 80 cm. Slitsterkt áklæði. Hátt bak.
Dúnfylltur. Einnig fáanlegur í leðri.

## BRIGHTON SÓFI



ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR

BRIGHTON 3 SÆTA SÓFI
223.993
FULLT VERÐ: 319.990

BRIGHTON 2 SÆTA SÓFI
188.993
FULLT VERÐ: 269.990

Vandað svart leður. Stærð: 3ja 204 x 80 cm. 2ja sæta 150 x 80 H: 77 cm.

## KATO HORN-TUNGUSÓFI

Hægri- eða vinstri tunga (hægri tunga á mynd)



ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR

244.993

FULLT VERÐ: 349.990

Ljós- og dökk-grátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 320 x 223 cm. Tunga: 163 H: 81 cm.
Hnakkapúðar seldir sér.

## CROSS BORÐ



Þverm: 50 cm

ÚTSALA 40% AFSLÁTTUR

Cross borð
Ferköntuð og hringlaga.
Margir litir.

Stærð: 50x50 cm

7.194

FULLT VERÐ: 11.990



11.192

FULLT VERÐ: 13.990

**SYLVESTER**
borðstofustólar.
Margir litir.
Með krómlöppum

ÚTSALA 20% AFSLÁTTUR



## MARCUS ELDHÚSSTÓLL

Margir litir

5.593

FULLT VERÐ: 7.990

ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR



ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR

## AROS BARSTÓLL

Hvítur, grár og turkis

7.995

FULLT VERÐ: 15.990

# HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili

G Dalsbraut 1 • Akureyri **OPIÐ** Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 **EITT SÍMANÚMER** 558 1100

# Vildi afneita uppruna sínum

**Ahd Tamimi** fæddist í Jerúsalem og flúði til Íslands fjögurra ára gamall með fjölskyldu sinni. Í kjölfar hryðjuverkaárásar á tvíburaturnana í New York var hann lagður í gróft einelti sem hann er enn að vinna úr. Á svipuðum tíma var Ahd að uppgötva samkynhneigð sína. Svo þung var líðan hans að hann íhugaði að taka eigið líf. Nú hefur verið framið ódæði í nafni Íslamstrúar en Ahd segir samfélagið hafa breyst með stækkandi hópi víðsýns fólks sem falli ekki í pytt fordóma.

**Kristjana Björg Guðbrandsdóttir**
kristjanabjorg@frettabladid.is



Ahd er á gangi um götur London þegar blaðamaður hefur samband við hann. Hann heldur snjallsímanum á lofti og gengur hröðum skrefum um Islington-hverfi. Hann er fluttur til borgarinnar, nýútskrifaður leikari og leitar sér tækifæra. Hann er á leiðinni í atvinnuviðtal, vantar aukavinnu. „Mig vantar eiginlega líka íbúð,“ segir hann sposkur. Það er hark að taka fyrstu skrefin í leiklistarbransanum í London en hann álítur að tækifærin séu fleiri í stórborginni. „Hér eru meiri líkur á hlutverkum fyrir leikara sem er dökkur á hörund. Það er enginn rasismi viðloðandi íslenskan bransa, hann er einfaldlega bara lítill.“

Ahd flúði til Íslands frá Jerúsalem árið 1995 með móður sinni og fjórum systkinum. Móðir hans Amal Tamimi, flúði ofríki og ofbeldi þáverandi eiginmanns síns. „Ég man að þetta var um miðja nótt og mamma sagði við okkur að hún ætlaði að fara með okkur til systur sinnar. En allt í einu vorum við komin á flugvöllinn. Mamma var alveg á taugum, skalf úr hræðslu, ég tók sjálfur aðeins eftir því en var auðvitað of lítill til að skilja hvers vegna. Hún var hrædd um að við yrðum handsömuð og færð aftur heim og hafði ríka ástæðu til að óttast um líf sitt.“

### Sá snjó í fyrsta skipti

Ahd gerir örstutt hlé á frásögninni. Hann vill taka það fram að móður sinni sé umhugað um að hann tali um föður sinn af virðingu. „Hún vill að ég muni að þótt að hann hafi verið slæmur eiginmaður, þá hafi hann ekki endilega verið slæmur faðir. Mamma hafði þolað heimilisofbeldi í 17 ár og reynt að flýja áður. Hún fór án okkar til Íslands, buguð af ofbeldinu. Hún sneri aftur og ætlaði að þola ofbeldið til að geta verið með okkur. Það gerði hún, allt þar til faðir minn lagði hendur á systur mína. Þá varð mælirinn fullur.“

Móðir Ahds bað bróður sinn, Salmann Tamimi, um aðstoð. Hann var búsettur á Íslandi með fjölskyldu sinni og var meira en tilbúinn til þess að koma systur sinni til hjálpar. Ahd segir undirbúning að flóttanum hafa tekið tvær vikur. Sá tími hafi farið í að undirbúa komu fjölskyldunnar til Íslands og að flytja föt og persónulega muni í laumi frá heimilinu. Koman til Íslands er ógleymanleg. Ahd sá snjó í fyrsta skipti og í huga fimm ára gamals drengs hljómaði íslenskt tungumál framandi.

„Frændi minn Salmann Tamimi tók á móti okkur á flugvellinum og það urðu fagnaðarfundir. Ég hafði aldrei séð snjó áður og nú keyrðum við í gegnum hvítar og skærar snjóbreiður. Með í för var lítill frændi minn sem talaði íslensku og ég hugsaði með mér að svona ætti fólk nú ekki að tala,“ segir Ahd og hlær.

Fjölskylda Ahds bjó í íbúð frænda hans um tíma. Þau gistu í kojum og fyrstu kvöldin var stundum grátið. „Auðvitað söknuðum við pabba. Þetta var erfitt.“

### Borðuðu á gólfinu

Fyrsta heimili fjölskyldunnar var á Álfhólsvegi í Kópavogi. Fyrsta daginn sat fjölskyldan í húsgagnalausri íbúð og borðaði brauð með smjöri á gólfinu. Nágrannar þeirra reyndust þeim vel, gáfu þeim húsgögn og ▶





**LÍTILL DRENGUR Í NÝJU LANDI** Ahd gekk vel í skóla en skugga bar á þegar hann varð fyrir grófu einelti í Hjallaskóla. Eineltið var verst í kjölfar hryðjuverkaárása í New York. MYND/GDPHOTOARTS


Kjörís
NÝTT
Mjúkís
Ís ársins 2015
Komdu þér í mjúkinn
Mjúkís ársins 2015 er kominn í verslanir. Sannkallaður sælkeraís
með dúnmjúku súkkulaði og stökkum salthnetum sem bragð er af.
Verði ykkur að góðu.
Brandenburg

# MYNDIR ÚR LÍFI AHD



**LEIÐ ILLA Á UNGLINGSÁRUM** Einelti í grunnskóla og þungar áhyggjur af samkynhneigð fengu á Ahd. Hann íhugaði að svipta sig lífi.



**LEITAR TÆKIFÆRA** Ahd er leikari að mennt og leitar tækifæra. Hann lék í sænskri útgáfu af Rómeó og Júlíu á síðasta ári.



**Á STRÖNDINNI** Fjölskylda Ahds á strönd í Tel Aviv.



**MEÐ SYSTUR OG MÓÐUR** Ahd með yngri systur sinni, Bissan, og móður sinni, Amal.



**HEIMILIÐ Í JERÚSALEM** Hér bjó fjölskyldan fyrir flóttann.



**FORELDRAR AHDS** Móðir Ahds bar þá von í brjósti að hjónabandið blessaðist. Það gerði það ekki.

▶ aðstoðuðu þau við að ná áttum í nýju hverfi í nýju landi.

„Við áttum ekki neitt í fyrstu. Mamma sendi systkini mín út í búð og við borðuðum brauð með smjöri á gólfinu. Nágranni okkar, eldri maður og íbúi í húsinu, gaf okkur húsgögn og reyndist okkur að öllu leyti mjög vel. Þótt þetta hafi verið svona þá man ég ekki eftir því að hafa verið svangur eða hafa átt minna en önnur börn á leikskólanum.

Ahd hóf skólagöngu sína á leikskóla fljótlega eftir komu fjölskyldunnar til landsins. Þar lærði hann fyrstu orðin í íslensku og á góðar minningar úr starfinu. „Það er erfitt að bera nafnið mitt fram og mamma hafði miklar áhyggjur af því. En svo skiptir það engu máli, mér fannst gaman að teikna og leikskólakennararnir náðu þannig til mín. Áður en langt var um liðið hafði ég beðið einn þeirra um að rétta mér rauðan lit,“ segir hann kankvís.

Ahd lærði einnig íslensku af fjölskylduvinum og nágrönnum og var fljótur að læra. Fram eftir aldri aðstoðaði hann móður sína þegar hana skorti orð. „Þegar hún var í háskóla og ég í grunnskóla fór ég stundum yfir ritgerðirnar hennar.

Skólaganga mín er alfarið hér á Íslandi, öfugt við systur mínar og bróður sem höfðu reynslu af skólakerfinu úti í Palestínu og segja kerfið þar strangara.“

Ahd hóf nám í Kópavogsskóla og undi sér vel. Honum sóttist námið ágætlega. Hann átti vini og fannst hann hluti af heildinni. Hann segist hafa verið heppinn. Þá gerist það að móður hans hefur tekist að safna fyrir útborgun í íbúð. Þau flytja í blokkaríbúð í Engihjalla og Ahd hefur nám í Hjallaskóla.

„Í Hjallaskóla var allt annað umhverfi. Ég vil ekki segja að þetta hafi verið slæmt hverfi, en þar ríkti ólíkur andi að mörgu leyti. Krakkarnir voru að minnsta kosti ekki eins vingjarnlegir og ég var og því lenti ég fljótt í árekstrum.“

### Eftir hryðjuverkaárásina

Ahd fór að finna fyrir áreitni og stríðni. Í byrjun var þetta lítið en það hélt þó áfram og vatt upp á sig þar til það fór ekki á milli mála að um einelti var að ræða. Ég fór að finna fyrir því að ég væri öðruvísi. Ég varð hálf utangarðs og leið ekkert sérlega vel.

Eineltið átti eftir að versna til muna. Það gerðist í kjölfar hryðjuverkaárásanna á tvíburaturnana í New York

„Þá kom holskeflan yfir mig. Eftir árásirnar varð ég að skotmarki og eineltið náði hámarki. Þá var ég kallaður sandnegri og spurður hvort pabbi væri hryðjuverkamaður,“ segir Ahd frá og segir fordóma á Íslandi í garð araba hafa verið fremur litla og ómarkvissa áður en árásirnar voru gerðar. Ég skildi ekkert í þessu og vissi ekki hvernig ég átti að taka þessum fordómum því árásirnar höfðu ekkert með mig og minn bakgrunn að gera og ég skildi bara alls ekki hvernig krakkarnir tengdu þetta við mig. En þau gerðu það. Þetta hafði mikil áhrif á mig, sjálfsvirðingin minnkaði og ég hætti að geta treyst fólki. Eineltið var það gróft.“

Hann segir krakkana hafa beitt sig margvíslegu andlegu ofbeldi. Hann rifjar upp minningu.

„Stelpa í bekknum hafði fengið nýjan penna með fallegu skrauti og var að sýna bekkjarfélögunum pennann þegar hún missti hann í gólfið. Ég tók hann upp og rétti henni hann. Hún sneri þá upp á sig og sagði: „Nei takk, þú mátt bara eiga hann.“ Svo stunduðu þau það líka að vingast við mig í stuttan tíma, en bara til þess að verða vitni að einhverju eða vita eitthvað um mig sem þau gátu notað gegn mér. Ég átti þó eina vinkonu sem reyndist mér vel, hana Lilju Gunnarsdóttur sem er enn vinkona mín í dag.“

Ahd fékk hvíld frá eineltinu í unglingadeild skólans. Þá var krökkunum skipt í fög eftir getu í A, B, C og D. „Ég var oftast í A- eða B-hópi. Þeir sem lögðu mig í einelti voru hins vegar oftast í C og D.“

### Dorrit reykti vatnspípu

Lífið í Engihjalla þótti Ahd gott þrátt fyrir allt. Á þessum tíma hafði móðir hans hætt að vinna í slítandi störfum og var komin í háskólanám. Ahd segir hana hafa verið sér sterka fyrirmynd. „Mamma sýndi okkur hvað viljastyrkur og metnaður er. Hún var alltaf vöknuð á undan okkur til að læra og gerði okkur stolt þegar hún lauk námi.“

Eitt kvöldið heimsóttu forsetahjónin Ólafur Ragnar og Dorrit Moussaief fjölskylduna í Engihjallann. „Heimsóknin er ógleymanleg. Mamma hafði eignast forsetafrúna fyrir vinkonu og hún kom í kvöldmat til okkar í Engihjallann. Mig minnir að við höfum boðið upp á hlaðborð af arabískum réttum. Ólafur Ragnar sagði mér að hlúa að upprunanum, það væri mikilvægt og hrósaði mér fyrir íslenskukunnáttuna. Dorrit fékk að prófa vatnspípuna hennar mömmu og þetta var alveg ótrúlega skemmtilegt kvöld.“

### Fann vináttu í hópi víkinga

Það var ekki bara eineltið sem olli Ahd vanlíðan. Hann var líka að uppgötva samkynhneigð sína. „Það var líka hluti af vanlíðan minni. Ég býst við því að það sé alltaf erfitt að uppgötva að maður er öðruvísi. Sem betur fer á ég góða fjölskyldu sem tók þessu vel.

Lánið fór svo að leika við mig. Eftir menntaskólann varð ég heppinn og datt inn í stóran vinahóp. Margir þeirra tilheyra víkingafélaginu Rimmugýgi.

Við vorum flutt úr Engihjallanum í Hafnarfjörð þar sem eru haldnar víkingahátíðir á sumrin. Þá er grillað kjöt yfir opnum eldi og ég hafði eiginlega gengið á lyktina af því og rambað inn á hátíðina fyrir tilviljun. Ég sá þessa krakka í búningum með vopn og hreifst af, ég er svo innilegt nörd. Þau hafa reynst mér sem önnur fjölskylda. Svo fordómalaus og tóku mér eins og ég er.“

### Ýtti upprunanum frá sér

Ahd hefur aldrei farið til Palestínu og segist ekki hafa lagt rækt við menningararf upprunalandsins. Margt hafi orðið til þess.

„Ég held að það sé óumflýjanlegt að ég fari einhvern tímann. Ég get samt ekki flaggað kynhneigð minni þar. Það er margt í lífi mínu sem hefur orðið til þess að ég hef afneitað þessum hluta af sjálfum mér. Eineltið er þar veigamikil orsök. Ég hef alltaf þráð að vera Íslendingur í húð og hár en ég á auðvitað að geta verið bæði stoltur Íslendingur og stoltur af uppruna mínum. En ég forðaðist upprunann. Allt arabískt hafði neikvæða tengingu fyrir mér. Eineltið og tengingin sem krakkarnir höfðu gert við hryðjuverk, og ekki síst ofbeldið sem henti mömmu. Allt þetta hlóðst upp innra með mér og gerði það að verkum að ég ýtti upprunanum frá mér.“

Hryðjuverkin í París hafa enn á ný sett af stað umræðu um múslima. Þótt fordóma verði vart segir Ahd aukna umræðu til góðs og að hann verði var við stækkandi hóp víðsýns fólks sem gerir sér grein fyrir margbreytileikanum og falli ekki í pytt fordóma.

„Það hefur margt breyst á mínum uppvaxtarárum. Ísland er lítið land og fólkið er gott. Umræðan hefur þróast og ég finn að það er meiri mótstaða gegn fordómum. Meiri samúð, meiri þekking.

Í Bretlandi þar sem ég bý núna er mikil umræða um Íslam og fólk frá löndum múslima. Það er svo mikið af fólki frá þessum löndum hér og umræðan mjög frjó vegna atburðanna voðalegu í París. Ótrúlegt en satt þá ríkir hér almenn sátt við fjölbreytileikann og mér finnst umræðan þroskuð. Sú sátt á eftir að verða á Íslandi. Það er ég viss um. Hér gerir fólk sér grein fyrir fjölbreytileikanum og getur gert greinarmun á mismunandi hópum frá mismunandi löndum. Eftir því sem fjölbreytileiki samfélaga eykst, því meiri þekkingu öðlumst við á þeim sem búa með okkur. Það verður betra samfélag.“

**„Ég hef alltaf þráð að vera Íslendingur í húð og hár en ég á auðvitað að geta verið bæði stoltur Íslendingur og stoltur af uppruna mínum. En ég forðaðist upprunann. Allt arabískt hafði neikvæða tengingu fyrir mér.**

**„Ólafur Ragnar sagði mér að hlú að upprunanum, það væri mikilvægt og hrósaði mér fyrir íslenskukunnáttuna. Dorrit fékk að prófa vatnsspípuna hennar mömmu og þetta var alveg ótrúlega skemmtilegt kvöld.**


RISA-
ÚTSALA
ELLINGSEN
OPIÐ Á SUNNUDAGINN KL. 12–16 Í REYKJAVÍK
20–70% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
DIDRIKSONS 25% AFSLÁTTUR
COLUMBIA NEWTON GÖNGUSKÓR
Stærðir 37–50
11.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 24.690 KR.
47% AFSLÁTTUR
COLUMBIA GO TO ÚLPA
KVK stærði S–XL
KK stærðir M–2XL
Ýmsir litir
12.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 24.690 KR.
SNJÓÞRÚGA REDFEATHER 25
19.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.690 KR.
BERGANS BIRKEBEINER BAKPOKI 50
Blár og rauður
24.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 44.490 KR.
44% AFSLÁTTUR
SKOTVEIÐI-FATNAÐUR 30% AFSLÁTTUR
COLUMBIA 25% AFSLÁTTUR
FERÐAVÖRUR 30% AFSLÁTTUR
MUCKBOOT ARTIC SPORT KIDS 30 STÍGVÉL
Stærðir 30–37
5.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 11.990 KR.
BROWNING DIRTY BIRD VEIÐIJAKKI
Stærðir M–3XL
29.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 49.390 KR.
55% AFSLÁTTUR
COLUMBIA PASSO ALTO GÖNGUBUXUR
Stærðir 32–40
8.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 19.790 KR.
DIDRIKSONS RONJA ÚLPA
Stærðir 36–48
14.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 24.990 KR.
EASTON GÖNGUSTAFIR TRAIL AL3
6.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 12.890 KR.
49% AFSLÁTTUR
BROWNING DIRTY BIRD VEIÐIBUXUR
Stærðir M–3XL
24.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 39.490 KR.
CAMPINGAZ HELLUBORÐ 400 SG
19.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.690 KR.
MERIDA MERIDA BIG SEVEN 40
64.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 128.990 KR.
COLUMBIA POWDERBUG KULDASKÓR
Stærðir 25–31
5.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 11.990 KR.
50% AFSLÁTTUR
SOREL CHEYANNE KULDASKÓR
Stærðir 40–48
17.295 KR.
VERÐ ÁÐUR 34.590 KR.
DEVOLD* 40% AFSLÁTTUR *ELDRI GERÐ
AÐRAR DEVOLD VÖRUR 20% AFSLÁTTUR
ALLIR GRILL-AUKAHLUTIR 30% AFSLÁTTUR
CAMPINGAZ FERÐAGASGRILL
2 brennarar
29.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 49.390 KR.
COLUMBIA ALPINE BARNAÚLPA
Stærðir XS–XXL
Nokkrir litir
9.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 15.790 KR.
MUCKBOOT STÍGVÉL WOODY MAX CAMO 43
Stærðir 39–47
11.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 23.990 KR.
KÆLIBOX 40% AFSLÁTTUR
SJÓNAUKI PANORAMA 3-9X40
Fyrir veiðiriffla
19.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 32.590 KR.
Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.
REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is
Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA



**NÝR ÞANKAGANGUR** „Hún bræðir mig alveg," segir Siv og veltir því fyrir sér hvað það er sem gerist þegar ömmubörnin breyta þankaganginum og þroskanum. „Ég held að maður skynji betur hvað það er magnað þegar nýtt, stórkostlegt líf verður til og hvað maður er sjálfur lítill hluti af þessari stóru, löngu kynslóðakeðju."

# Nýtt og stórkostlegt líf

**Siv Friðleifsdóttir** var alþingismaður í 18 ár og ráðherra í ríkisstjórn í sjö ár. Síðustu ár hefur lítið farið fyrir henni. Nú fer hún fyrir velferðarvaktinni sem vinnur gegn sárafátækt á Íslandi. Hún er ekki upptekin af fortíðinni, henni finnst hún vera komin í meiri nánd við þau málefni sem standa henni næst og segir ömmuhlutverkið hafa gert hana að betri manneskju.

**Kristjana Björg Guðbrandsdóttir**
kristjanabjorg@frettabladid.is



Siv er með skrifstofu í velferðarráðuneytinu við Tryggvagötu þaðan sem hún stýrir velferðarvaktinni. Hlutverk hennar er að fylgjast með félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum efnahagshrunsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu og gera tillögur um aðgerðir í þágu heimilanna. Sérstaklega á hún að beina sjónum að efnalitlum barnafjölskyldum og þeim sem búa við sára fátækt. Velferðarvaktin er ráðgefandi fyrir stjórnvöld og skilar reglulega skýrslum til ráðherra.

„Þetta er mjög mikilvægt og vandmeðfarið verkefni. Sem alþingismaður og ráðherra kynntist ég vissulega fólki sem átti við mikinn vanda að stríða og var alltaf að kryfja og greina hvað var að gerast í samfélaginu en velferðarvaktin er öðruvísi því ég er í meiri nánd við fólk sem hefur mikla reynslu og þekkingu á þessu sviði.

Ég hef alltaf verið mjög áhugasöm og upptekin af jöfnuði og réttlæti, að það eigi að ríkja jöfnuður í samfélagi. Ég vil ekki búa í samfélagi misskiptingar," segir Siv og spyr hvort flestir séu ekki uppteknir af félagslegri velferð fólks. Hún hefur kynnst sjálfboðastarfi Mæðrastyrksnefndar og prófað að taka þátt í úthlutun nefndarinnar á mat og öðrum nauðþurftum fyrir jól.

Hún segir talsverða reynslu felast í því að mæta fólki sem á í vanda. „Svo hef ég í gegnum störf mín að heilbrigðis- og félagsmálum farið mjög víða um samfélagið og kynnst fólki í ýmiss konar vanda. Ég er mjög ánægð með að fá að nýta kraftana í þetta mikilvæga verkefni. Mér finnst það heiður og er auðmjúk gagnvart því. Þarna eru viðkvæmir hópar sem við erum að fjalla um og reyna að aðstoða. Við reynum að vanda okkur."

## Með vöndinn á flokksfélögum

Fyrir utan að vinna skýrslur og koma með tillögur, þá er hlutverk vaktarinnar að fylgjast með því hvað stjórnvöld gera við tillögurnar. Siv verður því ef til vill í þeirri stöðu að vera með vöndinn á flokksfélögum sínum.

„Það á eftir að reyna á það, við sjáum hvernig það gengur þegar tillögurnar eru komnar fram. Ég ber þá von í brjósti að þegar tillögurnar liggja fyrir, sem verður nú bráðlega, þá fari þær sem flestar í framkvæmd. En miðað við hve umfangsmiklar þær eru þá mun það taka tíma," bendir Siv á og segir tillögur hópsins ekki munu verða niðurnjörvaðar í smáatriðum.

Hún nefnir dæmi um störf hópsins er snúa að afkomu fólks. „Hvernig á að ákveða hvað bætur eru háar yfirleitt? Út frá hverju á að miða?" spyr Siv. „Það eru auðvitað mjög margir sem hafa rætt það opinberlega hvort það sé ekki eðlilegt að komast að niðurstöðu um hvað þarf til að lifa sómasamlegu lífi. Getum við sameinast um hvaða grunn þarf til að lifa sómasamlegu lífi þannig að enginn búi við hreina fátækt? Hver er sú upphæð fyrir einstakling? Hver er sú upphæð fyrir fólk með börn, eitt og fleiri?" spyr Siv og bendir á að þetta sé þörf og áhugaverð umræða og verkefni.

Siv nefnir að fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna sé misjöfn milli sveitarfélaga. „Það er ekki sama upphæðin og því má spyrja hvort unnt sé að sameinast í sátt um einhvern grunn sem menn skilja á hverju er byggður. Þetta er dæmi um eitt sem við höfum verið að ræða í velferðarvaktinni."

## Með puttann á púlsinum

Reynsla Sivjar af þingstörfum nýtist henni vel í að leiða velferðarvaktina. „Maður hefur góða innsýn í hvernig hlutirnir eru skrúfaðir saman eftir öll árin í sveitarstjórn, á þingi og á ráðherrastóli og það nýtist við að halda utan um velferðarvaktina. En ein manneskja hefur ekki úrslitaáhrif, þetta er samstarfsverkefni. Í vaktinni er öflugt, reynslumikið fólk sem er í návígi dagsdaglega við fólk í miklum vanda. Ég nefni til dæmis félagsráðgjafa og fólkið úr sjálfboðaliðasamtökunum sem koma beint að málum fjölmargra fátækra."

Siv segist telja velferðarvaktina hafa gegnt mikilvægu hlutverki í kjölfar efnahagshrunsins og stuðlað að úrbótum í þágu hópa sem þurftu á stuðningi að halda. Hún sé ein af þeim lausnum síðustu ríkisstjórnar sem hafi lýst nýrri hugsun og góð samstaða náðist um.

„Stórsnjöll hugmynd og gott frumkvæði sem hefur skilað úrbótum. Velferðarvaktin var stofnuð árið 2009 í þeim tilgangi að fylgjast með félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum efnahagshrunsins fyrir heimilin í landinu og gera tillögur til stjórnvalda um aðgerðir og úrbætur. Í velferðarvaktinni hafa síðan þá átt sæti fulltrúar stofnana og hagsmunasamtaka sem tengjast á einhvern hátt velferðarþjónustu og vinnu að velferðarmálum, allt fólk sem er með puttann á púlsinum í þessum málum, en með tímanum hefur fjölgað nokkuð í hópnum og nú eru þeir orðnir 35 talsins," segir Siv.

„Velferðarvaktin kom á fót félagsvísum til að fylgjast með þróun mála, sem er gríðarlega mikilvægt. Hún er líka öflug vegna þess að hún er sterkur samstarfsflötur ólíkra stofnana og samtaka. Á fundunum skiptumst við á skoðunum og miðlum upplýsingum sem gerir okkur kleift að nálgast málefni fátækra betur. Við erum alltaf að fá meiri og skýrari upplýsingar með auknum rannsóknum. Þeir hópar sem eru í vanda núna eru sömu hóparnir að meginuppistöðu og voru í vanda fyrir hrun. Tölurnar gefa það til kynna.

Vaktin gegnir sama hlutverki og áður en nú er sérstök áhersla lögð á velferð og afkomu fátækra barnafjölskyldna og þeirra sem búa við sára fátækt. Einn fátækur er einum of mikið," segir Siv og vísar í lágar tölur um fátækt á Íslandi.

> **Það er alveg frábært að vera amma. Það er eitt skemmtilegasta hlutverkið. Sonardóttir mín, Ingibjörg Siv, verður bráðlega eins og hálfs árs gömul og er sólargeislinn minn.**

> **Á bak við þessar tölur er fólk með sínar þrár og væntingar, áhyggjur, gleði og sorg.**

## SÁR FÁTÆKT Á ÍSLANDI OG FÁTÆKT BARNAFJÖLSKYLDNA

### UNDIR LÁGTEKJUMÖRKUM

**9,3% ÍSLENDINGA** eru undir lágtekjumörkum

**27%** einstæðra foreldra eru undir lágtekjumörkum

**8,3% barna** búa við skort á efnislegum gæðum

**12,2% barna** búa á heimilum undir lágtekjumörkum

### UNGIR FORELDRAR

**36,5%** barna foreldra sem eru 29 ára og yngri búa á heimili undir lágtekjumörkum

**17,8%** búa við skort

### EINSTÆÐIR FORELDRAR

**30,8%** barna einstæðra foreldra búa á heimili undir lágtekjumörkum

**25%** skortir efnisleg gæði

### 2 FULLORÐNIR Á HEIMILI

**6,2%** barna þar sem tveir fullorðnir búa eru á heimili undir lágtekjumörkum

**4,1%** skortir efnisleg gæði

### LEIGUHÚSNÆÐI

**28,2%** barna sem bjuggu í leiguhúsnæði búa á heimili undir lágtekjumörkum

**20,6%** skortir efnisleg gæði

### HEIMILIN

**26% landsmanna** telja húsnæðiskostnað þunga byrði

**43% einstæðra for eldra** telja húsnæðiskostnað þunga byrði

**50% heimila** telja erfitt að ná endum saman

**77% heimila** einstæðra foreldra eiga erfitt með að ná endum saman

*Heimild: Hagstofa Íslands 2014. Tölur frá árinu 2013.*

**Að grípa þá sem falla**

„9,3% Íslendinga eru með tekjur undir lágtekjumörkum sem er með því lægsta sem þekkist. Við skort búa 6,7% og 2% við verulegan skort, sem við köllum sára fátækt. Báðar þessar tölur eru lægri en árin fyrir hrunárið 2008, en samt viljum við auðvitað ná þeim enn neðar. Þegar við skoðum börn sérstaklega má til dæmis sjá að þar eru hlutföllin hærri. 8,3% barna búa við skort á efnislegum gæðum og 2,9% við verulegan skort. Á bak við þessar tölur er fólk með sínar þrár og væntingar, áhyggjur, gleði og sorg.“

Siv hefur sjálf ekki liðið skort en segist reyna að setja sig í fótspor þeirra sem það gera. „Ég þekki fólk sem hefur lifað við talsverðan skort og þurft að leggja mikið á sig til að komast af. Sjálf er ég alin upp við að fara vel með, pabbi er Siglfirðingur af alþýðuættum og móðir mín er norsk, alin upp í stríðinu. Þeirra uppeldi hafði áhrif á mitt,“ segir Siv kankvís og segist til dæmis aldrei henda mat. „Í kringum stríðið hentu mamma og fjölskyldan hennar ekki mat. Aldrei.

En það eru ekki bara eiginleikar okkar sem hafa áhrif á það hvort við verðum fátæk eða ekki, það er svo margt sem getur leitt til þess,“ segir Siv og bendir á að sumu ráðum við en öðru ekki. Það sé samfélagsins að grípa þá sem falli í fátæktargildruna.

**Breytt manneskja**

Siv nýtur sín í því starfi sem hún gegnir og mælir auðæfi sín ekki í efnislegum gæðum. Hún er í sambúð með Gylfa Hammer Gylfasyni, á tvo uppkomna syni, Húnboga og Hákon, er orðin amma og segir hlutverkið hafa breytt sér talsvert.

„Það er alveg frábært að vera amma. Það er eitt skemmtilegasta hlutverkið. Sonardóttir mín, Ingibjörg Siv, verður bráðlega eins og hálfs árs gömul og er sólargeislinn minn. Hún bræðir mig alveg,“ segir hún og veltir því fyrir sér hvað það sé sem gerist þegar ömmubörnin breyta þankaganginum og þroskanum. „Ég held að maður skynji betur hvað maður er magnað þegar nýtt stórkostlegt líf verður til og hvað maður er sjálfur lítill hluti af þessari stóru, löngu kynslóðakeðju.“

Og hvað ætlar hún að kenna henni sem hún sjálf hefur lært? „Vonandi get ég kennt henni að líta björtum augum á lífið. Ég held að það sé gríðarlega mikilvægt að þekkja mátt hugans. Ég óska þess að hún verði heilsteypt, bjartsýn og sjái frekar jákvæðu hlutina en hina. Að vera réttlát og sanngjörn, góður borgari sem skynjar sig sem hluta af heild.“

Á grænum
grundum lætur
hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum
þar sem ég má
næðis njóta.




**REYKJAVÍK OG KÓPAVOGUR**

**ÁRBÆJARKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.arbaejarkirkja.is*

**ÁSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.askirkja.is*

**BREIÐHOLTSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.breidholtskirkja.is*

**BÚSTAÐAKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.kirkja.is*

**DÓMKIRKJAN**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.domkirkjan.is*

**FELLA- OG HÓLAKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.fellaogholakirkja.is*

**GRAFARVOGSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
í Grafarvogskirkju og kl. 13
í Kirkjuselinu í Spönginni
*Nánar á www.grafarvogskirkja.is*

**GRENSÁSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.grensaskirkja.is*

**GUÐRÍÐARKIRKJA GRAFARHOLTI**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.gudridarkirkja.is*

**HALLGRÍMSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.hallgrimskirkja.is*

**HÁTEIGSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.hateigskirkja.is*

**HJALLAKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 13
*Nánar á www.hjallakirkja.is*

**KÓPAVOGSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.kopavogskirkja.is*

**LAUGARNESKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.laugarneskirkja.is*

**LANGHOLTSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.langholtskirkja.is*

**LINDAKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11 í Lindakirkju
og í Boðaþingi
*Nánar á www.lindakirkja.is*

**NESKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.neskirkja.is*

**ÓHÁÐI SÖFNUÐURINN**
Annan og fjórða sunnudag
mánaðarins kl. 14
*Nánar á www.ohadisofnudurinn.is*

**SELJAKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.seljakirkja.is*

**SELTJARNARNESKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.seltjarnarneskirkja.is*

**HAFNARFJÖRÐUR, OG GARÐABÆR**

**ÁSTJARNARKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.astjarnarkirkja.is*

**BESSASTAÐAKIRKJA**
Fyrsta sunnudag hvers mán.
í Bessastaðakirkju kl. 11:00
Aðra sunnudaga í Brekkuskógum 1
(safnaðarheimili)
*Nánar á bessastadasokn.is*

**FRÍKIRKJAN HAFNARFIRÐI**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.frikirkja.is*

**HAFNARFJARÐARKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is*

**VÍÐISTAÐAKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.vidistadakirkja.is*

**VÍDALÍNSKIRKJA – GARÐABÆ**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.vidalinskirkja.is*

**MOSFELLSBÆR**

**LÁGAFELLSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl.13:00
í Lágafellskirkju
*Nánar á www.lagafellskirkja.is*



# Sumarið

## 2015 er komið

**Sumarbæklingurinn fylgir blaðinu í dag**

**Allt að 20.000 kr. bókunarafsláttur til 30. janúar 2015.**

**Frá kr. 62.900** m/bókunarafslætti



## Bodrum

**Frá kr. 109.900** allt innifalið
**Smartline Bitez Garden**
Netverð á mann frá kr. 109.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb. Netverð á mann frá kr. 128.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 28. maí í 11 nætur.



## Marmaris

**Frá kr. 109.900** allt innifalið
**Grand Cettia Hotel**
Netverð á mann frá kr. 109.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb. Netverð á mann frá kr. 144.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 8. júní í 10 nætur.



## Krít

**Frá kr. 99.900**
**Helios**
Netverð á mann frá kr. 99.900 m.v. 2 fullorðnir og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 115.900 m.v. 2 fullorðnir í stúdíó. 21. maí í 11 nætur.



## Tenerife

**Frá kr. 62.900**
**Parque de Las Americas**
Netverð á mann frá kr. 62.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í smáhýsi . Netverð á mann frá kr. 81.900 m.v. 2 fullorðnir í smáhýsi. 22. ágúst í 7 nætur.

Costa del Sol



## Benalmadena

**Frá kr. 87.900**
**Vistamar**
Netverð á mann frá kr. 87.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð m/1 svefnherbergi. Netverð á mann frá kr. 96.900 m.v. 2 fullorðna í stúdíó. 6. júlí í 10 nætur.

Costa del Sol



## Fuengirola

**Frá kr. 84.900**
**Nuria Sol**
Netverð á mann frá kr. 84.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð m/1 svefnherb. Netverð á mann frá kr. 111.900 m.v. 2 fullorðna í íbúð m/1 svefnherbergi. 6. júlí í 10 nætur.

Costa del Sol



## Torremolinos

**Frá kr. 71.900**
**Aguamarina**
Netverð á mann frá kr. 71.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð m/1 svefnherbergi. Netverð á mann frá kr. 94.900 m.v. 2 fullorðna í stúdíó. 6. júlí í 10 nætur.

Costa del Sol



## Marbella & Estepona

**Frá kr. 91.900**
**Pyr Marbella**
Netverð á mann frá kr. 91.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í stúdíó. Netverð á mann frá kr. 131.900 m.v. 2 fullorðna í stúdíó. 6. júlí í 10 nætur.



## Almería

**Frá kr. 65.900**
**Moguima**
Netverð á mann frá kr. 65.900 m.v. 2 fullorðnir og 2 börn í íbúð m/1 svefnherbergi. Netverð á mann á frá kr. 81.900 m.v. 2 fullorðnir í íbúð m/1 svefnherbergi. 16. júní í 7 nætur.



## Albir

**Frá kr. 69.900** m/morgunmat
**Hotel & Spa Sun Palace**
Netverð á mann frá kr. 69.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 86.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 12. júní í 7 nætur.



## Benidorm

**Frá kr. 64.900**
**Vina del Mar**
Netverð á mann frá kr. 64.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 83.900 m.v. 2 fullorðna í íbúð. 5. júní í 7 nætur



## Salou

**Frá kr. 64.900**
**Apt. Cye Holiday Centre**
Netverð á mann frá kr. 64.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 83.900 m.v. 2 fullorðna í íbúð. 5. júní í 7 nætur.

**Öll verðdæmi hér að ofan eru með bókunarafslætti.**

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMM / SIA • NM66683




**Frá kr. 104.900** á Tulip Inn m/bók.afsl.
Netverð á mann frá kr. 104.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 123.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 10. maí í 13 nætur.




**Frá kr. 137.900** m/bók.afsl.
Netverð á mann frá kr. 137.900 á Hotel Girasol m/morgunmat m.v. 2 fullorðna í herbergi. 9 nætur.




**Frá kr. 189.800** m/bók.afsl.
Netverð á mann frá kr. 189.800 á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi m/hálfu fæði og drykk með kvöldverð.




**Frá kr. 93.900** m/bók.afsl.
Netverð á mann á Hotel Atlantis m.v. 2 í herbergi. 31. mars í 5 nætur




**Frá kr. 82.900** m/bók.afsl.
Netverð á mann á Mercure Metropol m.v. 2 í herbergi. 23. apríl í 4 nætur.




**Frá kr. 99.900** m/bók.afsl.
Netverð á mann á Hotel Real Palácio m.v. 2 í herbergi. 16. apríl í 4 nætur.




**Frá kr. 79.900** m/bók.afsl.
Netverð á mann á Hotel ILF m.v. 2 í herbergi. 23. apríl í 4 nætur.




**Frá kr. 169.900** m/hálfu fæði
Netverð á mann frá kr. 169.900 á Eugenia Victoria m.v. 2 fullorðna í herbergi. 17. mars í 7 nætur.




**Frá kr. 169.900** m/hálfu fæði
Netverð á mann frá kr. 169.900 á Hotel Mariott La Sella m.v. 2 fullorðna í tvíbýli. 23. mars í 7 nætur.




**Frá kr. 169.900** m/hálfu fæði
Netverð á mann frá kr. 169.900 á Penha Longa m.v. 2 fullorðna í tvíbýli. 16. apríl í 4 nætur.




**Frá kr. 219.900**
Gönguferðir um ströndina og þorpin í Cinque Terre á Ítalíu, á svæði sem býr yfir óviðjafnanlegri náttúrufegurð, menningu og sögu. Cinque Terre heitir eftir fimm þorpum sem virðast hanga utan í bröttum hlíðunum við ströndina sunnan við Genúa.
Netverð á mann frá kr. 219.900 í tvíbýli. 30. maí í 7 nætur.




**Frá kr. 239.900**
Tíu daga gönguferð til Vindeyja – Le Isole Eolie – hins ævintýralega eldfjallaeyjaklasa norður af Sikiley. Í ferðinni verður farið í valdar dagsgöngur eftir ægifögrum göngustígum á milli litskrúðugra þorpa, gróðursællra unaðslunda og fjallstinda
Netverð á mann frá kr. 239.900 á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi.




**Frá kr. 249.900**
Einstök 13 nátta sérferð þar sem þar sem ferðast er vítt og breitt um Marakkó, dvalið í litlum bæjum sem og stærri borgum, ekið er um stærstu pálmalundi í Norður-Afríku og farið í úlfaldareið út í Sahara-eyðimörkina þar sem gist er í Berba-tjaldi.
Netverð á mann frá kr. 249.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri • Sími 461 1099 • heimsferdir.is

Heimsferðir

## VERSTU HRYÐJUVERK Í EVRÓPU FRÁ 1995



**25. júlí 1995** FRAKKLAND
8 létust
**GIA, samtök alsírskra íslamista.** Sprengjuárás á Saint-Michel-jarðlestarstöðina í París.

**15. ágúst 1998** NORÐUR-ÍRLAND
29 létust
**Írski lýðveldisherinn, IRA.** Bílasprengja í bænum Omagh á Norður-Írlandi, mannskæðasta hryðjuverk í fjögurra áratuga átökum aðskilnaðarsinna við sambandssinna.

**11. október 2002** FINNLAND
7 létust
**19 ára námsmaður, sem sjálfur lét lífið.** Sprengjuárás á verslunarmiðstöð í Vantaa, skammt frá Helsinki.

**11. mars 2004** SPÁNN
191 lést
**Öfga-íslamistar,** með al-Kaída sem fyrirmynd. Sprengjuárás á Atocha-lestarstöðina í Madrid, eitt mannskæðasta hryðjuverkið í Evrópu.





**7. júlí 2005** BRETLAND
56 létust
**Hópur tengdur al-Kaída** lýsir yfir ábyrgð. Fjórar sjálfsvígsárásir á jarðlestir og strætisvagn í London.

1995 1996 1997 1998 1999 2000 2001 2002 2003 2004 2005

# Voðaverkin skelfa

Það sem af er öldinni hafa verstu hryðjuverk í Evrópu kostað eitthvað á þriðja hundrað manns lífið, en annars staðar en í Evrópu hafa þúsundir manna látið lífið á hverju ári.




**Guðsteinn Bjarnason**
gudsteinn@frettabladid.is


Lögregluyfirvöld í hverju Evrópuríkinu á fætur öðru hafa nú lýst yfir aukinni varúð vegna hættu á hryðjuverkum og handtekið fjölda fólks, grunað um að leggja á ráðin um voðaverk af því tagi.

Tilefnið er árásirnar á skopmyndateiknara, gyðinga og lögreglu í París í síðustu viku og vitneskja um fjölmarga unga menn og konur sem hafa haldið til átakasvæða í Sýrlandi og víðar til að berjast með öfga-íslamistum, og snúið til baka staðráðin í að láta til sín taka heima við.

Allt fram á síðustu ár hefur öfgatrú þó sjaldan verið hvatinn að hryðjuverkum í löndum Evrópu. Aðskilnaðarsinnar einstakra þjóðernishópa og róttæklingar á vinstri kantinum bera ábyrgðina á flestum mannskæðum hryðjuverkum í Evrópu síðustu áratugina, en töluvert hefur dregið úr þeim á allra síðustu árum.

### Aðskilnaðarsinnar

Írski lýðveldisherinn og fleiri herskáir hópar á Norður-Írlandi hafa þar verið einna mest áberandi. Barátta þeirra fyrir aðskilnaði Norður-Írlands frá Bretlandi kostaði um 1.800 manns lífið á árunum frá 1969 þangað til friðarsamkomulag tókst árið 1997. Baskar á Spáni áttu einnig lengi vel í stríði við stjórnvöld þar í von um að geta knúið fram stofnun sjálfstæðs ríkis. Á árunum 1970-2009 kostaði barátta þeirra um 800 manns lífið. Verkamannaflokkur Kúrdistans hefur sömuleiðis átt í vopnaðri baráttu við tyrknesk stjórnvöld með stofnun sjálfstæðs ríkis Kúrda fyrir augum. Frá árinu 1984 hafa þeir gert meira en þúsund árásir og hefur barátta þeirra kostað meira en 3.500 manns lífið.

Árið 2013 voru 180 aðskilnaðar- eða þjóðernissinnar handteknir í Evrópu fyrir að tengjast hryðjuverkum eða áformum um hryðjuverk, samkvæmt tölum frá Interpol. Hópar eða einstaklingar með markmið af þessu tagi gerðu 84 árásir það ár. Ekkert dauðsfall hlaust þó af.

### Vinstri róttæklingar

Þetta sama ár, árið 2013, báru herskáir vinstrimenn og stjórnleysingjar ábyrgð á 24 hryðjuverkum og voru 49 manns handteknir í samtals sex löndum Evrópu. Tveir létu lífið í Grikklandi þegar gerð var árás á liðsmenn nýnasistaflokksins Gullin dögun.

Hryðjuverkum vinstri róttæklinga hefur fækkað töluvert á síðustu árum, en lengi vel voru Rauðu herdeildirnar á Ítalíu og Rauða herdeildin í Þýskalandi harla áberandi í fréttum fyrir mannrán og sprengjuárásir. Báðir þessir hópar, og fleiri til, tóku til við að vígvæðast um og upp úr 1970, og börðust gegn ranglæti kapítalismans með ofbeldisverkum af ýmsu tagi.

Barátta þeirra naut um tíma töluverðrar samúðar og jafnvel aðdáunar í hópum ungra róttæklinga á Vesturlöndum.

### Hægri þjóðernissinnar

Þjóðernisöfgamenn hafa hins vegar fært sig upp á skaftið síðustu misserin, haft uppi hótanir í garð innflytjenda, ráðist á moskur, framið nokkur morð og náð verulegum árangri í kosningum í hverju Evrópulandinu á fætur öðru.

Eiginleg hryðjuverk hafa reyndar verið fátíð úr þessari átt, en þó var eitt versta hryðjuverk Evrópu framið í Noregi sumarið 2011 af hægri þjóðernissinna sem gaf sig út fyrir að vera dauðhræddur við að múslimar myndu vaða yfir allt í Evrópu. Hann myrti 77 manns á einum degi, flest unglinga í útilegu á eyju skammt frá Ósló.

### Öfgatrúaðir

Herskáir íslamistar hafa óneitanlega verið stórtækastir allra við að drepa fólk síðustu árin, en mest hefur það verið bundið við aðra heimshluta en Evrópu.

Fern samtök hafa þar látið mest til sín taka: Talibanar, al-Kaída, Íslamska ríkið og Boko Haram, og flest hryðjuverk þeirra hafa verið framin í fimm löndum: Írak, Sýrlandi, Afganistan, Pakistan og Nígeríu.

Kristnir öfgahópar hafa einnig verið stórtækir í manndrápum og mannránum, og má þar nefna Andspyrnuher drottins, en svo nefnir Joseph Kony samtök sín sem hafa myrt og nauðgað í stórum stíl og rænt þúsundum barna í Úganda og nágrannaríkjunum í meira en aldarfjórðungs ógnarherferð sinni. Búddamunkar í Búrma hafa einnig ráðist grimmilega gegn múslimum þar í landi.

Samkvæmt ársskýrslu IEP, alþjóðlegrar stofnunar um efnahagsmál og frið, eru hryðjuverk líklegust í löndum sem búa við pólitískan óstöðugleika, veikburða ríkisvald og illvígan ágreining milli hópa.

2006



2007

**22. júlí 2011** NOREGUR
77 létust
**Anders Behring Breivik, norskur ofstækismaður.** Sprengjuárás í miðborg Ósló og skotárásir á tugi unglinga í Útey.

2008

**11. –22. mars 2012** FRAKKLAND
8 létust
**Mohammed Merah, 23 ára öfga-íslamisti.** Skaut á ellefu dögum þrjú skólabörn í gyðingaskóla, einn rabbína og þrjá hermenn í Toulouse.

2009

**18. júlí 2012** BÚLGARÍA
7 létust
**Tveir liðsmenn Hezbollah grunaðir.** Sprengjuárás á ísraelska ferðamenn í strætisvagni við flugvöll á ferðamannastaðnum Burgas. Fimm ferðamenn létust ásamt vagnstjóra og sprengjumanni.

2010

**22. maí 2013** BRETLAND
1 lést
**Tveir öfga-íslamistar.** Skotárás á breskan hermann í London.

2011

**24. maí 2014** BELGÍA
4 létust
**Mehdi Nemmouche, franskur öfga-íslamisti.** Skotárás í Belgíska gyðingasafninu í Brussel.

2012

2013




2014

**7. og 9. janúar 2015** FRAKKLAND
20 létust
**Bræðurnir Cherif og Said Kouachi ásamt Amedy Coulibaly.** Árás á ritstjórn skoptímaritsins Charlie Hebdo, lögreglu og matvörumarkað í París. Árásarmennirnir þrír voru meðal hinna látnu.

2015

## Stórtækustu hryðjuverkasamtökin

**Þrjú af hverjum fjórum hryðjuverkum í heiminum árið 2013 voru framin af liðsmönnum fernra samtaka herskárra íslamista**

### Talibanar



Talibanahreyfingin var stofnuð meðal strangtrúaðra pastúna í Afganistan og Pakistan um miðjan tíunda áratug síðustu aldar og á rætur að rekja til baráttunnar gegn hernámi Sovétríkjanna í Afganistan, sem lauk árið 1989. Talibanar réðu ríkjum í stórum hluta Afganistans á árunum 1996 til 2001 og héldu þar uppi grimmilegri ógnarstjórn, byggðri á fornum siða- og trúarreglum pastúna. Eftir árásir al-Kaída á Bandaríkin haustið 2001 steyptu Bandaríkin og bandamenn þeirra talibönum af stóli. Í kjölfarið hófst andspyrna þeirra gegn innrásarliðinu. Talibanahreyfingin í Afganistan og eins konar „systurhreyfing“ hennar í Pakistan eru samtals taldar bera ábyrgð á meira en fjögur þúsund hryðjuverkum í þessum tveimur löndum.

### Al-Kaída



Al-Kaída samtökin, sem svo hafa verið nefnd, eiga eins og talibanar rætur að rekja til baráttunnar gegn hernámi Sovétríkjanna í Afganistan. Mannskæðasta hryðjuverk al-Kaída eru árásirnar á Bandaríkin 11. september 2001, sem kostuðu um þrjú þúsund manns lífið. Al-Kaída fékk aðstöðu fyrir þjálfunarbúðir hjá talibanahreyfingunni í Afganistan, en hraktist þaðan eftir innrás Bandaríkjanna. Leiðtoginn Osama bin Laden var í felum í Pakistan í tíu ár þangað til bandarískir sérsveitarmenn höfðu upp á honum og drápu. Arftaki hans er Ayman al Zawahiri. Skipulag al-Kaída hefur alltaf verið laust í reipunum og oft óljóst hvort hryðjuverk í nafni þeirra hafi verið gerð í samráði við forystumenn þeirra.

### Íslamska ríkið



Íslamska ríkið á, rétt eins og talibanahreyfingin og al-Kaída, rætur í baráttunni gegn hernámi Sovétríkjanna í Afganistan. Jórdaníumaðurinn Abu Musab al-Zarqawi hafði árið 1989 haldið til Afganistans að berjast en þá var sovéski herinn í þann veginn að hröklast burt. Samtök, sem hann stofnaði árið 1999, létu ekki segja sér það tvisvar að hefja andófsbaráttu gegn vestræna innrásarliðinu í Írak eftir að stríðið þar hófst árið 2003. Zarqawi féll árið 2006 og nú er það maður að nafni Abu Bakr al-Baghdadi sem stjórnar samtökunum, og nefnir þau Íslamska ríkið. Þau hafa náð á sitt vald stórum svæðum í Sýrlandi og Írak og lýstu á síðasta ári yfir stofnun íslamsks „kalífadæmis“.

### Boko Haram



Samtökin Boko Haram hafa starfað í Nígeríu frá árinu 2002. Upphaflega einbeittu þau sér að því að uppræta áhrif vestrænnar menntunar en frá árinu 2009 hafa þau barist vopnaðri baráttu fyrir því að stofna íslamskt ríki. Þau hafa haldið uppi ógnarstjórn á öllum þeim svæðum sem þau hafa náð undir sig. Einna þekktust eru þau fyrir rán á hundruðum skólastúlkna og fjöldamorð með reglulegu millibili. Stofnandi og leiðtogi fyrstu árin var Muhammad Yusuf, en hann náðist 2009 og lést í varðhaldi. Arftaki hans er Abubakar Shekau, sem sagður er hafa Osama bin Laden sem fyrirmynd. Nýverið sakaði hann öll önnur samtök herskárra íslamista um villutrú, þar á meðal Íslamska ríkið í Sýrlandi og Írak.

## ÖFGATRÚ ER SJALDAN AÐ BAKI HRYÐJUVERKUM Í EVRÓPULÖNDUM

### HRYÐJUVERK ÁRIÐ 2013

**EVRÓPURÍKIN**
7 manns létu lífið í hryðjuverkum.

**Í HEIMINUM**
18 þúsund manns féllu fyrir hendi hryðjuverkamanna.

**80% ALLRA DAUÐSFALLA af völdum hryðjuverka urðu í fimm löndum, Írak, Sýrlandi, Afganistan, Pakistan og Nígeríu.**

### EVRÓPA ÁRIÐ 2013

**152 HRYÐJUVERKAÁRÁSIR VORU GERÐAR**

**63** Í FRAKKLANDI
**33** Á SPÁNI
**35** Í BRETLANDI

**2** hryðjuverkaárásir tengdust öfgatrú.

**535** einstaklingar voru handteknir fyrir glæpi tengda hryðjuverkum.

### ÁRIÐ 2012

**440.000** MORÐ, ÖNNUR EN HRYÐJUVERK, voru framin í heiminum.

**11.000** MANNS FÉLLU í hryðjuverkaárásum. Munurinn er fertugfaldur.

NÝTT KORTATÍMABIL

ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR

# RISA LAGER ÚTSALA

## ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR AF BÓKUM.

**16.-18. JANÚAR AÐ NORÐLINGABRAUT 12**

**KOMDU OG GERÐU BESTU KAUPIN Á BÓKUM!**




**OPNUNARTÍMAR:**
Föstudag 15-18
Laugardag 10-18
Sunnudag 10-17

CRYMOGEA · Ugla · sögur · BÓKAFÉLAGIÐ · edda

# UPPÁHALDS Í HOSÍLÓ
## HELGA GUÐRÚN FRIÐRIKSDÓTTIR
### SKARTGRIPAHÖNNUÐUR



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

➜ **STAÐURINN** **SETIÐ VIÐ ELDHÚSBORÐIÐ** Uppáhaldsstaður Helgu Guðrúnar í íbúðinni er við eldhúsborðið. Hún segist gleyma sér við að horfa út um gluggann, á Esjuna og yfir sjóinn. Einnig sitja Helga og Orri oft saman við borðið og spjalla. Þá kvikna margar hugmyndir um skartgripi enda segir Helga að einkalíf og starf blandist mikið saman þegar maður býr með starfsfélaga sínum.



**FUGLASAFNIÐ** Helga fékk krummann að gjöf fyrir nokkrum árum og þá kviknaði áhugi hennar á uppstoppuðum dýrum. Þegar hún kynntist Orra sagði hún honum frá þessum áhuga sínum og fyrsta gjöfin sem hún fékk frá honum var uppstoppuð rjúpa. Síðan hafa kjói, páfagaukur og lundi bæst í safnið góða. „Rómantíska gjöfin í okkar sambandi er uppstoppaður fugl. Ég hef svakalegan áhuga á þessu og finnst þetta svo fallegt.“ Í safninu má einnig finna beinagrind af krókódíl og sléttuúlfi sem Helga keypti í New York þegar hún bjó þar.




**FYNDINN FRÆNDI** Helga Guðrún fékk kaffipokastatíf frá systursyni sínum, honum Hjálmari Friðriki. Henni þykir sérstaklega vænt um þessa gjöf. „Þetta statíf er svo fyndið. Frændi minn skar þetta út í smíði þegar hann var sjö ára gamall og skrifaði með brennipenna „ég er cool bæ“. Hann fattaði að mér myndi finnast þetta rosalega fyndið og gaf mér þetta í jólagjöf. Svo taka allir gestir eftir þessu statífi og fá þessa setningu á heilann. Öllum finnst þetta svo fyndið enda mikill húmor í þessu. Það gefur þessu enn meira gildi.“

# Gleymir sér við gluggann

Helga Guðrún Friðriksdóttir skartgripahönnuður safnar þjóðlegum hlutum og uppstoppuðum fuglum. Henni líður best við eldhúsborðið að horfa út um gluggann og njóta útsýnisins en á í miklum erfiðleikum með að gera upp á milli fjölmargra hluta sem prýða heimili hennar og Orra Finnssonar.

Helga Guðrún býr með Orra Finnssyni í snoturri íbúð á Vesturgötunni. Ásamt því að búa saman hanna þau, smíða og selja skartgripi saman undir merkinu Orri Finn Design. Það er jólalegt um að litast í íbúðinni, lítið jólatré í miðri stofunni og englar á stjái. „Það var svo brjálað að gera fyrir jól að við skreyttum svo seint. Jólatréð var sett upp í stressi á aðfangadagsmorgun og ég bara tími ekki að taka jólin strax niður,“ segir Helga Guðrún.

Það er gaman að skoða heimili Helgu og Orra sem ilmar af reykelsi og kveikt er á ótal kertum. Í hillunum eru alls kyns forvitnilegir hlutir, óvenjulegir og framandi, marglit teppi á sófum og alls kyns hljóðfæri uppi á veggjum. „Ég er mikið fyrir þjóðlega hluti og handverk frá fjarlægum svæðum,“ segir Helga og hefst handa við að sýna og segja frá uppáhaldshlutunum sínum en hún átti erfitt með að velja á milli. Hún ákvað að lokum að vera á persónulegu nótunum og valdi hluti sem skipta hana hjartans máli.



**FÍNI STÓLLINN**
Helgu Guðrúnu var lengi búið að langa í demantastól eftir Marcel Wanders og ákvað að leyfa sér að kaupa eitt stykki þegar hún flutti í íbúðina á Vesturgötu fyrir fáeinum árum. „Ég heillast svo af þessu stundaglasformi og demantaforminu inni í honum. Einnig hvernig birtan flæðir í gegnum hann. Mig langar í fleiri liti og safna fleiri stólum en ég hef bara ekki plássið í það.“

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is



**GJÖFIN GÓÐA**
„Mamma fékk að gjöf heklað sjal frá fyrrverandi tengdamóður systur minnar. En mamma fékk aldrei að sjá þetta sjal, ég var fimmtán ára og féll alveg fyrir því, tók það og hef verið með það upp á dag síðan. Ég hef margoft týnt því og gleymt því á ýmsum stöðum en finn það alltaf aftur. Ég held það séu einhverjir galdrar í þessu. Síðan gaf þessi kæra fjölskylduvinkona okkar, hún Guðný Daníelsdóttir, mér glænýtt sjal í afmælisgjöf og sagði að fyrst ég væri svona hrifin af sjölunum hennar ætti ég að fá nýtt.“



**FYRSTI SKARTGRIPURINN**
Fyrsta línan sem Helga og Orri hönnuðu saman er byggð á akkeri. Fyrsta akkerið sem var gert er hálsmen úr gulli og þetta hálsmen ber Helga á hverjum degi og tekur aldrei af sér. „Þessi hlutur er næstur hjarta mínu. Fyrsti skartgripurinn sem við Orri náðum saman með og þetta er mitt akkeri,“ segir Helga.


KRÓNAN
Nýtt kortatímabil!
20% afsláttur
1659 kr. kg
Verð áður 2073 kr. kg
Folaldagúllas eða folaldasnitsel
42% afsláttur
359 kr. kg
Verð áður 620 kr. kg
Folaldahakk
31% afsláttur
3399 kr. kg
Verð áður 4977 kr. kg
Folaldalundir
ÚTSALA
Á FOLALDAKJÖTI
af nýslátruðu!
32% afsláttur
2399 kr. kg
Verð áður 3525 kr. kg
Folaldapiparsteik
27% afsláttur
2999 kr. kg
Verð áður 4147 kr. kg
Folaldafile
32% afsláttur
2399 kr. kg
Verð áður 3525 kr. kg
Folaldainnralæri
ÍSLENSKT
176 kr. kg
Bökunarkartöflur í lausu
399 kr. kg
Spergilkál
369 kr. kg
Sætar kartöflur
Krónan Árbæ
Krónan Bíldshöfða
Krónan Breiðholti
Krónan Granda
Krónan Hvaleyrarbraut
Krónan Lindum
Krónan Mosfellsbæ
Krónan Reykjavíkurvegi
Krónan Vallakór
Krónan Akranesi
Krónan Reyðarfirði
Krónan Selfossi
Krónan Vestmannaeyjum

# 8 UPPÁHALDS ÖPPIN



Sævar Helgi Bragason formaður Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness.

**INSTAGRAM**
Þarf maður ekki að skrásetja lífið og forvitnast um aðra? Fylgið mér: saevarhb

**MOON GLOBE HD**
Tunglið er gígótt og ómögulegt að muna nöfnin á öllum gígunum. Þetta er kort af tunglinu í hárri upplausn. Ómissandi.

**GAS GIANTS**
Vinn við að sýna fólki himingeiminn. Þetta app er nauðsynlegt til að sjá hvar tunglin eru í kringum Júpíter og Satúrnus.

**SPOTIFY**
Tónlist er eitt af því sem gerir lífið betra.




**TWITTER**
Dýrka Twitter (@saevarhb). Þar eru margir vísindamenn að miðla rannsóknum sínum. Og fótbolti. Twitter er líka yfirleitt fyrst með (vísinda)fréttirnar.

**PODCAST**
Hlusta mikið á hlaðvarpsþætti, aðallega um vísindi. Kjarninn kemur líka sterkur inn, sérstaklega Þáttur um kúl hluti.

**VEÐUR**
Þarf að vita hvenær sést til stjarna, sem er reyndar alltof sjaldan.

**STRAVA**
Algerlega ómissandi til að halda utan um hlaupin. Stefni á Laugaveginn.



**DREKAÖLD** Dragon Age: Inquisition gerist í gríðarlega stórum heimi.

## DA:I kemur góðri sögu á framfæri

**DRAGON AGE INQUISITION**
★★★★☆
PC ÆVINTÝRI

Leiðtogar fjölmennustu trúarbragða heimsins eru látnir, galdramenn og Templars berjast sín á milli án tillits til saklausra borgara og djöflum rignir af himnum ofan. Einungis einn maður getur komið í veg fyrir endalok heimsins. Þetta er þema hins stórskemmtilega Dragon Age: Inquisition í hnotskurn.

Dragon Age: Inquisition er gífurlega umfangsmikill leikur og í senn stórskemmtilegur. Það tók mig rúmar 90 klukkustundir að klára sögu leiksins en þá átti ég heilan helling af efni eftir og gafst í raun bara upp. Nú hef ég spilað leikinn í 120 klukkustundir. Fjölmörg stór opin svæði eru opin leikmönnum og Bioware hefur tekist að komast hjá því að svæðin virki tóm. Það vill oft vera erfitt að halda striki í verkefnum, þar sem maður er alltaf að rekast á eitthvað nýtt til að skoða.

Saga leiksins er stórgóð og DA:I sýnir enn og aftur hve góður miðill tölvuleikir eru til að koma góðri sögu á framfæri. Þó um sé að ræða hlutverkaleik, er hann óhefðbundinn að því leyti að nú fær leikmaður ekki færi á að stilla af styrkleika karaktersins, með því að setja punkta í styrk eða gáfur hans. Hetjan er þróuð í samtölum við aðra karaktera leiksins.

Þrátt fyrir að ýmis atriði séu Dragon Age: Inquisition til trafala er gífurlega margt sem gerir þennan leik stórskemmtilegan og eftirsóknarverðan. Spilun hans er skemmtileg. Þótt bardagar geti orðið einsleitir, eru þeir skemmtilegir og oft á tíðum mjög erfiðir og leikurinn lítur vel út. Samtöl hetja sem eru í leiknum geta verið mjög fyndin en flestir karakterar í honum eru mjög vel unnir og talsettir.

Saga leiksins er frábær og umfang hans veldur því að mikill tími fer í að spila hann. Þar að auki er endurspilunargildi hans mikið þar sem forvitnilegt er að spila hann sem galdramaður í eitt skipti og Qunari eða dvergur í annað skipti. Þá gefur netspilun leiknum aukið gildi. Allt í allt er ekki ólíklegt að þó nokkrir vinnudagar fari í spilun DA:I.

Samuel@frettabladid.is

# Plútó innan seilingar

Könnunarfarið New Horizons hóf sex mánaða langt aðflug sitt að Plútó í fyrradag. Farinu var skotið á loft árið 2006 með það að markmiði að svipta hulunni af þessu fyrirbæri sem lónir í jaðri sólkerfisins.

Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@365.is



Eins og allir áhugamenn um sólkerfið okkar ágæta vita þá hefur Plútó ekki átt sjö dagana sæla frá því að hann var uppgötvaður árið 1930. Stjörnufræðingar hópast reglulega saman á fjölmennum ráðstefnum til að endurskilgreina dvergreikistjörnuna (og djamma, auðvitað). Þannig hefur eðli Plútós ávallt verið á reiki – hann er nánast orðin að óræðum hlut.

Uppgötvun stjörnufræðingsins Clydes W. Tombaugh árið 1930 var auðvitað stórmerkileg. Skyndilega fjölgaði plánetunum í sólkerfinu um eina og voru nú níu talsins. Sjálft nafnið kom stuttu seinna. Ellefu ára gömul stúlka, Venetia Burney, á heiðurinn af því. Venetia var hrifin af klassískri goðafræði og skýrði reikistjörnuna Plútó í höfuðið á undirheimaguðinum. Ekkert Disney-kjaftæði hjá Venetiu litlu.

**Plútó: Brothætt sál**

Plútó var uppáhald allra og naut sín í faðmi stóru systkina sinna. Þessu James Dean-tímabili Plútós lauk endanlega árið 2007 þegar stjörnufræðingar færðu hann í nýjan flokk. Plútó varð fyrsta dvergreikistjarnan, mikið feimnismál meðal himintunglanna.

Þó svo að deilt sé um skilgreiningar þá er Plútó einstaklega áhugavert fyrirbæri. Dvergreikistjarnan er, líkt og plánetur sólkerfisins, á sporöskjulaga braut um sólu og uppfyllir þar með fyrsta af þremur skilyrðum fyrir skilgreiningunni pláneta. Þegar mest lætur er Plútó í 7,5 milljarða kílómetra fjarlægð frá Jörðu. Það tekur Plútó 248 ár að fara einn hring um sólu. Plútó hefur farið þriðjung þeirrar leiðar síðan hann var uppgötvaður fyrir 85 árum.

Plútó uppfyllir síðan annað skilyrðið sem tekur til massa, þyngdarkrafts og lögunar. Þó svo að massi Plútós sé í kringum 1,31 x 1.022 kg (0,24% af massa Jarðar) þá er hann sannarlega hnöttur.

Þrátt fyrir að hafa nægilegan massa til að taka á sig hefðbundna mynd reikistjörnu hefur Plútó ekki getað „hreinsað“ umhverfi sitt og fellur þar með á prófi stjörnufræðinga. Þessi staðreynd og uppgötvun Kuiper-beltisins árið 1992 gefur til kynna að Plútó sé í raun reikisteinn, einn af útvörðum sólkerfisins og á rætur að rekja til hnullunga sem mynduðust þegar efnisþokur tóku að þéttast og mynda reikistjörnur á árdögum sólkerfisins.



> „Við erum komin á fjarlægasta áfangastaðinn með hraðskreiðasta geimfar sögunnar.

**Ísilögð veröld**

Vegna fjarlægðar Plútós frá Jörðu hefur reynst erfitt að skera úr um stærð hans og aðra eiginleika. Líklega er þvermál Plútós einn þriðji af þvermáli Jarðar. Yfirborðið ísilagt og meðalhitastig þægilegar −225°C (alkul er −273,15°C). Svo það gæti verið að flóknar lífrænar sameindir séu til staðar á Plútó og andrúmsloft, þótt ótrúlegt megi virðast, sem samanstendur af köfnunarefni, metani og koltvísýringi.

„Þegar rannsóknir á plánetum eru annars vegar þá er Plútó Everestfjall,“ sagði Alan Stern, yfirmaður rannsókna hjá New Horizons-verkefninu, á blaðamannafundi fyrr í þessum mánuði. „Þetta verkefni markar endalok fyrstu rannsókna á reikistjörnunum. Við erum komin á fjarlægasta áfangastaðinn með hraðskreiðasta geimfar sögunnar.“

Þegar New Horizons var skotið á loft þurfti geimfarið að ná rúmlega 58 þúsund kílómetra hraða á klukkustund til að sleppa frá Jörðu. Um leið og það gerðist var slökkt á vélunum og geimfarið þaut í átt að Plútó. Þannig að New Horizons æðir nú í átt að Plútó á 47-földum hljóðhraða og hefur ferðast 4,8 milljarða kílómetra á 0 krónum á lítrann, þökk sé Newton. Kostnaður verkefnisins nemur reyndar 91 milljarði króna.

**Tímamót**

Þann 14. júlí næstkomandi mun New Horizons æða fram hjá Plútó og taka ljósmyndir í návígi (í 10 þúsund kílómetra fjarlægð frá Plútó) og í kjölfarið halda á vit ævintýranna í Kuiper-beltinu. Plútó og Kuiper-beltið eru dularfull fyrirbæri en líkur eru á að gögnin frá New Horizons muni varpa ljósi á uppruna þeirra og þar með uppruna sólkerfisins. Litlar, ísilagðar dvergreikistjörnur eru líklega algengustu plánetur alheimsins.

„New Horizons-verkefnið mun bylta skilningi okkar á hvernig reikistjörnur haga sér í Kuiper-beltinu,“ sagði William McKinnon hjá Washington-háskóla. „Við erum á leiðinni að hinni dæmigerði plánetu í Kuiper-beltinu.“

Eftir náin kynni við Plútó mun New Horizons halda í átt að öðrum dvergreikistjörnum í Kuiperbeltinu. Hvort það verkefni verði að veruleika veltur á því hvort fjármagn fáist frá NASA.

„Frá vísindalegum sjónarhóli er þetta verkefni ekki ólíkt því sem við höfum gert með geimkanna á sporbraut um aðrar plánetur. Þó svo að New Horizons yfirgefi Plútó mun hann halda áfram að senda okkur gögn. Þau munu í raun halda áfram að koma í 16 mánuði,“ sagði McKinnon.

**DONKEY KONG** Amiibo tengjast Wii U-tölvunni í gegnum nema á henni.



# Amiibo slá í gegn á Íslandi

Link er vinsælasta fígúran en Donkey Kong, Mario og Fox fylgja fast á eftir.

Amiibo-fígúrurnar frá Nintendo komu út fyrir jól og kom mörgum á óvart hversu miklar vinsældir þeirra hafa verið um allan heim. Ísland er þar engin undantekning en Ormsson selur fígúrurnar í verslunum sínum um allt land og hjá endursöluaðilum.

„Nintendo-unnendur eru mjög spenntir fyrir þeim. Við fáum margar fyrirspurnir og svo hefur fólk komið í röðum þegar við fáum nýjar fígúrur,“ segir Stefán Már Melstað, söluráðgjafi hjá Ormsson.

Amiibo tengjast ýmsum tölvuleikjum Nintendo og geta spilarar t.d. þjálfað upp hverja fígúru fyrir sig í Super Smash Bros. til að spila heima eða taka með sér til vina.

Margar klassískar persónur tölvuleikjasögunnar komu út í fyrsta skammti en von er á fleiri skömmtum á næstu misserum. „Við höfum verið með alla Amiibo sem voru gefnar út fyrir Norðurlöndin, að þessu sinni eru það 18 fígúrur. Link hefur verið langvinsælastur en Donkey Kong, Fox, Mario, Marth og Samus fylgja þar á eftir,“ segir Stefán.

tinni@365.is

# NETVERSLANIR
# &VEFSÍÐUGERÐ

Kynningarblað

LAUGARDAGUR **17. JANÚAR 2015**

## Sérfræðingar í netverslunum

**Smartmedia er stærsti einstaki þjónustuaðili netverslana á Íslandi.** **SÍÐA 4**

## Síður sem finnast betur á Google

**Allra Átta býður veflausnir fyrir fyrirtæki sem vilja sjást.** **SÍÐA 7**

## Skemmtilegur innri vefur

**Premis lauk nýlega innleiðingu á skemmtilegum innri vef fyrir N1 sem vakið hefur athygli.** **SÍÐA 8**



NORDICPHOTOS/GETTY

# Engar töfralausnir eru í boði

Markaðssetning skiptir mjög miklu máli þegar vefverslun er sett á fót. Samfélagsmiðlarnir geta hjálpað, tölvupóstsmarkaðssetning er vanmetið tól og sama má segja um bloggið. Skilningur stjórnenda fyrirtækja á markaðsmálum skiptir þó mestu máli.

Að mörgu er að huga þegar vefverslun er sett á fót og þar skiptir markaðssetningin mjög miklu máli. Þar gilda þó í grundvallaratriðum sömu lögmál og hjá hefðbundnum fyrirtækjum að sögn Þórönnu K. Jónsdóttur markaðsráðgjafa. „Fyrirtækin þurfa að þekkja markhópinn sinn og hvernig best er að ná til hans. Um leið þarf að byggja upp sterkt vörumerki þannig að fólk þekki fyrirtækið og það höfði til þeirra. Á netinu dettur enginn óvart inn í vefverslunina til þín og því þurfa markaðsaðgerðirnar að vera enn markvissari.“

Kostir netsins eru þeir að auðveldara er að fókusa á réttan markhóp en það kalli hins vegar á góða þekkingu á ýmsum tækjum og tólum sem stundum sé ekki til staðar. „Fyrsta atriðið er auðvitað að fá umferð inn á vefinn og flestir átta sig á nauðsyn þess. Það sem vantar svo oft upp á er næsta skref sem er að ná þessari umferð inn til sín þannig að maður geti haldið áfram að byggja upp sambandið, til dæmis gegnum tölvupóstinn.“

Tölvupóstsmarkaðssetning er að mati Þórönnu gríðarlega vanmetin á Íslandi og fá dæmi um fyrirtæki sem framkvæma hana vel. „Þarna eru gríðarlega mikil tækifæri. Tölvupóstsamband þarf að nýta til að byggja tengsl þannig að hægt sé að selja áfram. Þeir sem standa sig vel á þessu sviði geta hreinlega verið í áskrift að tekjum. Öflugur póstlisti af fólki sem skráir sig þar sjálft og hefur áhuga á því sem þú hefur upp á að bjóða er gulls ígildi.“



„Á netinu dettur enginn óvart inn í vefverslunina til þín og því þurfa markaðsaðgerðirnar að vera enn markvissari,“ segir Þóranna K. Jónsdóttir markaðsráðgjafi. MYND/VILHELM

## Engin töfratæki

Samfélagsmiðlar geta einnig verið öflug markaðstól en eru samt engin töfratæki að sögn Þórönnu. Það sé ekki nóg að vera þar inni heldur þurfi að leggja á sig heilmikla vinnu til að ná árangri og mörg smærri fyrirtæki ráða hreinlega ekki yfir mannskap til að sinna þeim. „Facebook er klárlega stærstur og Instagram hefur sótt mikið í sig veðrið. Notkun á Pinterest er alltaf að aukast þótt ég setji spurningarmerki við hvort að hann sé nógu öflugur fyrir lítil fyrirtæki á íslenskum markaði. Twitter er ekkert brjálæðislega mikið notaður hérlendis og þá helst í ákveðnum geirum.“

Lykilatriðið varðandi samfélagsmiðla sé þó að þeir séu í eðli sínu ekki auglýsingamiðlar þótt þeir bjóði vissulega upp á auglýsingar. „Samfélagsmiðlar eru þess eðlis að fólk vill bara vera með og hefur takmarkaðan áhuga á háværum fyrirtækjum sem reyna að selja því eitthvað. Við verðum þess vegna að deila góðu efni þangað inn, efni sem fólk hefur áhuga á og ekki verra að það sé fræðandi, skemmtilegt eða hreyfi við fólki á einhvern hátt.” Hún segir samfélagsmiðla almennt ekki keyra beint á sölu en þeir geti verið góðir í aukaumferðina á vefnum og til að hefja markaðsferlið.

## Bloggið áhrifaríkt

Aðspurð um helstu breytingar á næstunni er snúa að markaðssetningu á netinu segir Þóranna að erfitt sé um slíkt að spá. Hún voni þó að stjórnendur fyrirtækja átti sig á því að þeir þurfi að læra inn á markaðsmálin því það sé alls ekki nóg að setja upp vefverslunina sjálfa. „Hvort sem um er að ræða vefverslun eða hefðbundið fyrirtæki verða stjórnendur að hafa skilning á markaðsmálunum og hvernig þau virka. Hlutverk markaðsstarfsins er að ná inn viðskiptavinum og það hlýtur þess vegna alltaf að vera grundvallarhlutur; fyrirtæki án viðskiptavina deyr ansi fljótt.“

Einnig skipti miklu máli að segja eitthvað af viti, alveg sama hvort það er á Facebook, Twitter, Pinterest, í tölvupósti eða hvar sem er. „Það gerir þú bara með því að þekkja markhópinn vel og vita nákvæmlega hvernig þú vilt að hann upplifi þig.“

Einnig minnir Þóranna á möguleika bloggsins sem sé allt of lítið notað hér á landi að hennar mati. „Þau eru ekki mörg, ef nokkur, fyrirtækin sem eru að blogga með einhverjum árangri, þrátt fyrir að rannsóknir sýni að fyrirtæki sem blogga og kunna að blogga fá mun meiri umferð á vefina sína en önnur fyrirtæki. Það er eitthvað sem fyrirtæki á vefnum ættu klárlega að skoða.“

Hún ítrekar í lokin að fjölmargir mikilvægir þættir spili saman þegar kemur að markaðssetningu á netinu. „Nefna má leitarvélabestun, efnismarkaðssetningu (e. content marketing) og samfélagsmiðla. Allir þessir þættir spila náið saman og því þýðir lítið að horfa á þá staka hvern og einn. Fyrirtæki þurfa að átta sig á því að það eru engar töfralausnir til í markaðsmálunum. Maður þarf að vinna vinnuna og kunna hlutina og það eru þeir sem eru tilbúnir að leggja það á sig sem munu uppskera árangurinn og skilja hina eftir.“

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Jónatan Atli Sveinsson, jonatanq365.is, s512-5446 Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson.

20% 40% 10% 30% 15% 50% 25%

Útsala á öllum aukahlutum
fyrir iPhone, iPad og Mac!

Allt að 50% afsláttur.
Fullt af flottum dílum.

iStore
Kringlunni



# Vefverslanir

TM Software býður upp á tilbúnar og sérhæfðar lausnir fyrir vefverslanir og hvers kyns bókunarvefi. Allt frá einföldum vefverslunum upp í verslanir sem samþættar eru við birgða- og viðskiptakerfi.

Vefverslanir TM Software byggja á okkar eigin lausnum og opnum hugbúnaði.

# Veflausnir fyrir ferðaþjónustu



TM Software hefur áratuga reynslu í gerð veflausna fyrir ferðaþjónustufyrirtæki. Við þróum veflausnir fyrir ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur, gististaði, bílaleigur, flugfélög og bókunarskrifstofur.

Allt sem þarf til að veita viðskiptavinum ferðaþjónustunnar frábæra þjónustu. Öflugar leitarvélar, notendavæn bókunarkerfi, öruggar greiðslugáttir og fjölbreyttar samskiptaleiðir við viðskiptavini.



# Þjónustu- og innrivefir

TM Software þróar þjónustuvefi og innrinet sem hjálpa viðskiptavinum og starfsfólki að nálgast allar upplýsingar á aðgengilegan máta, afgreiða sig sjálfir á vefnum og hafa yfirlit yfir öll sín mál. Við höfum þróað margar útfærslur af þjónustuvefum fyrir fjölbreyttan hóp viðskiptavina.

Hafðu samband - info@tmsoftware.is eða í síma 545 3000 og bókaðu fund með ráðgjöfum okkar.

TM Software
www.tmsoftware.is



Garðar Eyjólfsson, verkefnastjóri hjá Smartmedia, segir starfsfólk Smartmedia vera sérfræðinga í netverslun og frumkvöðla í þeim geira.

MYND/PJETUR

NETVERSLUN
stöðluð
5.990 m/vsk
á mánuði
59.990 m/vsk
á ári
BÍLABÓKUN
stöðluð
Verð frá
299.990
Öflugt kerfi með
ýmsum eiginleikum
smartmedia
info@smartmedia.is
588-4100

# Sérfræðingar í netverslunum og í bílabókunarsíðum

Smartmedia er stærsti einstaki þjónustuaðili netverslana á Íslandi með um þrjú hundruð netverslanir. Fyrirtækið var stofnað í mars 2008 með það að leiðarljósi að gera sem flestum kleift að opna vefsíðu/netverslun á sem einfaldastan og hagkvæmastan máta . Hjá Smartmedia er boðið upp á tengingar við fjárhagskerfi sem geta gert netverslanir sjálfbærar.

Við hjá Smartmedia bjóðum upp á staðlaðar vefsíður og netverslanir sem allar eru snjalltækjavænar (e. responsive). Einnig bjóðum við upp á sérhönnun eftir ósk og þörfum hvers og eins hvort sem það eru vefsíður, netverslanir, bókunarsíður eða önnur sérhæfð kerfi," segir Garðar H. Eyjólfsson, verkefnastjóri hjá Smartmedia. „Við erum með sérfræðinga í netverslun og höfum við verið frumkvöðlar í þeim geira frá 2009 en vefumsjónarkerfið okkar er mjög einfalt og notendavænt."

### Sjálfbærar netverslanir

Hjá Smartmedia er boðið upp á tengingar við fjárhagskerfi sem geta gert netverslanir sjálfbærar þar sem vöruval, verð og birgðir geta uppfærst sjálfkrafa. „Við höfum margra ára reynslu í því að tengja netverslanir og heildsölur við kerfi eins og DK og Navision og nánast öll önnur kerfi sem bjóða upp á tengingar (vefgáttir). Það sem einkennir þessar tengingar við hin ýmsu fjárhagskerfi er mikill tímasparnaður, rétt birgðastaða og rétt verð sem er forsenda alls reksturs," útskýrir Garðar.

### Aukning í veltu netverslana

Garðar segir það vera hagræðingu fyrir heildsölur að setja upp vefsíðu hjá Smartmedia því sérfræðingar fyrirtækisins geta sett upp lokað svæði með mismunandi verði og tengingu við fjárhagskerfi en Smartmedia tengist öllum innlendum og erlendum kortaþjónustufyrirtækjum (greiðslukerfum). „Það hefur verið mikil aukning á veltu í netverslun, fólk er farið að treysta því frekar að versla á netinu og við höfum verið að sjá yfir þrjátíu prósent aukningu hjá stórum viðskiptavinum hjá okkur og yfir fimmtíu prósent hjá sumum meðalstórum viðskiptavinum."

Garðar bætir því við að þótt aukning í netverslun á Íslandi sé mikil sé enn þá þó nokkuð í land með að ná öðrum þjóðum eins og Bandaríkjunum og Bretlandi. „Við erum einnig á eftir Norðurlandaþjóðum ef tekið er tillit til hlutfalls íbúa."

### Mikilvægi þess að vera með netverslun

Að sögn Garðars eru eigendur fyrirtækja sem ekki nýta sér þann möguleika sem netið hefur upp á að bjóða, sér í lagi hvað netverslun varðar, að missa af sölu og gefa samkeppnisaðilum tækifæri til að ná yfirhöndinni.

Netverslun er ekki bara sölutól, heldur líka sýningargluggi/vörulisti fyrir fyrirtæki sem gerir fólki kleift að finna vöru á netinu, skoða hana, kynnast henni og upplifa vöruna áður en viðkomandi pantar vöruna í netverslun eða mætir í verslun og kaupir hana.

„Það er mjög mikilvægt að vefsíður fyrirtækja séu snjalltækjavænar í dag. Hugsanlega getur velta fyrirtækja á netinu aukist um þrjátíu prósent ef netverslunin er snjalltækja- og notendavæn."

Samkvæmt könnun MMR frá árinu 2013 eiga tveir af hverjum þremur á Íslandi snjallsíma sem er hátt hlutfall miðað við aðrar þjóðir. Ísland er einnig sú þjóð sem er með hæsta hlutfall nettengdra einstaklinga. „Fólk notar símann sinn í æ ríkari mæli til að gera allt á netinu og þar með talið að versla," útskýrir Garðar.

### Eigið vefumsjónarkerfi

Vefumsjónarkerfi Smartmedia, Smartwebber, er búið til af starfsmönnum fyrirtækisins á Íslandi. „Þetta er okkar eigið kerfi og fer öll þróun á því fram hjá okkur. Nýrrar útgáfu af Smartwebber-vefumsjónarkerfinu er að vænta von bráðar en það kerfi er snjalltækjavænt auk þess sem það inniheldur ýmsar nýjungar til að styðja við þær kröfur sem eigendur vefsíðna gera annars vegar og notendur vefsíðna gera hins vegar.

Einnig bjóðum við upp á nýja lausn sem er sölukerfið MiniPos. Það kerfi gerir öllum þeim sem bjóða vöru og/eða þjónusta kleift að selja hana á auðveldan hátt úr hvaða tölvu sem er hvort sem það er borðtölva, fartölva eða spjaldtölva."

### Einföld lausn – meiri skilvirkni

MiniPos er veflæg lausn sem er keyrð í skýi. „MiniPos er einfalt kassakerfi fyrir bæði þá sem eru með netverslanir frá Smartmedia og aðila sem vantar einfalt sölukerfi fyrir sinn rekstur. MiniPos er einnig notað sem pantanakerfi fyrir sölumenn hjá heildsölum og við það heyra stóru pantanabækurnar sögunni til auk þess sem meiri skilvirkni næst í rekstri þar sem pantanir koma rafrænt inn í fyrirtæki til tiltektar jafnóðum og pöntun er gerð af sölumanni út í bæ. Það er mikið af nýjum hlutum í þróun hjá okkur sem fara í loftið á næstunni, til dæmis tengdum MiniPosanum," segir Garðar.

### Fjölbreytt starfsemi

Starfsfólk Smartmedia hefur undanfarið sett í loftið síður fyrir til dæmis Heilsuhúsið, A4, Bakarameistarann, Igló & Indí, Soley Organics, Curvy, Fló.is, Maníu og Kiwanis. Einnig hefur fyrirtækið gert mikið af Facebook-leikjum og Facebook-öppum. „Við vinnum slíkt beint með viðskiptavinum og einnig í gegnum fjölmargar auglýsingastofur sem óska eftir slíku fyrir sína viðskiptavini. Til að mynda gerðum við Facebook leik fyrir ÓB, Ballerína, Hjálparstarf kirkjunnar – Gefum vatn, Kötlu, Securitas, Lambakjöt og Sony Center.

„Auk alls þessa bjóðum við upp á okkar eigið bílabókunarkerfi sem við forrituðum frá grunni og er notað af töluvert mörgum bílaleigum hér á landi eins og Átak, Go-Green Car Rental, SadCars og fleirum. Bílabókunarkerfið er öflugt en einfalt kerfi sem heldur utan um allan bílaflotann og gerir viðskiptavinum auðvelt að panta sinn bíl eftir því hvað hentar hverjum og einum auk þess sem hægt er að panta þá aukahluti sem bílaleigan býður upp á eins og barnabílstóla, GPS, sérstakar tryggingar og fleira."

Einnig má fá bókunarkerfi fyrir gistiheimili hjá Smartmedia sem er smíðað af fyrirtækinu. Það er einnig mjög einfalt kerfi þar sem hægt er að bóka herbergi eða svefnpláss ásamt þeim aukahlutum sem hvert og eitt fyrirtæki vill bjóða upp á.



**SKAUTASVELL Á TJÖRNINNI**
Snjó hefur verið blásið af hluta Tjarnarinnar nálægt Tjarnargötunni og þar er því komið fínasta skautasvell. Þar ættu að vera góðar aðstæður fyrir listdans á skautum.











# Í BETRA JAFNVÆGI OG SEFUR VEL

**ICECARE KYNNIR** *Melissa Dream-töflurnar fá þig til að slaka á, sofa betur og vakna endurnærð/ur. Þetta er ekki lyf heldur náttúruleg vítamín og jurtir.*

Svefntruflanir geta stuðlað að vanlíðan. Við búum í hröðu og erilsömu samfélagi sem veldur því að svefntruflanir eru gríðarlega algengar. Ef þú færð ekki nægan svefn geturðu fengið bauga undir augun, húðin orðið föl og einnig getur það valdið þyngdaraukningu þar sem þú eykur framleiðslu á hormónum sem kalla fram hungurtilfinningu.

**EKKERT HEFUR REYNST EINS VEL**

„Ég hafði verið í vandræðum með svefn og slökun í töluverðan tíma," segir Elsa Ásgeirsdóttir. „Ég starfa sem klæðskeri og hönnuður og starfinu fylgir oft mikið álag. Stundum er ég nánast ofvirk og hausinn oft fullur af hugmyndum sem ég þarf að framkvæma," segir hún og brosir.

„Ég náði alltaf að sofna en náði ekki að sofa alla nóttina, var oft vöknuð um klukkan fjögur á næturnar og átti erfitt með að sofna aftur. Það sem er líka gott við Melissu er að nú heyrir fótapirringur sögunni til, en ég átti það til að vera slæm af fótapirringi þegar ég var komin í háttinn."

Elsa las sér til um Melissa Dream-töflurnar eftir að hún sá þær auglýstar og ákvað að prófa. „Mér leist líka vel á þær þar sem þetta er náttúruleg lausn, mér líkar það betur. Ég hef prófað mjög margt til að ná að hvílast og sofna en ekkert annað hefur reynst mér svona vel. Þetta er það eina sem hefur hjálpað mér hingað til!

Mér líður svo miklu betur eftir að ég næ fullum svefni, er í betra jafnvægi allan daginn og þá verður allt annað líka í betra jafnvægi.

**SKAÐLEGT FYRIR LÍKAMANN**

Svefnleysi veldur því að líkaminn endurnýjar sig hægar, sem getur veikt ónæmiskerfið. Í raun getur svefnleysi verið mjög skaðlegt fyrir líkamann. Það er ekki óalgengt að vinir og samstarfsmenn hafi áhyggjur af þér. Svefnleysi er svo skaðlegt fyrir fólk að það er viðurkennt sem áhrifarík pyntingaraðferð. Til þess að hjálpa þér við að losna við hvíldar- og svefnlausar nætur ættir þú að prófa Melissa Dream-töflurnar.



**EINA SEM HJÁLPAR** Elsa hefur prófað margt til að ná að hvílast og sofna en Melissa Dream-töflurnar eru það eina sem hefur virkað hingað til. MYND/GVA

**SOFÐU BETUR MEÐ MELISSA DREAM**

Í gegnum aldirnar hefur sítrónumelis (lemon balm), melissa officinalis, verið vinsæl meðal grasalækna. Þaðan dregur varan nafn sitt, Melissa Dream. Þessar vísindalegu samsettu náttúruvörur eru hannaðar til að aðstoða þig við að sofa betur og vakna endurnærð/ur og innihalda ekki efni sem hafa sljóvgandi áhrif. Sítrónumelis-taflan inniheldur náttúrulegu amínósýruna L-theanine, sem hjálpar til við slökun auk alhliða B-vítamína, sem stuðla að eðlilegri taugastarfsemi. Auk þess inniheldur taflan mikið af magnesíum, sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og dregur þar með úr óþægindum í fótum og handleggjum og bætir svefn.




**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR**

Melissa Dream-töflurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is.

IceCare
Þín heilsa











**MEÐ STJÖRNUNUM**
Ylfa hefur leikið í fjölda bandarískra sjónvarpsþátta og kvikmynda á ferli sínum. Meðal annars hefur hún leikið á móti Clive Owen og James Spader. Nú er hún stödd á Íslandi við leik í nýrri íslenskri bíómynd.

MYND/GVA

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**




# ERFIÐ LÍFSREYNSLA NÝTIST VEL Í LEIKLISTINNI

**VELGENGNI** *Ylfa Edelstein leikkona hefur verið búsett í Bandaríkjunum frá því hún var nítján ára gömul. Hún hefur leikið í mörgum þekktum bandarískum sjónvarpsseríum en undanfarna daga hefur hún verið að leika í nýrri íslenskri bíómynd.*

Ylfa fékk tilboð um að skoða handrit að nýrri íslenskri kvikmynd sem er í tökum þessa dagana. Leikstjóri myndarinnar og handritshöfundur er þekktur Skoti, Graeme Maley, en hann hefur starfað töluvert með íslenskum listamönnum. Hann hafði samband við Ylfu sem leist strax vel á að taka að sér hlutverkið auk þess sem það gæfi henni tækifæri til að koma til Íslands. Framleiðandi er Vintage Pictures en að baki því standa þær Hlín Jóhannesdóttir og Birgitta Björnsdóttir. „Ég las handritið og fannst það þrusugott og verkefnið spennandi. Þetta er nútíma dramasaga sem gerist í Reykjavík," segir Ylfa.

„Ég má ekki skýra ítarlega frá söguþræði en ég leik konu sem er mjög einangruð og fer ekki úr húsi. Hún hefur einangrast alvarlega í lífinu en tekur loks þá ákvörðun að breyta um lífsstíl. Þetta er djúp persónuferð," útskýrir Ylfa. „Tveir ungir leikarar sem útskrifast úr Leiklistarskóla Íslands næsta vor fara með hlutverk í myndinni, þau Albert Halldórsson og Þuríður Blær Jóhannsdóttir, og gera það listilega vel. Það er mikill kraftur í þessu unga fólki sem segir manni að það er mikil fagmennska í gangi í leiklistarskólanum.

Stefnt er að því að vinna myndina hratt og koma henni á hátíðir í lok ársins. Allir sem standa að þessari mynd eru frábærir listamenn og þetta hefur verið eitt skemmtilegasta verkefni sem ég hef tekið að mér. Að hluta til vegna Graeme sem er frábær leikstjóri í alla staði. Hann leyfði mér að blómstra í hlutverkinu og gaf mér frábærar hugmyndir. Myndin hefur þó ekki hlotið nafn enn."

**LANGUR FERILL**

Ylfa er einhleyp og þegar hún er spurð hvort einhver kærasti sé í kortunum, hlær hún og segir: „Nei, en það verður samt alltaf tími fyrir hjartað þegar að því kemur. Ég á marga góða vini í New York. Hins vegar togar fjölskyldan stundum í mig og mér þótti mjög gaman að hitta bróður minn og fjölskyldu hans á Akureyri um áramótin. Ég á líka æskuvini hér á landi sem alltaf er gaman að hitta. Svo finnst mér æðislegt að fara í íslenskar sundlaugar og drekka vatnið úr krananum."

Ylfa lék hér á landi sem unglingur. Fyrsta hlutverkið var í íslensku sjónvarpsmyndinni, Hver er …, sem Hrafn Gunnlaugsson leikstýrði og sýnd var um jól árið 1984. Einnig starfaði Ylfa sem dansari en hún var í námi hjá Dansstúdíói Sóleyjar Jóhannsdóttur. Meðal annars kom hún fram í auglýsingum og myndböndum á þeim tíma. Hún var aðeins nítján ára þegar hún ákvað að kveðja heimahagana og fara í nám til St. Louis í Bandaríkjunum, þaðan hélt hún til New York og stundaði nám við leiklistarskólann Actor's Space. Um tíma bjó Ylfa í Los Angeles en flutti síðan aftur til New York þar sem hún býr enn. „Ég hef alltaf kunnað vel við mig í New York," segir hún.

**MEÐ FRÆGUM**

Undanfarið hefur Ylfa leikið í sjónvarpsþáttaröðinni The Knick sem HBO framleiðir og Stöð 2 hef-

**SAGAN**

„Það er mikil saga á bak við fjölskyldu mína," segir Ylfa. „Þessi ógnartími nasismans er nær manni í tíma en fólki finnst og enn eru óhugnanlegir atburðir að gerast í heiminum."

**Skoða má feril Ylfu inni á heimasíðunni ylfaedelstein.com**



**Á HVÍTA TJALDINU**
Ylfa í kvikmyndinni 9 Line sem frumsýnd verður í haust. Hér með leikaranum Mikal Vega.

ur sýnt. Steven Soderbergh leikstýrir þáttunum og aðalhlutverkið er í höndum Clives Owen. Þættirnir hafa fengið mjög góða dóma en vinna við aðra þáttaröð hefst í febrúar og mun Ylfa halda áfram leik sínum í þeim. „Það hefur verið mjög skemmtilegt að vinna við þessa þætti og ég hlakka til að halda áfram en upptökur munu standa fram í maí,“ segir hún.

Ylfa kom einnig fram í þáttunum The Blacklist þar sem James Spader fer með aðalhlutverkið. Þeir þættir hafa sömuleiðis verið sýndir á Stöð 2. „Ég leik valdamikla og slæma þýska konu í þáttunum og mun birtast aftur í næstu seríu. Þar kemur sér vel að ég get talað með þýskum hreim en ég er af þýskum ættum,“ segir Ylfa og hlakkar mikið til þeirra verkefna sem bíða hennar á nýja árinu. „Mér líður alltaf best þegar ég er að leika,“ bætir hún við. „Þá er ekki síðra að geta sameinað Íslandsheimsókn og vinnu og farið í sund á hverjum degi.“

Ylfa hefur sömuleiðis nýlokið við að leika í nýrri bandarískri kvikmynd, 9 Line. Hún verður frumsýnd í haust og þar fer Ylfa með stórt hlutverk eiginkonu hermanns. „Myndin fjallar um hermann sem er að koma heim úr stríði og þarf að glíma við áfallastreituröskun eftir að hafa misst besta vin sinn. Myndin á að vekja athygli á þeirri staðreynd að 23 hermenn fremja sjálfsmorð á hverjum degi í Bandaríkjunum og litla hjálp er hægt að fá.“

**MÖGNUÐ SAGA**

Foreldrar Ylfu eru báðir Þjóðverjar en hún lítur þó fyrst og fremst á sig sem Íslending, enda fædd hér og uppalin. Móðir hennar, Anne-Marie Egloff, lést snögglega þegar Ylfa var nýflutt til Bandaríkjanna, langt fyrir aldur fram. Ylfa segir að sú reynsla hafi verið erfið og fylgi sér enn. „Ég trúi því að þeir sem eru farnir lifi áfram í manni og móðir mín lifir í mér. Erfið lífsreynsla nýtist manni vel í leiklistinni.“

Faðir Ylfu er Stefán Edelstein, skólastjóri Tónmenntaskólans. Afi hennar og amma úr föðurætt voru flóttafólk frá Þýskalandi. Þau flúðu nasismann og komu til Íslands árið 1938. „Afi minn, Heinz Edelstein sellóleikari, var kennari við tónlistarskólann og lék í hljómsveit Tónlistarfélagsins í Reykjavík sem var undanfari Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hann stofnaði Barnamúsíkskóla Reykjavíkur sem nú er Tónmenntaskólinn. Það er mikil saga á bak við fjölskyldu mína,“ segir Ylfa. „Þessi ógnartími nasismans er nær manni í tíma en fólki finnst og enn eru óhugnanlegir atburðir að gerast í heiminum. Ég heimsótti föðurbróður minn, Wolfgang Edelstein, í Berlín nýlega og þar fann ég mikið af bréfum og greinum sem tengdust sögu fjölskyldu minnar. Ættingjar afa og ömmu fórust allir í útrýmingarbúðum,“ segir hún.

**SNILLINGARNIR**

Ylfa horfir bjartsýn til ársins. „Ég er jákvæð, hugsa vel um mig, lifi heilbrigðu lífi og trúi á það góða.“ Þegar Ylfa er spurð hvernig henni lítist á að Jóhann Jóhannsson hafi hlotið Golden Globe og sé tilnefndur til Óskarsverðlauna svarar hún: „Það er frábært þegar landar manns eru að gera góða hluti. Ég man hversu stolt ég var þegar Björk kom á rauða dregilinn í svanskjólnum. Ótrúlegur kraftur býr í Íslendingum. Í rauninni magnað hversu þetta litla land á marga snillinga.“

elin@365.is



MYND/VILHELM

## STJÖRNU- OG NORÐURLJÓSAGANGA

**GÖNGUFERÐ FYRIR UNGA SEM ALDNA**

**Ferðafélag Íslands og Háskóli Íslands standa fyrir skemmtilegri göngu í kvöld en hún er helguð himingeiminum. Hist verður við skrifstofu FÍ í Mörkinni 6, þaðan verður farið á einkabílum í Heiðmörk. Þar mun Sævar Helgi Bragason, verkefnisstjóri við Háskóla Íslands og kennari í Háskólalestinni, svara spurningum um norðurljósin, stjörnurnar og vetrarbrautina.**

**Nauðsynlegt er að klæða sig vel og taka með kíki og nesti en gönguferðin tekur um tvo til þrjá tíma.**

**Ferðin er farin í samstarfi við Ferðafélag barnanna og því eru börn sérstaklega velkomin.**

**Ferðin er liður í samstarfi Háskóla Íslands og Ferðafélags Íslands um göngu- og hjólaferðir undir yfirskriftinni „Með fróðleik í fararnesti“ sem hófst á aldarafmælisári skólans árið 2011.Ferðirnar verða níu talsins á árinu 2015 og tekur hver um tvær klukkustundir. Þátttaka er ókeypis og allir eru velkomnir.**


TERRANOVA

BÆTIEFNIN SEM VIRKA



Gæði og hreinleiki er eitthvað sem skiptir mig mjög miklu máli þegar ég vel fæðubótarefni og matvæli.

Ég er mjög ánægð með Terranova vörurnar því að þær eru án fylliefna, bindiefna og annarra aukaefna.

Jóhanna S.
Höfundur „100 heilsuráð til langlífis“



**Magnifood Intense Berries** Þessi berjablanda er sannkölluð ofur blanda. Auk sérlega andoxunarríkra berja, þá inniheldur þessi frábæra blanda þörunga, góðgerla og meltingarensím – allt sem stuðlar að heilbrigðri og góðri húð. Ef þú ert vel nærður að innan þá sést það að utan, svo einfalt er það!



**Green Purity** er í miklu uppáhaldi hjá mér. Þessi magnaða blanda inniheldur hreinsandi og sérlega næringarríkar jurtir sem lifrin hreinlega elskar. Það er mikilvægt að hlúa vel að þessu mikilvæga líffæri sem lifrin er og þessi jurtablanda gerir það svo sannarlega. Það besta er að maður þarf aðeins hálfa teskeið af jurtablöndunni – svo mögnuð er hún.



**Easy Iron** Ég er ein af þeim sem þarf reglulega að taka inn járn. Easy Iron frá Terranova inniheldur jurtir sem tryggja hámarks upptöku og nýtingu járnsins. Stóri kosturinn við Easy Iron er það fer vel í maga, ólíkt mörgum öðrum járntöflum.



**B12 Vitamin** Það er gífurlega mikilvægt að passa upp á B12 vítamínbirgðir líkamans en B12 vítamínskortur hefur margvísleg neikvæð áhrif á heilsu okkar. Það besta við B12 vítamínið frá Terranova er að það er af gerðinni methýlkóbalamín sem auðvelda upptöku líkamans á efninu.

Terranova er ímynd hreinnar næringar og vellíðunnar. Inniheldur engin fylliefni, bindiefni eða önnur aukaefni.
**Terranova bætiefnin sem virka.**

Nánar á facebook - Terranova Heilsa

Heilsuhúsið | Lifandi Markaður | Gló Fákafeni | Blómaval,
Lyfja Smáralind | Lyfja Smáratorg | Lyfja Laugavegi | Lyfja Lágmúla | Lyfja Keflavík

# ÍSLENSK GÆÐAFRAMLEIÐSLA

**ICEPHARMA KYNNIR** *Pharmarctica á Grenivík sérhæfir sig í framleiðslu á snyrtivörum, fæðubótarefnum, hár- og líkamssápum, smyrslum, mixtúrum og sótthreinsandi lausnum. Apótek er vörulína frá Pharmarctica sem þekkt er fyrir gæði og viðráðanlegt verð. Pharmarctica framleiðir tvær vítamínlínur fyrir Icepharma, Ein á dag og Biomega. Eru þau einu vítamínin á Íslandi sem framleidd eru frá grunni hér á landi.*




Pharmarctica var stofnað árið 2002 en starfsemin hófst í maí 2003 í húsnæði á Grenivík við Eyjafjörð. Fyrst í stað var lögð áhersla á framleiðslu á forskriftarlyfjum lækna og snyrtivörum en síðan fór að bætast við verktakavinna í miklu magni fyrir fyrirtæki víðsvegar af landinu,“ segir Sigurbjörn Þór Jakobsson framkvæmdastjóri Pharmarctica. Meðal fyrirtækja og stofnana sem Pharmarctica hefur starfað fyrir má nefna Zymetech, Landspítalann, SIF-cosmetics, FSA, Sóley organics, IceCare, Primex, Icepharma, Hananja og Lipid Pharmaceuticals.

„Í dag sérhæfum við okkur í framleiðslu á snyrtivörum, fæðubótarefnum, hár- og líkamssápum, smyrslum, mixtúrum og sótthreinsandi lausnum,“ segir Sigurbjörn.

Pharmarctica er fyrirtæki í örum vexti. Fyrir ári tók það í notkun til viðbótar nýtt 360 fermetra húsnæði á Grenivík og í bígerð eru fleiri verkefni. „Við sjáum fram á að auka enn á framleiðsluna, taka að okkur fleiri verktakaverkefni, breikka úrvalið af lyfjum og sinna forskriftarlyfjamarkaðnum sem í raun enginn annar á Íslandi er að sinna en er afar nauðsynleg þjónusta,“ lýsir hann og bendir á að framleiðsluaðstaða fyrirtækisins sé vottuð af Lyfjastofnun.

Sigurbjörn kann vel við sig á Grenivík og telur marga kosti að reka fyrirtæki úti á landi. „Hér er gott að vera, starfsfólkið er allt mjög fært og starfsmannaveltan lítil sem hefur mikið að segja um starfsánægjuna hér,“ segir hann brosandi.

**APÓTEK**

Apótek-línan frá Pharmarctica er vel þekkt meðal íslenskra neytenda. Línan er viðamikil en innan hennar er hægt að fá allt frá sótthreinsilausnum og lyfjamixtúrum til krema og alls þar á milli. Sigurbjörn segir fólk hafa tekið línunni vel enda gæðavörur á góðu verði. „Við leggjum meira upp úr því að hafa vöruna ódýra en að eyða miklu í umbúðir og markaðssetningu. Gæði varanna eru hins vegar alltaf í fyrsta sæti enda eru þær framleiddar undir ströngustu gæðakröfum.“

APÓTEK-lyfjalínan samanstendur af mixtúrum, lausnum og kremum sem framleidd eru eftir forskriftum lækna.

## EIN Á DAG SYKURLAUS LÍNA

Ein á dag-vítamínin, eins og nafnið segir til um, eru ráðlagður dagskammtur fyrir fullorðna í hverri töflu af fjölvítamíni, B-, C- og E-vítamíni. Ein á dag hefur verið á markaði síðan 1991 og hefur verið vinsælt vítamín hjá eldra fólki. Vítamínin frá Ein á dag innihalda ekkert gelatín og eru því kjörin fyrir grænmetisætur.

## BIOMEGA

Biomega-vítamínin eru framleidd undir ströngum gæðakröfum. Línan er afar breið en þar má meðal annars finna fjölvítamíntöflur, kalktöflur + D og B-, C-, og E-vítamín og eru sniðin að þörfum Íslendinga. Biomega-vítamínlínan mætir þörfum allra í fjölskyldunni, stórum sem smáum.

Allar þessar vörur frá Pharmarctica fást í apótekum um land allt.



**SIGURBJÖRN ÞÓR JAKOBSSON** framkvæmdastjóri Pharmarctica.




APÓTEK-snyrtivörulínan inniheldur allar þær vörur sem þarf til að viðhalda mýkt, raka og teygjanleika í húðinni.

Snyrtivörurnar eru hannaðar með viðkvæma húð í huga og því eru engin ilm- eða litarefni í þeim. Þær eru parabenfríar og einnig er allri rotvörn haldið í lágmarki.

**BIOMEGA OG EIN Á DAG**

Parmarctica framleiðir umfangsmiklar bætiefnalínur fyrir Icepharma. Annars vegar Biomega og hins vegar Ein á dag. Pharmarctica er eina fyrirtækið á Íslandi sem framleiðir vítamín frá grunni.

**UPPLÝSINGAR**

„Nánari upplýsingar má finna á vitamin.is og á Facebook undir vitamin.is, Biomega – íslensk vítamín og Apótek, íslenskar hágæðavörur.

# ÚTSALA



SVEFNSÓFI **ÚTSALA kr. 109.900** Áður kr. 139.900



ADELE
**ÚTSALA**
**kr. 48.900**
Áður kr. 69.000



CORE
**ÚTSALA**
**kr. 75.000**
Áður kr. 107.200



VALMONT **ÚTSALA kr. 128.600** Áður kr. 151.300



MONET
**ÚTSALA**
**kr. 48.900**
Áður kr. 69.800



DAPHNY
**ÚTSALA**
**kr. 79.900**
Áður kr. 96.500

**10 - 50%** AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HÚSGÖGNUM OG SMÁVÖRU

**LÍNAN**

BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARD. 11 - 16



**SPENNTUR** „Þetta verður algjör veisla og tóm gleði sem er fram undan,“ segir Örvar Þór Guðmundsson, heitur stuðningsmaður íslenska handboltalandsliðsins. MYND/STEFÁN



**TIL Í SLAGINN** Á myndinni sjást nokkrir íslenskir stuðningsmenn á setningarathöfninni auk leikmanna og hluta þjálfarateymis. MYND/EVA BJÖRK



**SETNING** Setningarathöfnin fór fram í Lusail Hall og þótt einkar glæsileg. MYND/GETTY

# SÁ GAMLI Á ÞAÐ TIL AÐ ÆSA SIG

**BOLTAVEISLA FRAM UNDAN** *Heimsmeistaramótið í handbolta hófst á fimmtudaginn. Örvar Þór Guðmundsson er einn æstra stuðningsmanna íslenska liðsins sem mun fylgjast vel með strákunum okkar næstu daga. Hann spáir liðinu góðu gengi og sæti í undanúrslitum mótsins. Fjölskyldan horfir saman á leikina heima og stundum gengur mikið á, sérstaklega þegar pabbi öskrar.*

Það hefur tæplegast farið fram hjá landsmönnum að heimsmeistaramótið í handbolta hófst í Katar á fimmtudaginn. Íslenska landsliðið spilar í C-riðli og hóf leik í gær gegn sterku liði Svía og á morgun leikur landsliðið gegn Alsír. Gjarnan er talað um handbolta sem þjóðaríþrótt Íslendinga en stór hluti landsmanna fylgist með liðinu á stórmótum sem þessum. Heimsmeistaramótið í Katar er engin undantekning og einn þeirra sem sem beðið hafa eftir mótinu í margar vikur er Örvar Þór Guðmundsson. Hann spáir liðinu góðu gengi í Katar þrátt fyrir að undirbúningur liðsins hafi verið skammur, enda tók liðið sæti Sameinuðu arabísku furstadæmanna undir lok síðasta árs.

„Þetta verður algjör veisla og tóm gleði sem er fram undan. Það er ekki slæmt að fá svona bombu í janúar meðan það er myrkur og tíu stiga frost úti. Landslið okkar hefur á að skipa þjálfara í heimsklassa en Aron Kristjánsson hefur náð frábærum árangri á ferli sínum og á bara eftir að ná lengra. Nú er hann í fyrsta sinn með öll sín bestu tromp á hendi, til dæmis bæði Aron Pálmarsson og Alexander Petersson heila. Auk þeirra er liðið með Guðjón Val í fínu formi og góða blöndu annarra reyndra og yngri leikmanna. Ég held að þetta verði mótið sem við eigum eftir að fara lengra en flestir búast við, þar með taldir leikmennirnir sjálfir.“

Fyrir utan helstu stjörnur liðsins spáir Örvar því að hornamaðurinn Arnór Þór Gunnarsson og Sigurbergur Sveinsson eigi eftir að standa sig vel. „Arnór hefur verið drjúgur í horninu undanfarið og Sigurbergur á pottþétt eftir að setja nokkrar þrumur. Svo spái ég því að Aron Pálmarsson verði stoðsendingakóngur mótsins.“

Örvar fylgist með mótinu heima í stofunni ásamt fjölskyldu sinni, eiginkonu og þremur börnum. „Ég reyni nú að fylgjast með þessum mótum heima í faðmi fjölskyldunnar. Konan mín gefst reyndar alltaf upp eftir korter því hún þolir ekki spennuna. Það er nánast regla að eftir fimmtán mínútur stendur hún upp og fer að þrífa og taka til. Því er heimilið alltaf stífbónað á meðan þessi mót standa yfir. Krakkarnir þrauka þó með mér í sófanum og æpa og öskra með pabba gamla.“

Hann eyðir þó litlum tíma í að skreyta íbúðina fánum og öðru skrauti eins og tíðkast sums staðar. Þó klæðist hann landsliðstreyju sem Gústaf Bjarnason vinur hans gaf honum sem hann spilaði í á EM í Svíþjóð árið 2002. „Ég spái minna í umbúðir og meira í innihaldinu. Til dæmis stúdera ég mjög vel varnar- og sóknarleik liðanna sem keppa og velti leikskipulaginu fyrir mér. Auðvitað situr maður ekki kyrr allan leikinn heldur stekk reglulega upp úr sófanum öskrandi og æpandi. Annað er ekki hægt enda verð ég oft vel hás eftir landsleikina. Krakkarnir eru aðeins rólegri en pabbinn og bregður oft þegar gamli fer að æsa sig og skilja stundum ekkert í honum.“

Þegar rætt var við Örvar á föstudag fyrir leikinn gegn Svíum var hann fullviss um sigur okkar manna. „Við tökum þá pottþétt. Þetta verða vafalaust mikil slagsmál og ekki fallegur leikur. Við skulum von að Svíar séu búnir að kaskótryggja líkama sína því Vignir og félagar munu berja vel á þeim.“

Að öðru leyti spáir Örvar sigri í fjórum leikjum af fimm í riðlinum; gegn Svíum, Alsír, Tékklandi og Egyptalandi. „Þetta verða allt erfiðir leikir en detta þó með okkur. Ég spái bara tapi gegn geysilega sterku liði Frakka og þar með náum við öðru sæti í riðlinum. Þá mun bíða okkar erfiður leikur í átta liða úrslitum. Þar mun markvarslan detta inn af fullum þunga og ég spái sigri okkar manna og þar með sæti í undanúrslitum. Íslenska liðið hefur hæst náð fimmta sæti á HM þannig að ég spái metárangri í ár. Hvað tekur svo við get ég ómögulega spáð fyrir um á þessu stigi.“

■ starri@365.is



# HÓPEFLI



**Kynningarblað**
**Mountaineers of Iceland, leikir og aðrar leiðir til að létta starfsandann.**

LAUGARDAGUR **17. JANÚAR 2015**



# Leikir færa fólk nær hvert öðru

**Þegar stór hópur samstarfsfélaga hittist utan vinnu getur andrúmsloftið orðið fremur vandræðalegt. Ein af leiðunum til að létta stemninguna er að fara í leiki. Í gegnum leiki lærir fólk að treysta hvert á annað og kynnist á annan hátt en á skrifstofunni. Bandalag íslenskra skáta hefur safnað saman fjölbreyttum leikjum og hér má finna nokkra skemmtilega.**

### Að leiða blindan

**Leikur sem reynir á traust**

*Gott er að hafa ekki fleiri en 12 þátttakendur í þessum leik*

Hópnum er skipt upp í pör (tveir saman). Annar leikur blindan en hinn er leiðsögumaður. Það má ekki tala í leiknum. Einu samskiptin eru snerting lófa þannig að blindinginn leggur lófa hægri handar ofan á hægri lófa leiðsögumannsins. Leiðsögumaðurinn stjórnar ferðum þeirra með ákveðnum hreyfingum:

- Að ýta lófa upp merkir að nú fari þeir upp, t.d. upp á stól.
- Að lækka lófann þýðir að nú fari þeir niður, t.d. skríða.
- Að draga lófann að sér, þýðir að nú á að fara áfram.

### Skaftið niður

**Skrítinn og skemmtilegur samvinnuleikur.**

Látið þátttakendurna (10 til 20) fara í tvær raðir sem snúa að hvor annari. Allir setja vísifingur hægri handar inn að miðju þannig að fingur allra þátttakenda séu í röð í sömu hæð, sem næst bringuhæð.

Leggið létt 3-5 metra langt prik, til dæmis úr bambus, ofan á fingur þátttakenda og segið þeim að leggja prikið varlega á jörðina.

Yfirleitt fer prikið upp en ekki niður sem getur verið mjög skondið og valdið þátttakendum gremju. Þegar þeir ná hins vegar að róa sig niður og fara að reyna að leysa verkefnið hægar gengur það vel.

### Vatnsþrautaganga

**Þrautabraut þar sem markmiðið er að koma bolla fullum af vatni frá öðrum endanum yfir á hinn.**

Þrautabraut er gerð með alls kyns hindrunum, borðum, stólum, trjám eða hverju því sem leikstjórnanda dettur í hug. Lína er strengd í gegn um þrautabrautina, undir og yfir og fest kyrfilega á báðum endum eftir að haldið á bollanum hefur verið þrætt á.

Liðsmenn eiga þá að keppast við, einn í einu, að fylla bollann á byrjunarreit og hlaupa með hann áfastan bandinu í gegn um þrautabrautina og hella innihaldi hans í fötuna á hinum endanum. Þegar annað liðið er búið er vatnsmagnið í fötunni mælt og hitt liðið tekur við.

Það lið sigrar sem er með meira af vatni eftir ákveðinn tíma.



### Fallið

**Hópurinn grípur þátttakanda sem lætur sig falla af stalli.**

Einn er sjálfboðaliði sem ætlar að láta sig falla. Afgangurinn af hópnum skiptir sér í tvennt og myndar tvær raðir sem standa þétt hvor á móti annarri. Hendur eru settar fyrir framan búk.

Handstaðan: Lófar upp og fingurbroddar að þeim sem er á móti. Hendurnar eru þétt saman þannig að það myndist „dýna“ til að lenda á.

Sjálfboðaliðinn stendur uppi á stallinum, hefur hendur á bringu, er stífur sem spýtukarl. Þegar allir eru tilbúnir þá má sjálfboðaliðinn láta sig falla og hópurinn grípur hann.

### Færibandið

**Leikur sem reynir á samvinnu hóps.**

Þátttakendurnir liggja í tveimur línum og höfuðin snúa saman þannig að þau myndi mynstur eins og rennilás. Nú þurfa allir að lyfta höndunum og svo er einn þátttakandi af öðrum hvorum endanum látinn ganga á höndum hinna. Hann leggst svo við hinn endann og aðstoðar við að flytja næsta þátttakanda.

Gera þarf ráð fyrir einum til að fylgjast með stöðugleika færibandsins og til að taka á móti þeim sem flýtur eftir því.

### Þýtur í laufi

**Leikur sem myndar góð tengsl.**

Myndið hring með um 10 til 15 manns. Ef fleiri eru í hringnum verður hringurinn of víður til að menn finni til öryggis.

Einn stendur í miðjum hringnum með fætur saman og handleggi krosslagða yfir bringu. Þegar allir eru tilbúnir mun sá sem á að falla loka augunum og láta sig falla í eina átt. Sá sem fellur ætti að láta fætur vera á sama stað allan tímann. Fyrst er hann látinn fara hringinn svo allir fái tilfinningu fyrir því að styðja viðkomandi. Mikilvægt er tveir styðji í einu til að forðast slys. Þegar fyrsta hringnum er lokið má láta þann sem er í miðjunni falla tilviljanakennt um hringinn.

# Trukkar sem eiga sér enga hliðstæðu

Mountaineers of Iceland hefur boðið upp á hvataferðir frá árinu 1996. Fyrirtækið sérhæfir sig í jeppa- og vélsleðaferðum á Suður- og Suðvesturlandi. Fyrirtækið hefur yfir að ráða fjölmörgum breyttum jeppum sem eru til þess gerðir að komast greiðlega upp á jökla og yfir aðrar torfærur. Nýlega bættust tveir trukkar í flotann. Þeir eiga sér enga hliðstæðu hér á landi og þótt víðar væri leitað. Trukkarnir eru nýlega komnir á göturnar og nú geta einstaklingar og fyrirtæki leigt trukkana í ævintýraferðir eða hópefli.

Trukkarnir eru afsprengi margra ára reynslu okkar í krefjandi aðstæðum á Langjökli, segir markaðsstjórinn, Sif Helgadóttir, en fyrirtækið fer auk þess með fjölda hópa í Landmannalaugar og vítt og breitt um land. „Herbert Hauksson hjá Mountaineers of Iceland lagði fram hugmyndirnar og voru trukkarnir hannaðir og framleiddir í samstarfi við Vélarás í Hafnarfiði. Þetta er því alfarið íslenskt hugvit og sambærilegir trukkar eru ekki til,“ segir Sif. Hún segir trukkana þegar hafa vakið mikla athygli á götunum og hjá framleiðendum fólksflutningabifreiða erlendis.

Annars vegar er um að ræða 8x8 risatrukk og hins vegar og 10x10 risatrukk, eða Monster Trucks eins og þeir eru kallaðir.

## Öll helstu þægindi

„Átta-hjóla trukkurinn er búinn til úr þremur mismunandi trukkum. Grindin er af þýskum MAN Cat-trukki og framhúsið og vélin úr MAN-trukki. Undir honum er 8X8 hjólastell en eins og nafnið gefur til kynna er drif á öllum dekkjum. Farþegarýmið er svo rúta og rúmar 49 farþega. Þar er að finna öll helstu þægindi sem rútur hafa. Rýmið er vel upphitað með góðri loftræstingu, þægilegum sætum og öryggisbeltum,“ útskýrir Sif.

10x10 trukkurinn var sérsmíðaður hjá GINAF í Hollandi. Hann var sérbyggður til að flytja múrsteina í Hollandi en þar er þörf á mikilli drif- og flutningsgetu. Bílnum var síðan breytt til farþegaflutninga fyrir íslenskar aðstæður hjá Vélarás í Hafnarfirði og af starfsmönnum Mountaineers. Farþegarýmið er eins og í 8X8 trukknum rúta, en tekur 60 farþega,“ segir Sif.

Nýju trukkarnir tveir eru að sögn Sifjar báðir leyfðir á hefðbundnum vegum. „Við getum sótt farþega heim að dyrum enda eru þeir litlu breiðari en hefðbundnar rútur. Þeir eru nokkuð liprir þrátt fyrir mikinn og öflugan drifbúnað. Þeir eru með drif á öllum hjólum, langsplittun og þversplittun og hafa gríðarlega drifgetu.“

Sif leggur þó ríka áherslu á það að starfsmenn fyrirtækisins kappkosti að umgangast landið á umhverfisvænan hátt. „Við keyrum aðeins þar sem leyfilegt er að keyra. Við höfum starfað lengi í ferðaþjónustu og erum mjög meðvituð um að ganga vel um náttúruna. Við viljum vera til fyrirmyndar í þeim efnum.“

Sif segir fyrsta 8-hjóla trukk fyrirtækisins, The Man Kat, hafa kveikt hugmyndina að hinum tveimur. „Hann hefur verið í notkun hjá okkur í nokkur ár. Þetta er gamall hertrukkur frá Þýskalandi sem er nú kominn í sjálfbæra ferðaþjónustu á Íslandi. Þetta er rosalega öflugt tæki sem hefur reynst vel á jöklinum.“

## Fundað og leikið á Langjökli

Mountaineers of Iceland hefur að sögn Sifjar mikla reynslu af ýmiss konar hópefli og er með umfangsmikla starfsemi á Langjökli. „Við erum bæði með hús austan- og vestanmegin á Langjökli. Austanmegin er opið allt árið en vestanmegin yfir sumartímann. Við bjóðum meðal annars upp á fundarpakka þar sem fólk getur komið og haldið vinnufundi í fullbúnu og huggulegu húsi á Langjökulssvæðinu en farið á vélsleða í pásum. Við eigum um 100 vélsleða og bjóðum auk þess upp á ýmsa snjóleiki. Þá erum við vel þekkt fyrir glæsileg útihlaðborð.“

Allar nánari upplýsingar eru að finna á mountaineers.is.




Sif segir fyrsta 8 hjóla trukk fyrirtækisins, The Man Kat, hafa kveikt hugmyndina að hinum tveimur. „Þetta er gamall hertrukkur frá Þýskalandi sem er nú kominn í sjálfbæra ferðaþjónustu á Íslandi.“

Sambærilegir trukkar eru að sögn Sifjar hvergi annars staðar til. Þeir byggja á íslensku hugviti og henta sérstaklega vel við íslenskar aðstæður. MYND/PJETUR



10X10 hjóla trukkurinn kom á göturnar rétt fyrir jól.



8X8 hjóla trukkurinn kom á göturnar í sumar.



Farþegarýmin eru búin til úr rútum og hafa öll helstu þægindi.



Mountaineers of Iceland er með huggulega aðstöðu bæði austan- og vestanmegin á Langjökli..



Í húsinu austanmegin er fundarsalur sem hentar vel fyrir hvers kyns vinnufundi.





Fyrirtækið er þekkt fyrir girnileg og stórglæsileg útihlaðborð sín á Langjökli.



Fyrirtækið hefur mikla reynslu af hópefli. Hægt er að fara á snjósleða og í ýmsa snjóleiki.



Mountaineers of Iceland hefur um 100 vélasleða til umráða.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Gunnhildur Geira, geira@365.is, s. 512-5036 Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson.

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

# Áhættustjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

*Lífeyrissjóður vezlunarmanna var stofnaður 1. febrúar á grundvelli kjarasamninga.*

*Sjóðurinn er stærsti lífeyrissjóður á almennum vinnumarkaði. Eignir hans nema um 500 milljörðum króna. Um 48 þúsund sjóðfélagar greiddu iðgjöld til sjóðsins á liðnu ári og lífeyrisþegar eru rúmlega 13 þúsund.*

*Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri.*

*Á skrifstofu sjóðsins starfa þrjátíu og fimm starfsmenn.*

*Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á heimasíðu hans* ***www.live.is***

Lífeyrissjóður verzlunarmanna óskar eftir að ráða áhættustjóra. Leitað er að töluglöggum, ábyrgum einstaklingi með haldgóða starfsreynslu. Áhættustjóri heyrir beint undir framkvæmdastjóra.

### Helstu verkefni

- Sinna áhættugreiningu og áhættueftirliti í samræmi við áhættustefnu sjóðsins
- Frumkvæði í þróun áhættustefnu og áhættustýringar
- Framkvæma sjálfstæðar úttektir og aðgerðir vegna áhættueftirlits
- Upplýsingagjöf til framkvæmdastjóra, stjórnar og opinberra aðila
- Þátttaka í framkvæmd innra eftirlits
- Seta í áhættunefnd sjóðsins

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði fjármála-, verk- eða tölfræði á háskólastigi, framhaldsmenntun er kostur
- Umtalsverð reynsla af fjármálamarkaði, áhættustýringu og/eða greiningarvinnu sem nýtist í starfi
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Hæfni í að greina tölulegar upplýsingar og að setja þær fram með skipulögðum hætti
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku

*Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) og Þórður S. Óskarsson (**thordur@intellecta.is**) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 2. febrúar nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is.* ***Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.*** *Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér leiðbeinandi tilmæli FME nr. 3/2010 og varða hæfi lykilstarfsmanna. Umsækjandi þarf að geta sýnt fram á að persónuleg fjármál og önnur fjárhagsleg umsýsla sé flekklaus.*

intellecta
ráðgjöf ráðningar rannsóknir

***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

# Leiðandi sérfræðingur í mannauðsmálum ríkisins

Fjármála- og efnahagsráðuneytið er miðstöð nýsköpunar í ríkisrekstri og ber ábyrgð á stefnumörkun í mannauðsmálum ríkisins. Ráðuneytið auglýsir nýtt starf leiðandi sérfræðings í mannauðsmálum ríkisins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Óskað er eftir að ráða í starf leiðandi sérfræðings í mannauðsmálum ríkisins. Starfið felur m.a. í sér mótun og eftirfylgni á mannauðsstefnu ríkisins, s.s. stefnumótun ráðninga- og starfsþróunarmála, þátttöku í útfærslu einstakra þátta mannauðsstefnunnar í tengslum við gerð og framkvæmd kjarasamninga sem og ákvæða laga og reglugerða á sviði starfsmannamála. Hann verður eftir atvikum fulltrúi ráðuneytisins í stjórnum og nefndum þar sem ríkið hefur hagsmuna að gæta.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kynferðis, eru hvattir til að sækja um.

Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum með síðari breytingum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Meistaragráða á háskólastigi, með sterkan fræðilegan grunn í mannauðsstjórnun, er skilyrði
- Starfsreynsla, einkum af skipulagi eða stjórnun mannauðsmála
- Þekking á skipulagi vinnumarkaðar og uppbyggingu og túlkun kjarasamninga er kostur
- Mjög gott vald á íslensku er skilyrði
- Gott vald á ensku og einu Norðurlandamáli í ræðu og riti er kostur
- Mjög góð samskiptahæfni og uppbyggilegt viðmót auk hæfileika til að koma fram
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og hæfileikar til að vinna í teymum
- Lausnamiðuð og gagnrýnin hugsun
- Þekking á upplýsingatækni og góð almenn tölvufærni

**Umsóknarfrestur er til og með 2. febrúar nk.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent


# Capacent Ráðningar

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á **www.capacent.is**

capacent

ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON

# SÖLUSTJÓRI
## SÆLGÆTI OG MATVARA

Ölgerðin óskar eftir reyndum sölustjóra á smásölusvið fyrir sælgæti og matvöru. Sölustjóri smásölusviðs hefur yfirumsjón og ber ábyrgð á rekstri og afkomu sinna vörumerkja sem eru fremst í sínum flokki á markaði, s.s. Kit Kat, Haribo, Mentos og Chupa Chups.

### HLUTVERK OG ÁBYRGÐ:
- Ber ábyrgð á afkomu, sölu og dreifingu sinna vörumerkja
- Ber ábyrgð á að þjónusta sé í samræmi við skilgreint þjónustustig
- Ber ábyrgð á forsöluleiðum sölumanna
- Ber ábyrgð á tilboðsgerð

### HÆFNISKRÖFUR:
- Menntun sem nýtist í starfið
- Reynsla af sölustjórnun er skilyrði
- Framúrskarandi þjónustulund, áreiðanleiki, skipulag og jákvæðni

Umsóknarfrestur er til og með 25. janúar nk. Umsóknir ásamt ferilskrá og kynningarbréfi óskast sendar á netfangið julius.steinn.kristjansson@olgerdin.is, merkt „Sölustjóri sælgæti og matvara“.

**Ölgerðin er eitt stærsta fyrirtækið á sínu sviði. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga. Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri.**



# VAKTSTJÓRI Í ELDHÚS

## Tapasbarinn sækist eftir öflugum vaktstjóra í eldhús

**Við leitum að metnaðarfullum lærðum matreiðslumanni með ástríðu fyrir matargerð**

Viðkomandi þarf að vera jákvæður, vinna vel í hóp og undir álagi og það er kostur að hafa reynslu af stjórnunarstörfum.

Í boði er vinna í skemmtilegum hópi og líflegu umhverfi með miklum möguleika á að vaxa í starfi.

**Nánari upplýsingar eru veittar í síma 895 7350**

**Ef þú vilt slást í hópinn sendu ferilskrá á tapas@tapas.is**

Tapas barinn
RESTAURANT- BAR

Vesturgötu 3B | 101 Reykjavík | Sími 551 2344 | **www.tapas.is**



Hagsýni | Liðsheild | Heilindi | nordural.is




# SPENNANDI SUMARSTÖRF
## FJÖLBREYTT VINNA Á SKEMMTILEGUM STAÐ!

Við leitum að metnaðarfullu fólki í fjölbreytt og eftirsótt sumarstörf í álverinu á Grundartanga. Í boði eru störf af ýmsu tagi við framleiðslu, raf- og vélvirkjun og fleira.

Öll störfin henta jafnt körlum og konum. Norðurál leggur áherslu á heilsusamlegt, öruggt og ánægjulegt starfsumhverfi og góðan starfsanda.

**HÆFNISKRÖFUR:**
- 18 ára lágmarksaldur
- Mikil öryggisvitund og árvekni
- Heiðarleiki og stundvísi
- Góð samskiptahæfni
- Dugnaður og sjálfstæði
- Starfsfólk í raf- og vélvirkjun þarf að hafa sveinspróf eða vera langt komið í námi í viðeigandi fagi
- Bílpróf er skilyrði

Árangurstengd laun sumarfólks í vaktavinnu eru um 400.000 krónur á mánuði fyrir fullt starf. Starfsfólki bjóðast ferðir frá Akranesi, Borgarnesi og af höfuðborgarsvæðinu. **Umsóknarfrestur er til og með 2. febrúar.**

Umsóknir og upplýsingar eru á www.nordural.is og hjá Helgu Björgu Hafþórsdóttur í síma 430 1000. Öllum umsóknum verður svarað og trúnaði heitið.

Norðurál er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa um 600 manns með fjölbreytta menntun og bakgrunn. Árleg framleiðslugeta er um 300 þúsund tonn af hágæða áli.

bsi. OHSAS 18001 Occupational Health and Safety Management | bsi. ISO 14001 Environmental Management | bsi. ISO 9001 Quality Management

NORÐURÁL



# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

Nasdaq Iceland

# Lögfræðingur

**Nasdaq óskar eftir að ráða lögfræðing til að sinna fjölbreyttum og krefjandi lögfræðistörfum innan Kauphallar Íslands hf. og Verðbréfaskráningar Íslands hf.** Í boði er starf í alþjóðlegu umhverfi þar sem reynir á þekkingu á fjármálalögfræði, hæfni í mannlegum samskiptum og góða tungumálakunnáttu.

**Starfssvið:**
- Upplýsingagjöf og ráðgjöf við stjórnendur skráðra fyrirtækja
- Samskipti við stjórnvöld, eftirlitsaðila og viðskiptavini
- Daglegur rekstur og samskipti við útgefendur verðbréfa
- Innleiðing á reglugerðartilskipunum í samstarfi við opinbera aðila
- Uppfærsla á reglum
- Fylgjast með þróun á lagaumgjörð í Evrópu
- Alþjóðlegt samstarf

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Meistarapróf eða embættispróf í lögfræði
- 3 - 5 ára starfsreynsla af lögfræðistörfum, kostur innan fjármálageirans eða af lögfræðistörfum tengdum fjármálamarkaðnum
- Þekking á verðbréfamarkaðsrétti
- Jákvætt viðmót og hæfni í samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð færni í tjáningu í ræðu og riti á íslensku og ensku

Nýr lögfræðingur tilheyrir lögfræðisviði Nasdaq sem þjónustar Kauphöll Íslands hf. og Verðbréfaskráningu Íslands hf. og mun taka þátt í vinnu innan lögfræðiteymis Nasdaq.

Nasdaq (Nasdaq:NDAQ) er leiðandi í þjónustu á sviði verðbréfaviðskipta, kauphallartækni, upplýsingaþjónustu og þjónustu við skráð fyrirtæki í sex heimsálfum.

**Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar nk.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf **á íslensku og ensku** þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent



orkusalan

# Ný og spennandi tækifæri

Orkusalan óskar eftir að ráða tvo sérfræðinga til starfa. Viðkomandi aðilar munu bætast í sterka liðsheild núverandi starfsmanna og þurfa að búa yfir frumkvæði ásamt því að hafa brennandi áhuga á verkefninu. Við hvetjum eindregið konur jafnt sem karla til að sækja um.

## SÉRFRÆÐINGUR Í ORKUMIÐLUN

Orkusalan óskar eftir að ráða metnaðarfullan og framsækinn einstakling í starf sérfæðings í orkumiðlun. Starfsstöð sérfræðings er á skrifstofu Orkusölunnar á Akureyri.

**Starfssvið:**
- Áætlanagerð vegna framleiðslu, innkaupa og sölu á raforku
- Uppgjör orkuviðskipta
- Úrvinnsla gagna úr upplýsingakerfum
- Samskipti við aðila á raforkumarkaði
- Líkana- og tilboðsgerð vegna viðskipta á raforkumarkaði
- Hagkvæmnismat samninga
- Ýmis verkefni tengd rekstri virkjana

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í verkfræði, tæknifræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi skilyrði, meistaragráða er kostur
- Þekking og reynsla af raforkumarkaði er mikill kostur
- Góð tölvukunnáta er skilyrði, kunnátta í líkanagerð er kostur
- Góð samskiptahæfni og geta til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

## SÖLU- OG ÞJÓNUSTURÁÐGJAFI

Orkusalan óskar eftir að ráða drífandi og dugmikinn einstakling í starf sölu- og þjónusturáðgjafa. Starfsstöð sölu- og þjónusturáðgjafa er á skrifstofu Orkusölunnar í Reykjavík.

**Starfssvið:**
- Þjónusta við viðskiptavini Orkusölunnar
- Umsjón með skrifstofu Orkusölunnar í Reykjavík
- Móttaka gesta
- Ábyrgð á símasvörun og þjónustu í þjónustuveri
- Sala á rafmagni til nýrra viðskiptavina og stuðningur við aðra starfsmenn fyrirtækisins í ýmsum verkefnum
- Þátttaka í þróun á þjónustuframboði Orkusölunnar
- Þátttaka í sölu- og markaðsverkefnum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð kunnátta í íslensku og ensku, talað og ritað mál
- Góð almenn tölvukunnátta
- Þjónustulund og hæfni til að vinna undir álagi
- Fagmennska og áreiðanleiki í vinnubrögðum
- Sveigjanleiki í starfi sem og jákvæðni og góð samskiptafærni

**Umsóknarfrestur er til og með 27. janúar nk.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Ragnheiður Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent

KONE

# Sölumaður tæknibúnaðar

*Íselekt ehf var stofnað 1994. Strax hófst samstarf við KONE í Finnlandi og árið 2004 keypti KONE meirihluta í Íselekt og nafninu var breytt í KONE ehf. KONE er eitt af leiðandi fyrirtækjum í heiminum í framleiðslu á lyftum og rennistigum.*

*Stöðugur vöxtur hefur veri[ hjá fyrirtækinu og í dag eru KONE lyftur og rennistigar á stöðum eins og Flugstöðinni, Smáralind, Turninum og Kringlunni. Allir stærstu byggingaverktakar landsins eru meðal viðskiptavina KONE ehf.*

*Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess* ***www.kone.is***

KONE ehf. óskar að ráða jákvæðan starfsmann sem er tilbúinn að takast á við krefjandi og skemmtilegar áskoranir með góðri liðsheild.

**Helstu verkefni**

- Tilboðsgerð og ráðgjöf
- Sala á búnaði og þjónustu
- Samskipti við birgja og pantanir á búnaði
- Viðhalda og styrkja tengsl við viðskiptavini félagsins, innanlands sem utan

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Reynsla af þjónustu og sölu er kostur
- Menntun á sviði iðn- eða tæknigreina er kostur
- Ákveðni, drifkraftur og sjálfstæði
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð kunnátta í ritaðri og talaðri íslensku
- Góð kunnátta í ensku er æskileg

**Starfið hentar konum ekki síður en körlum og eru þær, jafnt sem karlar, hvattar til að sækja um.**

*Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) og Gauja Hálfdanardóttir (**gauja@intellecta.is**) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 26. janúar n.k. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg **starfsferilsskrá**.*

***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta
▪ ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir

**RÁÐGJÖF**
Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

**RÁÐNINGAR**
Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

**RANNSÓKNIR**
Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta
▪ ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir

Síðumúla 5
108 Reykjavík
Sími 511 1225
www.intellecta.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 150304




## Spennandi starf verkefnastjóra hjá Kópavogsbæ

**Kópavogsbær leitar að verkefnastjóra vegna innleiðingar spjaldtölva í grunnskóla Kópavogsbæjar. Verkefnið er brautryðjendaverkefni í skólaþróun á Íslandi og einstakt að stærð og umfangi.**

Leitað er að reynslumiklum og metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir skipulagshæfni, er með framúrskarandi samskiptahæfileika og er sjálfstæður og drífandi í starfi.

Reynsla af verkefnastjórnun er skilyrði. Jafnframt er skilyrði að umsækjendur hafi menntun á sviði verkefnastjórnunar eða aðra háskólamenntun sem nýtist í starfi. Kostur er að umsækjendur hafi reynslu af kennslu og/eða reynslu á sviði upplýsingatækni.

Um er að ræða 100% starf, tímabundið til 31. desember 2016.

Nánari upplýsingar veita Anna Birna Snæbjörnsdóttir, sviðsstjóri menntasviðs og Ingimar Þór Friðriksson, forstöðumaður upplýsingatæknideildar.

**Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar 2015. Ráðið verður í stöðuna eins fljótt og unnt er.**

**Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á umsóknarvef Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is/umsoknir. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til þess að sækja um starfið.**

*Verkefnið:*

*Á næstu tveimur árum verður unnið að innleiðingu spjaldtölva til kennslu í grunnskólum Kópavogs. Í Kópavogi eru starfræktir 9 grunnskólar með um 4.550 nemendum og um 450 kennurum og stjórnendum.*

*Verkefnið krefst sterkrar stýringar verkefnastjóra sem hefur hæfni og reynslu til að hrífa fólk með sér og leiða og kynna verkefni af þessum toga.*

*Starfið felst m.a. í að móta og stýra framkvæmdaáætlun; tryggja kennslufræðilegar áherslur, þjálfun og innri sem ytri markaðssetningu verkefnisins.*

*Verkefnastjórinn er tengiliður þeirra aðila sem að verkefninu koma og vinnur náið með stýrihóp þess, starfsmönnum menntasviðs bæjarins, skólastjórnendum og starfsmönnum grunnskóla Kópavogsbæjar, starfsmönnum upplýsingatæknideildar, kennsluráðgjöfum grunnskólanna og sölu- og þjónustuaðilum.*

*Áhersla er lögð á góðan árangur og mun verkefnastjóri vinna náið með æðstu stjórnendum við að tryggja framgang verkefnisins.*

Kópavogsbær

kopavogur.is

REYKJAFELL

## Sölumaður í lýsingardeild

Vegna aukinna verkefna óskum við eftir að ráða sölumann í lýsingardeild okkar. Leitum að stundvísum áreiðanlegum og þjónustulunduðum einstakling sem vill vinna með góðri liðsheild. Vinnutími er frá 08.00-17.00 og viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni:**
- Sala á lýsingar- og rafbúnaði til rafverktaka, rafvirkja og fyrirtækja.
- Ráðgjöf til verkfræðistofa, arkitekta, rafverktaka, rafvirkja o.fl. varðandi val á lýsingarbúnaði.
- Tilboðsgerð
- Pantanir, samskipti og tæknilegar úrlausnir.
- Halda kynningar fyrir mismunandi hópa varðandi það nýjasta sem er að gerast á sviði lýsingartækni.

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Lýsingarhönnuður, rafiðnfræðingur eða sambærileg menntun
- Góðir samskiptahæfileikar
- Framúrskarandi þjónustulund.
- Góð ensku kunnátta
- Metnaður til að takast á við krefjandi verkefni í spennandi umhverfi.

Reykjafell hf er einn af stærstu innflutningsaðilum á sviði rafbúnaðar á Íslandi. Við erum framsækið fyrirtæki og leitum að starfsmönnum til að starfa með skemmtilegum hópi í krefjandi umhverfi. Hjá okkur eru 34 starfsmenn við sölu- lager-, skrifstofu- og framleiðslustörf.

**Nánari upplýsingar veitir Hannes í síma 575 6631.**
**Umsóknir sendist á hannes@reykjafell.is**
**Umsóknarfrestur er til og með fimmtudeginum 22. janúar**

# Aðstoðarverslunarstjóri – Vínbúðin Selfossi

Við óskum eftir að ráða öflugan aðstoðarverslunarstjóra í fullt starf í Vínbúðina á Selfossi

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Þjónusta við viðskiptavini
- Sala, birgðahald og umhirða búðar
- Að fylgja eftir gæða- og þjónustustefnu fyrirtækisins
- Verkstjórn í fjarveru verslunarstjóra

**Hæfniskröfur**
- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Reynsla af verslunarstörfum er nauðsynleg
- Reynsla af verkstjórn er æskileg
- Almenn tölvukunnátta er nauðsynleg og þekking á Navision kostur

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

**Umsóknarfrestur er til og með 2. febrúar nk.**
Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Vínbúðanna, **vinbudin.is**

**Nánari upplýsingar veitir**
Guðrún Símonardóttir
gudrun@vinbudin.is – 5607700

ÁTVR rekur 49 Vínbúðir um allt land. Stefna ÁTVR er að vera framúrskarandi þjónustufyrirtæki og þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé lifandi og skemmtilegur þar sem þjónusta og samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Jafnlaunaúttekt PwC 2013

VÍNBÚÐIN

OZ

APPLY AT **WWW.OZ.COM/JOBS**




# WANTED CREATIVE SUPER-TALENT

ENGINEERING

## FRONT-END & MOBILE DEVELOPERS

We are looking for talented and passionate developers to build our Android-, iOS- and Web applications. You will design and implement high quality software based on design mockups, prototypes and user-journeys.

You have a passion for writing clean, robust and testable code and understand the principles of the REST architectural style. Experience in mobile or web development is required.

ENGINEERING

## BACK-END DEVELOPERS

We are looking for talented and passionate developers that daydream about distributed server architectures and have deep technical understanding of web services, databases, message queues, networks and operating systems. You will be responsible for designing, building and scaling the backend that powers our mobile- and web applications.

You are self-motivated and have a passion for writing clean, robust and testable code.

MARKETING

## SALES REPRESENTATIVE

We are looking for a highly talented and motivated individual to work on the OZ sales team. The OZ sales team seeks creators of high quality content globally. The sales team's mission is to add creators of content to the OZ platform of subscription video channels.

You are a super-talent and would love to help Creators distribute their content world-wide through a transparent business model.

HÓTEL KEA

## YFIRMATREIÐSLUMAÐUR

**Hótel Kea óskar eftir að ráða yfirmatreiðslumann.**
Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi stjórnunarstarf.
Á Hótel Kea er fjölbreyttur veitingarekstur auk þess sem mikið er um fundi og ráðstefnur. Múlaberg, bistro & bar er veitingastaður hótelsins og þar er boðið upp á fjölbreyttan og metnaðarfullan matseðil í notalegu umhverfi.
Við leitum að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
Dagleg stjórnun
Vörukaup
Starfsmannahald
Matseðlagerð

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
Meistararéttindi í matreiðslu æskileg
Reynsla af stjórnun eldhúsa
Góð samstarfs- og samkiptahæfni
Frumkvæði og skipulagshæfileikar





Umsóknir og fyrirspurnir um starfið óskast sendar á netfangið hek@keahotels.is merkt "yfirmatreiðslumaður" fyrir 13. febrúar nk.
Einungis reyklausir einstaklingar koma til greina.

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

**Stjórnsýslusvið**
- Launafulltrúi á launadeild

**Velferðarsvið**
- Forstöðumaður á heimili fyrir fatlað fólk

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst **www.kopavogur.is**

Kópavogsbær
kopavogur.is




## VERKEFNASTJÓRI

Vegna nýrra og aukinna verkefna óskum við eftir að ráða reyndan byggingaverkfræðing eða tæknifræðing til framtíðarstarfa við að stýra byggingaverkum á vegum fyrirtækisins á Íslandi.

**Helstu verkefni:**
Verkefnastjórnun
Innkaup og samningar við verkkaupa, undirverktaka og birgja.
Kostnaðareftirlit, reikningagerð og uppgjör verka.
Tilboðsgerð og verkefnaöflun.

**Hæfniskröfur:**
Byggingaverkfræðingur eða byggingatæknifræðingur.
Reynsla af verkefnisstjórn byggingarverka hjá verktaka.
Sjálfstæði og skipulag í vinnubrögðum.
Frumkvæði, áræðni og metnaður til að ná árangri í starfi.
Hæfni í mannlegum samskiptum.

Jáverk leggur áherslu á að ráða kraftmikla og metnaðarfulla einstaklinga sem hafa áhuga á að sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnu. Við bjóðum upp á frábæran starfsanda og gott vinnuumhverfi í metnaðarfullu og heilbrigðu fyrirtæki. Umsóknir sendist á póstfangið gylfi@javerk.is fyrir 23. janúar nk. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Jáverk er 23 ára öflugt og metnaðarfullt verktakafyrirtæki. Starfsmenn eru liðlega 100 í dag og verkefnastaða fyrirtækisins er traust. Jáverk leggur mikla áherslu á umhverfis-, öryggis- og gæðamál.

Starfsmannastefna fyrirtækisins gerir ráð fyrir að aðbúnaður og starfsumhverfi sé með því besta sem þekkist. Starfsandi er frábær og starfsmannafélagið er mjög virkt og stendur fyrir margskonar skemmtunum og ferðalögum. Jáverk er með skrifstofur bæði á Selfossi og Reykjavík.

Gagnheiði 28
800 Selfoss
Sími +354 480 1700
www.javerk.is

# HAGKAUP HOLTAGÖRÐUM

Hagkaup er smásölufyrirtæki, sem býður íslenskum heimilum breitt úrval af vörum til daglegra þarfa, jafnt í matvöru, sem fatnaði, húsbúnaði og vörum til tómstundaiðkunar.

Hjá Hagkaup starfar samhentur hópur fólks, um 850 manns í 500 stöðugildum.

***Hagkaup óskar eftir að ráða sérfræðing í kjöti. Starfið er fólgið í almennum rekstri á kjötsvæði, samskiptum við birgja, starfsfólk verslana og viðskiptavini.***

- Nauðsynlegt er að viðkomandi sé lipur í mannlegum samskiptum, þjónustulundaður, geti unnið sjálfstætt og hafi metnað fyrir því að ná árangri í starfi. Æskilegt er að viðkomandi sé matreiðslumaður eða matgæðingur og hafi menntun og/eða reynslu á því sviði.
- Umsóknum skal skilað inn á skrifstofu Hagkaups í Holtagörðum eða í tölvupósti á larac@hagkaup.is fyrir 25. janúar.
- Allar nánari upplýsingar veitir Lára Curtis verslunarstjóri í síma 563 5000.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Lögfræðingur / lögmaður

Framsækið fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa. Fyrirtækið á og fjárfestir í fasteignum og starfar á sviði rekstrar og umsýslu fasteigna.

### Helstu verkefni
- Lögfræðiráðgjöf á því sviði sem félagið starfar á
- Regluvarsla og samskipti við opinbera aðila
- Koma að kaupum og sölu eigna þ.m.t. að leiða áreiðanleikakannanir
- Samningagerð, vöktun og stýring á samningum
- Þátttaka í greiningu viðskiptatækifæra
- Þátttaka í ýmsum starfs- og verkefnahópum

### Hæfniskröfur
- Meistarapróf í lögfræði
- Lögmannsréttindi æskileg
- 4-5 ára starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Mjög góð kunnátta og reynsla í félaga- og veðrétti
- Hæfni í að tjá sig í ræðu og riti
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvætt viðmót og þjónustulund

**Upplýsingar veitir:**
Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 26. janúar.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

## Stólaleiga

**Vantar fólk í stólaleigu á hárgreiðslustofu.**
**Stofa á góðum stað!**

**Vinsamlegast sendið á box@frett.is**
**merkt Stólaleiga-1701**

## Starfsmaður á hjólbarðaverkstæði

Við óskum eftir að ráða vanan starfsmann á hjólbarðaverkstæði með kunnáttu og reynslu af viðgerðum og umfelgunum á vörubíladekkjum.

Viðkomandi þarf að sýna sjálfstæði í vinnubrögðum, vera reglusamur og eiga auðvelt með mannleg samskipti.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Frekari upplýsingar veitir Böðvar í síma 862-1189.

**Umsóknir skulu sendar á netfangið bs@trucks.is.**

B.STURLUSON

**B.Sturluson ehf – Vagnhöfða 9 – 110 Reykjavík – www.trucks.is**

*www.hafnarfjordur.is*

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Lausar stöður í Öldutúnsskóla

**Náttúrufræðikennsla:**
Um er að ræða 100% starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.
**Stuðningsfulltrúi**

Allar upplýsingar veitir Valdimar Víðisson, skólastjóri (gsm 664 5898, valdimar.vidisson@oldutunsskoli.is).

Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um störfin.

***Fræðslustjórinn í Hafnarfirði***

# LYFSÖLULEYFISHAFI ÓSKAST

*Lyfjafræðingur óskast til að veita forstöðu einu af apótekum okkar á Akureyri.*

**Starfssvið**

Í starfinu felst, auk daglegrar stjórnunar apóteksins, fagleg ábyrgð á afgreiðslu lyfja samkvæmt lögum og reglugerðum um lyfsölu.

Ef þú hefur háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi, brennandi áhuga á þjónustu, ert jákvæður og opinn einstaklingur, þá gætum við verið að leita að þér.



Umsókn ásamt ferilskrá sendist á starf@lyfogheilsa.is fyrir 31. janúar nk.

*Frekari upplýsingar veitir Andrea Pétursdóttir s. 522-5800*

*www.lyfogheilsa.is*

*Lyf og heilsa er framsækið þjónustufyrirtæki með starfsemi víðsvegar um landið. Fyrirtækið leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu á sviði heilsu, heilbrigðis og lífsgæða.*

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*

**www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfararstofan er sjálfstætt, framsækið fyrirtæki í eigu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.
Upplýsingar um Útfararstofuna má finna á heimasíðunni **www.utfor.is**

# Lögfræðingur 50% starf

Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf. óskar eftir að ráða lögfræðing í 50% starf. Í starfinu felst aðallega vinna við gerð erfðaskráa og kaupmála ásamt því að aðstoða fjölskyldur við dánarbússkipti.

**Helstu verkefni**
- Lögfræðiráðgjöf
- Sérhæfð skjalagerð
- Önnur verkefni tengd útfararþjónustu

**Menntunar- og hæfiskröfur**
- Meistarapróf í lögfræði
- Lögmannsréttindi æskileg
- Reynsla og þekking á sviði fjölskylduréttar
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvætt viðmót og þjónustulund
- Frumkvæði, nákvæmni, samviskusemi og öguð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta

**Upplýsingar veitir:**

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 26. janúar.**

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Gert er ráð fyrir að viðkomandi hefji störf fljótlega.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# Ertu snjall forritari?

**Sabre Airline Solutions leitar að frábæru fólki til starfa**

**Sabre** er stórt alþjóðlegt fyrirtæki sem meðal annars selur hugbúnaðarlausnir til flugfélaga á alþjóðamarkaði. Við byggjum árangur okkar á þekkingu á rekstri flugfélaga, stöðugri þróun lausna okkar og hæfu og ánægðu starfsfólki.

**Starfssvið**
- Forritunarvinna sem hluti af hugbúnaðarteymi
- Greining þarfa

**Hæfniskröfur og eiginleikar**
- 5 ára reynsla eða meira
- B.Sc. / M.Sc. í tölvunar- eða verkfræði
- Góð tæknileg reynsla og þekking á:
  - Java
  - XML / XSD
  - WebServices (SOAP/JSON)
  - SQL (Oracle)
- Reynsla af Agile/Scrum aðferðafræði
- Reynsla af þarfagreiningu
- Góð enskukunnátta
- Reynsla úr flugheiminum er kostur

**Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar 2015.**

Umsækjendur skili ferilskrám á ensku
í tölvupósti á **ian.mcadam@sabre.com**

**Vesturhlíð 7, 105 Reykjavík Sími: 525 9100**
**www.sabreairlinesolutions**

Sabre Airline Solutions.

---

## Vélvirki / Bifvélavirki

KFS

**Við óskum eftir að ráða vanan vélvirkja / bifvélavirkja, sem getur hafið störf sem fyrst.**

Hann mun annast viðhald á tækjum í flugafgreiðslu í Keflavík.

**Vinsamlegast sendið umsóknir á alma@bikf.is**
**Umsóknarfrestur er til 31. janúar 2015**

---

Minjasafns
Egils Ólafssonar
á Hnjóti

VESTURBYGGÐ

## Forstöðumaður Minjasafns Egils Ólafssonar á Hnjóti

Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur, auglýsa eftir forstöðumanni Minjasafns Egils Ólafssonar að Hnjóti.

Forstöðumaður starfar í umboði stjórnar, fylgir siðareglum ICOM og safnalögum nr. 141/2011 sem tóku gildi þann 1. janúar 2013. Hlutverk safnstjóra er að sinna innra starfi og daglegum rekstri safnsins, móta stefnu safnsins til framtíðar og móta samstarf við sveitarfélögin, önnur söfn, hagsmunaaðila og stjórn.

Umsækjandi skal hafa menntun á ábyrgðarsviði safnsins eða hafa aflað sér hliðstæðrar hæfni á annan hátt.

Starfstöð verður á Patreksfirði.

Óskað er eftir því að viðkomandi geti tekið til starfa strax.

Nánari upplýsingar veitir: Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri Vesturbyggðar, asthildur@vesturbyggd.is  s. 450-2300.

Á sunnanverðum Vestfjörðum eru 3 samfélög, Patreksfjörður, Tálknafjörður og Bíldudalur. Þar búa um 1300 manns. Á svæðinu eru starfandi 4 skólar, 3 leikskólar og framhaldsdeild Fjölbrautarskóla Snæfellinga. Fjölmörg tækifæri eru á framtíðarstörfum á svæðinu. Mikill vöxtur er í laxeldi, námuvinnslu, ferðaþjónustu og sjávarútvegi og fjöldi tækifæra fyrir langskólagengið fólk.

---

# TENGIR ÞÚ VIÐ OKKUR?

**VIÐ LEITUM AÐ**
## VERKEFNASTJÓRA

Gagnaveita Reykjavíkur leitar að framúrskarandi einstaklingi til liðs við Ljósleiðaradeild GR. Starfið felst í verkefnastýringu framkvæmdaverkefna við uppbygginguna á ljósleiðarakerfi GR í samvinnu við aðra sérfræðinga.

Gagnaveita Reykjavíkur á og rekur umfangsmikið gagnaflutningskerfi á Suðvesturlandi og er dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur. Ljósleiðaradeild GR ber ábyrgð á uppbyggingu og rekstri ljósleiðarahluta gagnaflutningskerfis GR, sjá nánar gagnaveita.is.

***Starfs- og ábyrgðarsvið:***
*Meginhlutverk verkefnastjóra er að byggja upp á hagkvæman hátt rekstrarhæft ljósleiðarakerfi innan tíma-, gæða- og fjárhagsramma. Í þessu felst m.a.:*

- *Stýring verklegra framkvæmda*
- *Gerð tíma-, kostnaðar- og forðaáætlana*
- *Umsjón með verklýsingum, útboðsgögnum og samningum*
- *Kaup á þjónustu*
- *Skýrslugerð og upplýsingagjöf til stjórnenda*

***Menntunar- og hæfnikröfur:***

- *Háskólamenntun á sviði verk- eða tæknifræði*
- *Góðir samskipta- og samstarfshæfileikar*
- *Góð skipulags- og greiningarhæfni*
- *Fagleg, markviss og öguð vinnubrögð*
- *Gott vald á íslensku*



Einstaklingar af báðum kynjum eru hvattir til að sækja um starfið.
Sótt er um starfið á ráðningasíðu Gagnaveitu Reykjavíkur, starf.or.is/gagnaveitan/.
Umsóknarfrestur er til og með 2. 2. 2015. Umsókn þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar veitir Bryndís Ernstsdóttir, mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@gagnaveita.is.

GAGNAVEITA
REYKJAVÍKUR

Allar fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

PIPAR\TBWA • SÍA

---

**GRINDAVÍKURBÆR**

## Staða skólastjóra við leikskólann Laut er laus til umsóknar

**Leikskólinn Laut** er fjögurra deilda leikskóli með rúmlega 100 nemendur og fer starfsemin fram í nýlegu húsnæði. Leikskólinn starfar samkvæmt uppbyggingarstefnunni og er í samstarfi við félagsþjónustu sveitarfélagsins um eflingu foreldrafærni á grundvelli PMTO. Sjá nánar á heimasíðu skólans.

**Meginhlutverk leikskólastjóra** er að stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri leikskólans og er leitað eftir metnaðarfullum og áhugasömum leiðtoga sem veitir skólanum faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun er skilyrði
- Reynsla af stjórnun leikskóla er skilyrði
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- eða kennslufræði er æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Metnaður og áhugi fyrir nýjungum
- Frumkvæði og skipulagshæfni

**Nánari upplýsingar** um starfið veita Nökkvi Már Jónsson, sviðsstjóri félagsþjónustu- og fræðslusviðs í netfang nmj@grindavik.is og Ragnhildur Birna Hauksdóttir, leikskólaráðgjafi í netfang ragnhildur@grindavik.is
Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og FSL.

Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá með yfirliti um menntun og reynslu ásamt ítarlegri greinargerð um fyrirhugaðar áherslur í skólastarfi.

Umsókn skal skilað á netfang sviðsstjóra félagsþjónustu- og, eigi síðar en **4. febrúar 2015.**

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf hið fyrsta.

***Jafnræði, jákvæðni, þekking, framsækni og traust***

# Ertu leiðtogi?

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga auglýsir starf verkefnisstjóra vegna byggðaeflingarverkefnisins **„Brothættar byggðir“** á Norðausturhorninu sem þegar er hafið á Raufarhöfn. Um er að ræða samstarfsverkefni Byggðastofnunar, atvinnuþróunarfélagsins, Norðurþings og fleiri aðila.

Verkefnisstjóri gegnir hlutverki leiðtoga í byggðaeflingarverkefninu og heldur utan um þau verkefni sem unnið er að nú þegar og skilgreind verða síðar á verkefnistímanum sem er út árið 2017. Hann er ennfremur tengiliður milli allra þeirra aðila sem að verkefninu koma, þ.e. íbúa, stofnana, fyrirtækja og stjórnvalda.

**Leitað er að einstaklingi sem:**

- Hefur haldgóða menntun sem nýtist í starfinu.
- Býr yfir frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni.
- Hefur reynslu af verkefnastjórnun og/eða aðra starfsreynslu sem nýtist í starfinu.
- Á gott með að laða fólk til samstarfs og leiða sameiginleg verkefni ólíkra aðila.
- Er reiðubúinn til búsetu á svæðinu sem virkur þátttakandi í samfélaginu.

Frekari upplýsingar um starfið veitir framkvæmdastjóri atvinnuþróunarfélagsins Reinhard Reynisson í síma 464 0415 eða á netfanginu reinhard@atthing.is .

Umsókn ásamt ferilskrá og öðrum upplýsingum sem umsækjandi vill koma á framfæri skal senda á Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Garðarsbraut 5, 640 Húsavík eða á netfangið reinhard@atthing.is eigi síðar en **30. janúar nk.**, merkt **„Raufarhöfn og framtíðin“.**

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf. | BYGGÐASTOFNUN | NORÐURÞING

# Forritari óskast - Starfsstöð í Reykjavík

Upplýsingatæknisvið Bændasamtaka Íslands óskar eftir að ráða forritara til starfa. Hjá upplýsingatæknisviði BÍ er unnið að þróun vefforrita fyrir landbúnað.

**Æskileg þekking og reynsla:**

- Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærileg menntun
- Python, Django og Linux
- Oracle gagnagrunnur
- Java
- HTML5 og CSS3
- Javascript, jQuery o.fl.
- Agile/Scrum aðferðafræði

**Hæfniskröfur:**

- Metnaður
- Frumkvæði og framsýni
- Rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Vinna í teymi eða sjálfstætt

Í boði er fjölbreytt og spennandi forritunarstarf þar sem reynir á teymisvinnu, sjálfstæð vinnubrögð og getu til að takast á við ögrandi verkefni.

Umsóknarfrestur er til 2. febrúar 2015. Umsókn skal senda til Þorbergs Þ. Þorbergssonar, sviðsstjóra upplýsingatæknisviðs Bændasamtaka Íslands á netfangið thorberg[hjá]bondi.is. Fullum trúnaði heitið.

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

ÍSLANDSSJÓÐIR

# Forstöðumaður skuldabréfastýringar

Íslandssjóðir leita að forstöðumanni skuldabréfastýringar. Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra.

**Helstu verkefni:**

- Að leiða stýringu á skuldabréfasjóðum
- Umsjón með daglegum viðskiptum
- Þátttaka í stefnumótun og vöruþróun
- Fjárfestingaráætlanir, greiningar og mat á fjárfestingartækifærum
- Kynningar fyrir söluaðila og fagfjárfesta

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Próf í verðbréfaviðskiptum
- Mikil reynsla af störfum á verðbréfamarkaði
- Góð þekking á skuldabréfamarkaði
- Sjálfstæð og fagleg vinnubrögð

# Lögfræðingur

Íslandssjóðir leita að öflugum lögfræðingi til starfa. Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra.

**Helstu verkefni:**

- Samninga- og skjalagerð
- Ráðgjöf við stofnun og rekstur sjóða
- Samskipti við helstu samstarfsaðila og eftirlitsaðila
- Þátttaka í innra eftirliti með starfsemi félagsins
- Innleiðing á nýjum reglum, sérstaklega UCITS

**Hæfniskröfur:**

- Embættis- eða meistarapróf í lögum
- Reynsla af lögfræðistörfum á fjármálamarkaði
- Þekking á íslenskri og evrópskri sjóðalöggjöf er mikill kostur
- Próf í verðbréfaviðskiptum er kostur

Nánari upplýsingar veitir Haraldur Örn Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslandssjóða, sími 440 4593, haraldur@islandssjodir.is.
Á mannauðssviði veitir Sigrún Ólafsdóttir upplýsingar, sími 440 4172, sigrun.olafs@islandsbanki.is.
Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar inn ásamt ferilskrá. **Umsóknarfrestur er til og með 25. janúar nk.**

Íslandssjóðir hf. er leiðandi félag á sviði sjóðastýringar og annast rekstur og stýringu verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða. Félagið er sjálfstætt fjármálafyrirtæki í eigu Íslandsbanka hf. Fagleg vinnubrögð og framúrskarandi árangur eru leiðarljós félagsins. Nánari upplýsingar um félagið eru á heimasíðu þess, www.islandssjodir.is.

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## Hjúkrunarfræðingar – Seljahlíð

**Seljahlíð, heimili aldraða, óskar eftir að ráða tvo hjúkrunarfræðinga í 60-70% starf.**

Í Seljahlíð búa 72 íbúar, þar af eru 20 íbúar með færni- og heilsumat í hjúkrunarrýmum og 52 íbúar í þjónustuíbúðum.
Unnin er önnur hver helgi og bakvaktir eru 3 - 4 nætur í mánuði.
Stöðurnar eru lausar frá 1. mars og 1. apríl eða eftir nánara samkomulagi.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Skipulagning hjúkrunar og almenn hjúkrunarstörf
- Gerð meðferðaráætlana
- Skráning í Sögu kerfi
- Skráning í Rai gagnagrunn
- Verkstjórn sjúkraliða og annarra umönnunaraðila

**Hæfnikröfur**
- Hjúkrunarfræðingur með íslenskt hjúkrunarleyfi
- Reynsla af hjúkrun æskileg
- Faglegur metnaður
- Frumkvæði í starfi, þolinmæði og jákvætt viðhorf
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslenskukunnátta

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Margrét Árdís Ósvaldsdóttir forstöðumaður í síma 540-2400 eða með því að senda fyrirspurnir á margret.ardis.osvaldsdottir@reykjavik.is

**Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf**

**Umsóknarfrestur er til 31. janúar 2015**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í. Reykjavíkurborg vinnur gegn mismunun á vinnumarkaði og hvetur innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk á öllum aldri til að sækja um störf hjá borginni.**

## LEITUM AÐ ÖFLUGUM REKSTRARSTJÓRA Á HÚSAVÍK



### Leitum að sterkum leiðtoga í krefjandi stjórnunarstarf

**Ábyrgðarsvið**
- Rekstur og stjórnun verslunar
- Að framfylgja stefnu fyrirtækisins
- Ráðgjöf, þjónusta og sala til viðskiptavina
- Tilboðsgerð

**Hæfniskröfur**
- Þjónustulund, áhugi og metnaður
- Reynsla af rekstri og stjórnun
- Reynsla af verslun og þjónustu æskileg
- Frumkvæði í starfi og skipulögð vinnubrögð
- Menntun sem nýtist í starfi

**Í boði er**
- Krefjandi stjórnunarstarf hjá góðu fyrirtæki
- Gott og öruggt starfsumhverfi
- Góður starfsandi
- Rekstrarstjóri tilheyrir hópi lykilstjórnenda fyrirtækisins



Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

**Metnaður**
**Þjónustulund**
**Sérþekking**
**Áreiðanleiki**
**Liðsheild**

**Umsóknir berist fyrir 31. janúar n.k.**
**til Guðrúnar Kristinsdóttur, gudrunk@husa.is**
**Húsasmiðjan Holtagörðum, 104 Reykjavík**
**Öllum umsóknum verður svarað.**

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

## Viltu vinna að betri heimi? Kvöldstarf hjá Amnesty International

Skemmtilegt, gefandi og vel launað starf. Mannréttindasamtökin Amnesty International óska eftir að ráða starfsfólk í símaverkefni, tvö kvöld í viku. Við leitum að opnum, jákvæðum og ábyrgum einstaklingum, sem hafa áhuga á mannréttindum.

Upplýsingar gefur Torfi Jónsson verkefnastjóri (tgj@amnesty.is)

AMNESTY INTERNATIONAL

## Forstöðumaður Bókasafns Grindavíkur

Grindavíkurbær óskar eftir að ráða forstöðumann á Bókasafn Grindavíkur í 100% stöðu. Leitað er eftir kraftmiklum og áhugasömum einstaklingi til að leiða og móta starfsemi í nýrri sameinaðri stofnun skóla- og almenningsbókasafns. Starfið felur í sér allt sem viðkemur starfsemi bókasafns.

Menntun, reynsla og hæfniskröfur:
- Bókasafns- og upplýsingafræði eða annað háskólapróf sem nýtist vel í starfi
- Starfsreynsla á bókasafni og/eða skólabókasafni
- Reynsla af starfi með börnum og ungmennum og kunnátta á skráningarkerfið Gegni, er kostur

**Sjá nánari upplýsingar um starfið á www.grindavik.is/atvinna**

GRINDAVÍKURBÆR

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## KRABBAMEINSLÆKNINGAR
### Deildarlæknar

Á dag- og göngudeild krabbameinslækninga Landspítala eru laus til umsóknar tvö störf deildarlækna til eins árs, en möguleiki er á ráðningu til lengri eða skemmri tíma. Starfshlutfall er 100% og veitast störfin frá 1. mars 2015 eða eftir nánara samkomulagi.

Starfið er unnið í náinni samvinnu við sérfræðilækna í krabbameinslækningum og felur í sér þverfaglega teymisvinnu með fjölmörgum öðrum sérgreinum læknisfræðinnar eins og skurðlækningum, lyflækningum, myndgreiningu og meinafræði. Einnig felur starfið í sér samvinnu við aðrar starfsstéttir á sviði krabbameinslækninga með þátttöku í fjölfaglegum teymum.

Starfsumhverfið á dag- og göngudeild krabbameinslækninga er lærdómsmiðað. Áformað er að viðkomandi deildarlæknir fái skipulagða handleiðslu sérfræðings í krabbameinslækningum. Fagleg árvekni og endurskoðun klínískra leiðbeininga og verkferla er hluti af fagmennsku deildarinnar.

Starfið hentar vel fyrir lækna sem hafa hug á að leggja fyrir sig krabbameinslækningar en líka fyrir þá sem eru að íhuga aðrar sérgreinar. Verið er að þróa vinnulag sem felur í sér aukna samvinnu fjölmargra starfsstétta með það að markmiði að gera meðferð og þjónustu við einstaklinga sem greinst hafa með krabbamein og ættingja þeirra skilvirkari.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- » Færni í almennum læknisstörfum
- » Þátttaka og þjálfun í greiningu og meðferð sjúklinga með flókna langvinna sjúkdóma
- » Þátttaka í samvinnu ólíkra sérgreina læknisfræðinnar
- » Þátttaka í kennslu og vísindastarfi

**Hæfnikröfur**
- » Íslenskt lækningaleyfi
- » Reynsla í lyflækningum er góður kostur
- » Góð færni í mannlegum samskiptum
- » Öguð vinnubrögð
- » Áhugi á að bæta sig í faglegu klínisku umhverfi

**Nánari upplýsingar**
- » Umsóknarfrestur er til og með 2. febrúar 2015.
- » Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og lækningaleyfi.
- » Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.
- » Upplýsingar veitir Gunnar Bjarni Ragnarsson, yfirlæknir, netfang gunnarbr@landspitali.is, sími 543 1000.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# LAUGARÁSINN MEÐFERÐARGEÐDEILD
## Hjúkrunarfræðingur

Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa á Laugarásnum sem er meðferðardeild á geðsviði fyrir ungt fólk með byrjandi geðrof. Deildin er með 7 einstaklinga í sólarhringsþjónustu en að stærstum hluta er starfsemi deildarinnar dagdeild þar sem um 70 einstaklingar sækja þjónustu. Deildin er mjög sérhæfð og er að þjóna einstaklingum á aldrinum 18-25 ára eftir fyrsta geðrof. Á deildinni er unnið mjög fjölbreytt og sérhæft starf hvað varðar meðferð og endurhæfingu fyrir þennan hóp og er starfsemin í stöðugri þróun. Áhersla er lögð á einstaklingsmiðaða þjónustu og virkt samstarf við fjölskyldur.

### Helstu verkefni og ábyrgð
- » Þarf að hafa góða færni til að hafa góða yfirsýn yfir fjölþætt starf deildar og nýta og þróa leiðtogahæfileika í fjölbreyttu starfi
- » Taka virkan þátt í fjölfaglegu samstarfi, hafa góða færni í faglegum samskipum og taka virkan þátt í allri framþróun í starfi deildarinnar
- » Hafa með höndum málastjórn fyrir einstaklinga sem sækja þjónustu og taka þátt í alm. uppvinnslu á einkennum, færni og getu sem og vinna að áætlunum hvað varðar þjónustu
- » Kunna eða þjálfa með sér góða færni í teymisstjórnun og meðferðarstarfi almennt
- » Taka virkan þátt í fjölbreyttu fræðslustarfi deildarinnar
- » Þróa með sér færni og þekkingu til að vinna á markvissan hátt með fjölskyldur

### Hæfnikröfur
- » Íslenskt hjúkrunarleyfi
- » Faglegur metnaður og ábyrgð í starfi
- » Einlægur áhugi á geðhjúkrun og öllu sem því starfi tengist sér í lagi að starfa með ungu fólki
- » Framúrskarandi samskiptahæfni er skilyrði sem og leiðtogahæfileikar
- » Sveigjanleiki og jákvæðni gagnvart öllum störfum sem til falla í starfsemi deildarinnar
- » Reynsla af starfi í geðheilbrigðisþjónustu er æskileg en ekki skilyrði

### Nánari upplýsingar
- » Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar 2015.
- » Starfshlutfall er 100%, unnið er eingöngu í dagvinnu.
- » Starfsupphaf er eftir samkomulagi.
- » Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá.
- » Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.
- » Upplýsingar veitir Magnús Ólafsson, deildarstjóri, magnuso@landspitali.is, sími 824 5537.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



# ÚTIBÚSSTJÓRI Á SAUÐÁRKRÓKI

**Arion banki leitar að útibússtjóra í útibú bankans á Sauðárkróki.** Við leitum að áhugasömum, metnaðarfullum og traustum aðila sem er reiðubúinn til að takast á við krefjandi verkefni, hefur metnað til að ná árangri í starfi og leiða öflugan hóp starfsmanna.

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:**
- Háskólapróf í viðskiptafræði eða sambærileg menntun og/eða mikil reynsla af bankastörfum
- Reynsla af stjórnun og/eða rekstri
- Stjórnunarhæfni
- Framúrskarandi leiðtoga- og samskiptafærni
- Lausnamiðuð hugsun, jákvæðni og hæfni til sjálfstæðrar ákvörðunartöku

Nánari upplýsingar veitir Jónas Björnsson, svæðisstjóri, sími 460 5436, netfang: jonas.bjornsson@arionbanki.is og Hildur Sigurðardóttir, mannauðsstjóri, sími 444 6364, netfang: hildur.sigurdardottir@arionbanki.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar 2015. Umsækjendur sæki um starfið á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is, þar sem einnig er að finna nánari lýsingu á starfinu.**

Arion banki

# Þjónusturáðgjafi 365

## Hefur þú ástríðu fyrir þjónustu og ert með afburðar samskiptahæfni?

**Helstu kröfur:**
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Þjónustulund
- Hæfileiki til að vinna í hóp
- Sveigjanleiki og frumkvæði í starfi
- Þekking á Salesforce og/eða áhugi á tæknimálum mikill kostur

**Helstu verkefni eru:**
- Almenn notendaþjónusta og hjálp við viðskiptavini
- Grunntæknileg aðstoð
- Úrvinnsla fyrirspurna og eftirfylgni
- Önnur tilfallandi verkefni



Viðkomandi þarf að vera orðinn 20 ára.
Vinnutími eftir samkomulagi, aðallega vaktavinna.

Nánari upplýsingar veitir hrafnhildura@365.is
**Umsóknarfrestur er til 24. janúar.** Umsóknum er skilað inn á 365.midlar.is

2 FRÉTTIR | FRÉTTABLAÐIÐ | BYLGJAN 989 | VÍSIR | 365

LYFJA
– Lifið heil

www.lyfja.is



# Lyfjafræðingur óskast austur

## Tímabundin ráðning

*Lyfja hf. á Egilsstöðum leitar að metnaðarfullum og sjálfstæðum lyfjafræðingi til afleysinga í eitt ár.*

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
Lyfjafræðingur annast afgreiðslu lyfseðla auk þess sem hann veitir viðskiptavinum og starfsfólki faglega ráðgjöf.

Um er að ræða spennandi starf og tækifæri fyrir metnaðarfullan lyfjafræðing. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Í boði er krefjandi starf, skemmtilegur vinnustaður og gott vinnuumhverfi.

**Hæfniskröfur:**
*Háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi.*

*Stjórnunarhæfileikar, rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.*

*Áreiðanleiki, metnaður og skipulögð vinnubrögð.*

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. eru karlar jafnt sem konur hvattir til þess að sækja um stöðu hjá fyrirtækinu.*

Nánari upplýsingar veitir Hallur Guðjónsson, starfsmannastjóri, sími 530-3800. hallur@lyfja.is
Umsóknarfrestur er til 31. janúar 2015 og farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 72403 01/15



# Deildarstjóri fasteignasviðs

Leitað er eftir **Deildarstjóra fasteignasviðs** til að hafa daglega umsjón með fasteignum Sjómannadagsráðs, gera áætlanir og annast rekstur þeirra. Starfið heyrir beint undir framkvæmdastjóra Sjómannadagsráðs en deildarstjóri hefur forráð yfir starfsmönnum fasteignasviðs og umsjón með samningum við þjónustuaðila, verktaka og opinbera aðila.

Leitað er að skipulögðum stjórnanda sem getur starfað sjálfstætt í samræmi við stefnu og áætlanir Sjómannadagsráðs og býr yfir þeim kosti að getað starfað í liðsheild sem hefur það að markmiði að vera leiðandi aðili í umönnun og þjónustu við aldraða.

**Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar 2015**
Nánari upplýsingar um starfið veitir Saskia Freyja Schalk, sérfræðingur í mannauðsdeild (mannaudur@hrafnista.is). Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar 2015. Æskilegt er að viðkomandi hefji störf 1. mars 2015.

Sjómannadagsráð höfuðborgarsvæðisins rekur þjónustu í fasteignum sínum í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og Grímsnesi. Um er að ræða leiguíbúðir, hjúkrunarheimili (Hrafnista), þjónustumiðstöðvar og orlofsaðstöðu.

Meginhluti húsnæðisins var byggður sérstaklega fyrir búsetu aldraða og fyrir rekstur öldrunarþjónustu, sem er í notkun alla daga ársins, alla daga sólarhringsins. Við rekstur fasteignanna er lögð áhersla á áreiðanleika, öryggi, hagkvæmni og hátt gæðastig sem uppfyllir þjónustumarkmið og þarfir notenda þeirra.

**Starfssvið deildarstjóra fasteignasviðs**

- Umsjón daglegs reksturs fasteigna og starfsmanna
- Gerð áætlana um rekstur, viðhald og endurbætur
- Skilgreina þjónustumarkmið og þarfir notenda fasteigna
- Þátttaka í nýframkvæmdum á vegum félagsins
- Stjórnun og eftirfylgni fasteignaverkefna

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Tæknimenntun á sviði bygginga er kostur
- Reynsla af stjórnun er kostur
- Þekking og reynsla af áætlanagerð er kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Mjög góð tölvukunnátta
- Góð samskipta- og samstarfshæfni
- Þjónustulund og liðsvinna

das

Sjómannadagsráð
Stofnað 1937

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

**Óskum eftir pípulagningamanni með sveinspróf á besta aldri í vinnu**

Vinnutími 8-17 og föstudagar frá 8-16

Upplýsingar í síma 860 8089

**BG pípulagnir ehf**

BG-PÍPULAGNIR

**SMIÐIR & PÍPARAR**

Óskum eftir að ráða vana smiði og pípulagningamenn til starfa. Næg verkefni í boði. Upplýsingar í s. 586-1394 eða á sigurdur@sshus.is

SSHús ehf.
Byggingaverktaki

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

# Embætti dómara við héraðsdóm Reykjavíkur laust til umsóknar

Innanríkisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti dómara með fast sæti við héraðsdóm Reykjavíkur. Miðað er við að skipað verði í embættið frá og með 1. mars 2015 eða hið fyrsta eftir að nefnd um hæfni dómara hefur lokið starfi sínu. Laun eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 2. mgr. 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 620/2010 er áskilið að í umsókn komi fram upplýsingar um 1) menntun og framhaldsmenntun, 2) reynslu af dómstörfum, 3) reynslu af lögmannsstörfum, 4) reynslu af stjórnsýslustörfum, 5) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv., 6) reynslu af stjórnun, 7) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 8) upplýsingar um almenna og sérstaka starfshæfni, 9) upplýsingar um andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum og 10) upplýsingar um tvo fyrrverandi/núverandi samstarfsmenn/yfirmenn sem geta veitt dómnefnd bæði munnlegar og skriflegar upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda, sbr. 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 620/2010 og 11) aðrar upplýsingar sem varpað geti ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skiptir fyrir störf héraðsdómara.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) afrit af prófskírteinum, 2) afrit dóma í munnlega fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 3) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 4) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 5) útgefin fræðirit og ljósrit af tímaritsgreinum umsækjanda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 6) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem héraðsdómari.

Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum er áskilið að umsækjendur gefi upp netfang sem notað verður til að eiga samskipti við umsækjendur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

Umsóknir skulu berast innanríkisráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík og í pósthólfið postur@irr.is, eigi síðar en 2. febrúar næstkomandi.

***Innanríkisráðuneytinu, 15. janúar 2015.***

## Skrifstofustarf - bókari

Við leitum að starfsmanni með reynslu af bókhalds- og skrifstofustörfum til að annast fjölbreytt verkefni. Viðkomandi þarf að hafi unnið við DK bókhalds- og launakerfi. Viðkomandi þarf að vera nákvæmur, sjálfstæður, sýna frumkvæði í starfi og hafa ríka þjónustulund.
Æskilegt er að vinnutími sé a.m.k. 60% starfshlutfall.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Áhugasamir sendi starfs- og námsferilskrá á jon@vsk.is fyrir 5. febrúar n.k.

VIÐSKIPTASTOFAN BT sf
Bitruháls 2 • 110 Reykjavík

---

SKÓGARBÆR

Árskógum 2, Breiðholti / Mjódd

Skógarbær er hjúkrunarheimili fyrir eldri og yngri einstaklinga sem þarfnast hjúkrunar allan sólarhringinn.

## Hjúkrunarheimilið Skógarbær - Eldhús

Matartækni/starfsmann vantar í 86% starf í eldhús/matsal Skógarbæjar. Um er að ræða vaktavinnu. Störf í eldhúsi og matsal eru fjölbreytt og krefjast sjálfstæðra vinnubragða.Við leitum eftir einstaklingi sem hefur reynslu af bakstri og eldamennsku, talar íslensku, er heilsuhraustur, jákvæður, með góða framkomu og samskiptahæfileika.

**Upplýsingar um Hjúkrunarheimilið Skógarbæ eru á heimsíðu, skogar.is.**

**Ef nánari upplýsinga er óskað þá sendið tölvupóst til olga@skogar.is**

**Umsóknir sendist með tölvupósti til olga@skogar.is**

---

## BÓKHALDSFULLTRÚI

NORDIC VISITOR

Vilt þú bætast í hópinn á Fjármála- og rekstrarsviði Nordic Visitor? Við leitum að skipulögðum og reyndum bókhaldsfulltrúa.

### Menntun, reynsla og hæfni:

- Menntun á sviði bókhalds og/eða viðskipta
- Reynsla af bókhaldsstörfum
- Reynsla af Navision eða öðrum bókhaldsforritum
- Jákvæðni og góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Nákvæmni
- Talnaglöggur einstaklingur

Nordic Visitor er framsækin ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig í því að skapa góðar minningar með sérsniðnum pakkaferðum fyrir einstaklinga og hópa til allra Norðurlanda, sem og fyrirtækjaferðum til Íslands og Svíþjóðar.

Fyrirtækið hefur verið í stöðugum vexti frá stofnun þess árið 2002 og er í dag eitt af stærstu ferðaþjónustufyrirtækjum Íslands með um 60 starfsmenn.

**Nánari upplýsingar um starfið á www.nordicvisitor.com/atvinna/**
**Umsóknarfrestur er til 25. janúar.**



---

## Umhverfissvið Kópavogsbæjar auglýsir eftir verkstjóra vatnsveitu

Vatnsveita Kópavogs þjónar íbúum og fyrirtækjum í Kópavogi og Garðabæ, rekur brunnsvæði í Vatnsendakrikum, stofnlagnir að Kópavogi og Garðabæ, miðlunartanka, dælustöðvar, dreifikerfi og heimæðar í Kópavogi

### Helstu verkefni og ábyrgð

Verkstjóri skipuleggur verkefni og vinnur með starfsmönnum VK og hefur eftirlit með verkum þeirra. Vinnur við brunnsvæði, miðlunartanka, dælustöðvar, fráveitur og stærri dreifikerfi. Fer yfir tímaskýrslur starfsmanna og reikninga verktaka. Er öryggisfulltrúi VK. Aðstoðar Forstöðumann VK við að tryggja að ávalt sé nægjanlegt kalt vatn til staðar fyrir íbúa og fyrirtæki í Kópavogi. Tryggir að fráveitumál séu í lagi og vinnur að því að koma í veg fyrir að umhverfið hljóti skaða af fráveitu kerfi Kópavogsbæjar. Er staðgengill forstöðumanns VK.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Pípulagningamaður, meistararéttindi æskileg
- Reynsla af verkstjórnun og sjálfstæð vinnubrögð.
- Reynsla af vinnu við vatnsveitur og stærri fráveitur.
- Þekking á suðu og meðhöndlun stærri plastlagna og tengistykkja.
- Þekking á og geta notað Word og Excel.

Ítarlegri upplýsingar um störfin er að finna á heimasíðu Kópavogsbæjar, **www.kopavogur.is**.

### Frekari upplýsingar

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og samiðnar.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Karl Eðvaldsson Deildarstjóri Gatnadeildar í síma 570-1500 eða í tölvupósti **karl.edvalds@kopavogur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar 2015.**

Karlar jafn sem konur eru hvattir til þess að sækja um starfið

**Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar**

Kópavogsbær

kopavogur.is

---




# SUMARIÐ ER TÍMINN

## Hótelstjórar

**Óskum eftir að ráða hótelstjóra til starfa á Edduhótelin. Um tímabundin störf er að ræða.**

Hótelstjóri Eddu hótels ber ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi hótelsins auk stjórnunarlegrar ábyrgðar gagnvart starfsfólki.

Við leitum að kraftmiklum einstaklingum með mikla færni í mannlegum samskiptum, ríka þjónustulund og haldbæra tungumálakunnáttu. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu og/eða menntun í hótelrekstri eða ferðaþjónustu.

**Sótt er um rafrænt á heimasíðu félagsins www.hoteledda.is.**
**Umsóknarfrestur er til og með 25. janúar nk.**

Edduhótelin eru opin yfir sumartímann, frá maí til loka ágúst. Edduhótelin eru 12 talsins, frábærlega staðsett í fögru umhverfi og heillandi náttúru. Áhersla er lögð á lipra þjónustu og hagstætt verð. Fjöldi herbergja er frá 28 upp í 204. Edduhótelin eru rekin af Flugleiðahótelum ehf. sem reka einnig Icelandair hótelin og Hilton Reykjavík Nordica. Yfir sumartímann starfa 800 manns hjá fyrirtækinu.

# Vélstjóri óskast

Vélstjóri óskast á 27 tonna netabát frá Árskógssandi.

Upplýsingar gefur Pétur í s. 896 0152

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
GAGNHEIÐI 5 - SELFOSS
☎ 482 1980

## ATVINNA

**Vélsmiðja Suðurlands ehf vantar vanan járnsmið í vinnu.**

**Umsóknir hægt að senda á netfangið velsud@velsud.is**

**Frekar upplýsingar í síma 482-1980**

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Bæjarból**
- leikskólakennari

**Hæðarból**
- leikskólakennari, afleysingastarf

Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar,
**www.gardabaer.is**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## Aðstoðarhótelstjóri

Íbúðarhótel í miðbæ Reykjavíkur óskar eftir **Aðstoðarhótelstjóra.**
Kostur ef að viðkomandi býr í eða nálægt 101 Reykjavík og getur unnið vaktavinnu.

**Hæfnikröfur:**
- Getur starfað sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og frumkvæði

Umsóknir um starfið, ásamt upplýsingum og nám og fyrri störf, skulu berast á netfangið: box@frett.is

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144



# VILT ÞÚ TAKA ÞÁTT Í AÐ MÓTA KRAFTMIKIÐ OG LIFANDI UPPLÝSINGATÆKNIFYRIRTÆKI?

Okkar æðsta markmið er að veita viðskiptavinum okkar 100% uppitíma og það gerum við með því að hafa í okkar röðum öflugt fólk. Einstaklinga sem við treystum fyrir lyklunum að mikilvægustu upplýsingatæknikerfum landsins. Það eru ekki margir sem uppfylla þau skilyrði. Ert þú einn af þeim?

Við trúum á öfluga liðsheild og lifum og brennum fyrir áskoranir sem felast í flóknum og krefjandi verkefnum. Við viljum að tími þinn hjá RB sé besti tími starfsævi þinnar.

Við leitum að öflugum einstaklingum í tækniteymi sem eru ábyrg fyrir þeirri vinnu sem þau skila og hafa frelsi til þess að gera það sem þarf til þess að ná frábærum árangri. Þú verður hluti af 70 manna sviði Tæknireksturs og þjónustu sem ber ábyrgð á rekstri og þjónustu allra upplýsingatæknikerfa RB, auk þess að reka flest miðlæg bankakerfi á Íslandi.

## Kerfisstjóri í IT grunnþjónustu

### Um starfið:

Ef þín sýn og þinn vilji er að sjálfvirknivæða hlutina og starfa í hópi jafningja sem hafa sömu sýn þá er þetta rétta starfið fyrir þig. Kerfisstjóri mun koma að uppbyggingu og rekstri á nýju IaaS (Infrastructure as a Service) umhverfi RB ásamt núverandi VMware, netþjóna- og diskaumhverfi. Um er að ræða krefjandi og skemmtilegt starf fyrir öflugan einstakling.

### Hæfniskröfur:

- Reynsla af rekstri á grunnþjónustum eins og sýndarlausnum, diskalausnum og netþjónum
- VMware vottun er kostur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur

Nánari upplýsingar um starfið veitir
Eyjólfur Ólafsson forstöðumaður Tæknireksturs, eyjolfur.olafsson@rb.is, sími 569 8877.

## Kerfisstjóri Windows og Linux/UNIX

### Um starfið:

Ef þú elskar rekstur tölvukerfa og hefur getu og aga til að halda netþjónum, stýrikerfum og hugbúnaði alltaf gangandi þá er þetta rétta starfið fyrir þig. Þú munt bera ábyrgð á uppsetningu og greiningu miðlægra kerfa og taka þátt í framþróun tækniumhverfis RB. Ef þú ert þessi einstaklingur og þekkir annan eins og sjálfan þig láttu viðkomandi þá vita, því okkur vantar tvo.

### Hæfniskröfur:

- Reynsla af kerfisstjórnun í Microsoft Windows Server og/eða Linux/UNIX umhverfi
- Microsoft eða RedHat vottun er kostur
- Reynsla af rekstri afritunarkerfa æskileg
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur

Nánari upplýsingar um starfið veitir
Eyjólfur Ólafsson forstöðumaður Tæknireksturs, eyjolfur.olafsson@rb.is, sími 569 8877.

**Í báðum störfunum er að auki gerð krafa um eftirfarandi:**

- Hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- Metnaður í starfi og geta til að vinna sjálfstætt
- Geta og vilji til að vinna vel í hópi en einnig geta til að vinna sjálfstætt
- Drifkraftur og vilji til að takast á við stór og skemmtileg verkefni

**Við bjóðum góða vinnuaðstöðu, tækifæri til endurmenntunar og starfsþróunar, frábæra samstarfsfélaga og umhverfi þar sem fagmennska, öryggi og ástríða eru undirstaða allra verka.**

**Sjósundsfólk sérstaklega velkomið.**

**Hægt er að sækja um á www.rb.is til 25. janúar 2015.**

Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

**Nánar um RB**

RB er traust og öflugt þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni sem hefur þróað margvíslegar fjármálalausnir, þar á meðal öll megin greiðslukerfi landsins. Helstu viðskiptavinir RB eru fjármálafyrirtæki og vátryggingafélög. Markmið RB er að gegna lykilhlutverki í hagræðingu innan íslenska fjármálamarkaðarins með því að lækka upplýsingatæknikostnað fjármálafyrirtækja.

*Hjá RB starfar margt af öflugasta IT-fólki landsins – og þó víðar væri leitað.*

ÁRNASYNIR

RB

**REIKNISTOFA BANKANNA** | Höfðatorg | Katrínartúni 2 | 105 Reykjavík | Sími: 569 8877 | www.rb.is

# ÍSTAK

*Framkvæmdagleði í fyrirrúmi*

ÍSTAK hf er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 500 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.

ÍSTAK hf er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.

Ístak Ísland er dótturfyrirtæki Ístaks hf. og er með áherslur á verkefni á Íslandi, Færeyjum og á Grænlandi.



Vegna góðrar verkefnastöðu og nýrra verkefna, hefur Ístak Ísland laus störf til umsóknar.

Meðal núverandi verkefna Ístaks má nefna: Stækkun flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, breikkun og uppbygging á þjóðvegi 1 yfir Hellisheiði, byggingu kerbrotaskála fyrir Norðurál á Grundartanga og byggingu háhýsa í Skuggahverfinu í Reykjavík, svo eitthvað sé nefnt.

Af nýjum verkefnum sem eru að fara af stað má nefna stækkun á hafnargarði og bygging á skrifstofu og vöruhúsi fyrir hafnarstjórnina í Nuuk Grænlandi. Það verkefni er unnið í samstarfi við danska verktakafyrirtækið AARSLEFF. Fleiri ný verkefni eru á lokastigi samningsgerðar og gert er ráð fyrir því að framkvæmdir hefjist á næstu mánuðum.

AARSLEFF

## SPENNANDI STÖRF Í BOÐI

Ístak leitar að fólki sem hefur áhuga á að vinna hjá öflugu verktakafyrirtæki og taka þátt í að byggja mannvirki framtíðarinnar á Íslandi, Grænlandi og Færeyjum.

Starfsmenn Ístaks leysa áhugaverð og síbreytileg verkefni í spennandi vinnuumhverfi. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Meðal þess sem Ístak er að leita að er:

- **Verkstjórum til starfa á Íslandi og á Grænlandi**
- **Bygginga- og járniðnaðarfólki til starfa á Íslandi og á Grænlandi**
- **Verk- og tæknifræðingum til starfa á Íslandi og á Grænlandi**
- **Staðarstjórum á Íslandi**
- **Staðarstjóra á Grænlandi**

Hægt er að sækja um störfin og lesa meira um þau á heimasíðu Ístaks, www.istak.is, undir „Starfsumsókn“.

Upplýsingar um störfin veitir mannauðsstjóri Ístaks í síma 530 2735, eða gegnum tölvupóst á mannaudur@istak.is.
Skrifstofa Ístaks, að Bugðufljóti 19, 270 Mosfellsbæ, er opin milli 08:15 – 16:00.

# Viltu taka þátt í að móta ráðgjafarþjónustu Mannvits á sviði jarðhita?

## Mannvit leitar að sérfræðingi á sviði nýtingar jarðhitasvæða

Um er að ræða tækifæri til að starfa með stórum hópi sérfræðinga á sviði jarðhitarannsókna, jarðhitavirkjana, umhverfismála og verkefnastjórnunar. Leitað er að einstaklingi sem er tilbúinn til að leiða og móta þá ráðgjöf sem veitt er á sviði jarðhitarannsókna.

**Helstu verksvið**

- Skipulagning og eftirlit með rannsóknum og mælingum á jarðhitasvæðum
- Túlkun jarðvísindalegra gagna af jarðhitasvæðum
- Úttektir á eðli og ástandi jarðhitakerfa
- Athuganir á nýtingarkostum jarðhita, erlendis og á Íslandi
- Ráðgjöf við auðlindastýringu

**Menntun og hæfniskröfur**

- M.Sc. eða Ph.D. gráða í jarðeðlisfræði, jarðefnafræði, jarðfræði eða tengdum greinum
- Þekking og reynsla á eðli og nýtingu jarðhitasvæða
- Frumkvæði, jákvæðni og þrautseigja
- Færni í mannlegum samskiptum
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti, á ensku og íslensku

## Við bjóðum upp á:

- Góða starfsaðstöðu í lifandi umhverfi
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Alþjóðleg verkefni
- Tækifæri til starfsþróunar

## Nánari upplýsingar:

Sverrir Briem, sverrir@hagvangur.is
Auðunn Gunnar Eiríksson, 422 3082, age@mannvit.is

**Premis** hefur í gegnum árin byggt upp öfluga hýsingarþjónustu. Fyrirtækið er í dag þriðji stærsti hýsingaraðili á íslenskum lénum. Meðal nýrra verkefna hjá hugbúnaðardeild fyrirtækisins er innleiðing á nýjum samfélagsmiðuðum innri vef fyrir N1 sem hefur vakið mikla athygli. Þá hafa starfsenn fyrirtækisins verið önnum kafnir við að innleiða hinar ýmsu skýlausnir.

Premis er 16 ára gamalt fyrirtæki sem ekki hefur farið mikið fyrir en hefur svo sannarlega náð að byggja upp öfluga hýsingarþjónustu. Fyrirtækið er í dag þriðji stærsti hýsingaraðili á íslenskum lénum. Hjá fyrirtækinu starfa 15 starfsmenn við kerfisrekstur fyrir fyrirtæki og hugbúnaðarþróun.

## Samfélagsmiðaður innri vefur

Fyrir skemmstu lauk hugbúnaðardeild Premis innleiðingu á nýjum samfélagsmiðuðum innri vef fyrir N1. Óhætt er að segja að lausnin hafi vakið mikla athygli. „Kerfið sem keyrir innri vefinn heitir Corrian og er smíðað frá grunni hér hjá okkur," segir Sveinn Akerlie, viðskiptastjóri hugbúnaðarlausna hjá Premis. „Að okkar mati er kerfið mjög skemmtilegt af innri vef að vera. Við studdumst við það besta úr vinsælum samfélagsmiðlum ásamt því að hafa aðgengilegar allar helstu upplýsingar til starfsmanna á einum stað."

Kerfið vakti nýlega athygli á ráðstefnu SKÝ þar sem farið var yfir nálgun fyrirtækja á innri vefjum og kynnti Díana Dögg Víglundsdóttir, vefstjóri hjá N1, þessa lausn. „Eftir að kerfið var frumsýnt höfum við fengið talsvert mikið af fyrirspurnum og nokkuð ljóst að skortur var á lausnum til þess að efla samskipti við starfsmenn."

## Kerfisrekstur og hýsing

Hjá Premis er að sögn Sveins unnið að ýmsum skemmtilegum verkefnum um þessar mundir en kerfisdeildin hefur nýverið gert samninga við Bílanaust og Tékkland um umsjón á tölvukerfum þeirra. „Já, það er ekki lognmolla í kerfisrekstri um þessar mundir," segir Björgvin Þorsteinsson, sérfræðingur í kerfisrekstri. „Þrátt fyrir mörg verkefni og umsvif höfum við lagt áherslu á sveigjanleika og góða þjónustu og ég held að viðskiptavinir okkar kunni að meta þau persónulegu samskipti sem við getum átt út af því."

Allt er í skýinu í dag og þeir hjá Premis hafa verið önnum kafnir við að innleiða hinar ýmsu skýlausnir.

„Það hefur verið nóg að gera við að innleiða Office365-skýjalausn Microsoft hjá gömlum og nýjum viðskiptavinum ásamt öðrum skýjalausnum sem fyrirtæki vilja hafa aðgang að. Þótt fyrirtæki séu með slíkan samning getur verið mikilvægt að hafa aðgang að þjónustu reyndra kerfismanna og er orðið mjög algengt að fyrirtæki leiti til Premis með þjónustu við notendur og samninga um Office365."



Premis lauk fyrir skemmstu innleiðingu á nýjum innri vef fyrir N1. Hann er að sögn Sveins mjög skemmtilegur af innri vef að vera og tekur mið af ýmsum samskiptamiðlum. MYND/GVA

TIL HAMINGJU N1

N1 ER FYRSTA FYRIRTÆKIÐ Á ÍSLANDI SEM OPNAR SAMFÉLAGSMIÐAÐANN INNRI VEF FRÁ OKKUR Í **PREMIS**.

ÞEIR VERÐA EKKI SÍÐASTIR ÞVÍ FLEIRI FYRIRTÆKI MUNU LÍKA VILJA LEYFA STARFSMÖNNUM SÍNUM AÐ VERA VIRKIR ÞÁTTTAKENDUR Í DAGLEGRI NOTKUN INNRI VEFS.

PREMIS

www.premis.is

# VIÐ ERUM TRAUSTI

**TRAUSTI fasteignasala**

**trausti.is • s. 546 5050**



**Kristján Baldursson**
hdl. löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.



**Knútur Bjarnason**
sölustjóri



**Bergþóra Heiða Guðmundsdóttir**
lögfræðingur - löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali



**Rúnar Þór Árnason**
sölufulltrúi, löggiltur leigumiðlari



**Smári Jónsson**
sölufulltrúi



**Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir**
sölufulltrúi




### Vogatunga 39 – parhús á einni hæð

**Opið hús miðvikudaginn 21. janúar kl. 17:30 – 18:00**

Vel skipulagt 117,7 fm. parhús á einni hæð þar af 25,2 fm. bílskúr. **Hús fyrir 60 ára og eldri.** Mikil lofthæði í stofu og gangi. Eignin er öll hin vandaðasta.

**Verð 41,9 milljónir**




### Selvogsgata 5 – 1. hæð í HF

**Opið hús Þriðjudaginn 20. janúar kl. 17:30 – 18:00**

Falleg tveggja herbergja íbúð á 1. hæð við Selvogsgötu. Eignin er skráð 69,0 fm., þar af er 14,9 fm. sér herbergi í kjallara.

**Verð: 21,5 milljónir**



### Krókabyggð - Til leigu

Endaraðhús við Krókabyggð í Mosfellsbæ TIL LEIGU. 3 – 4ra herbergja 108fm, opið eldhús, uppþvottavél og ísskápur fylgja. Óskað eftir ábyrgum leigjendum, bankaábyrgð og meðmæli. Dýrahald leyfilegt en engar reykingar! **Verð: 200.000 kr.**



### Stórholt 19 – auka útleigueining

Falleg og björt 3ja herb. íbúð - 80,4 fm., þar af er 16,4 fm. íbúðarherbergi á jarðhæð sem er í útleigu. Íbúðin er á 2. hæð í snyrtilegu fjórbýlishúsi við Stórholt í Reykjavík.

**Verð: 27,5 milljónir**



### Fálkagata

Góð þriggja herbergja íbúð á jarðhæð við Fálkagötu. Eignin er skráð 82,6 fm., þar af er 5,3 fm. sérgeymsla. Húsið lítur vel út að utan, í góðu ásigkomulagi og hefur allt ytra byrði verið tekið í gegn á seinustu árum. Snyrtilegt stigahús er teppalagt.

**Verð: 33,9 milljónir**



### Hjarðarból – undir Ingólfsfjalli

Fallegt 234,9fm einbýlishús undir Ingólfsfjalli ásamt 5,4 hekturum af góðu landi með byggingarrétti fyrir níu önnur eins hús, þjónustuhúsi, skrúðgarði og leiksvæði. Landið er grasmikið og gróðursælt. **Verð 59 milljónir**



### Flókagata 8 – útleiguíbúð í kjallara

Steinað parhús á þremur hæðum, í grónu hverfi í 105 Reykjavík, þar af er 26,9 fm. bílskúr.Íbúð með sérinngangi á jarðhæð tilvalin til útleigu.

**Verð: 60,5 milljónir**



### Skólastræti 5 – einstök staðsetning

Eitt elsta og virðulegasta íbúðarhús Reykjavíkur. Hæð og ris með fjórum svefnherbergjum, tveimur baðherbergjum og tveimur stofum. Eignaskipti möguleg.

**Verð: 54,9 milljónir.**



### Glæsibær 11 – einbýlishús á einni hæð

Fallegt 173 fm. einbýlishús á einni hæð ásamt innbyggðum bílskúr. Elliðaárdalur í göngufæri. Húsið er vel skipulagt og hefur verið tekið í gegn að utan (þakkantur, rennur, niðurföll endurnýjuð og hús málað).

**Verð 54.9 milljónir**



### Blikaás 5 HF – jarðhæð með verönd

Blikandi falleg 113,7fm. 4ra herbergja endaíbúð með sér inngang og verönd til suðurs. Óhindrað útsýni til suðurs. Húsið er með viðhaldslítilli álklæðningu.

**Verð 34.9 milljónir**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**



**Sveinn Eyland**
Löggiltur fasteignasali
Sími 690 0820

**Landmark leiðir þig heim!**

**LANDMARK**
FASTEIGNASALA
**Sími 512 4900**
**landmark.is**
**Íris Hall**, löggiltur fasteignasali

## LAUGAVEGUR 151-155




Höfum hafið sölu á á glæsilegum 2ja & 3ja herbergja íbúðum í nýju 8 íbúða lyftuhúsi á þessum frábæra stað í "NÝJA MIÐBÆNUM".
Mjög stutt er í alla þjónustu, miðborgina, skóla & LAUGARDALINN.

- Íbúðir eru afhentar fullbúnar með vönduðum innréttingum frá PARKA.
- Íbúðir eru afhentar án gólfefna en búið er að flísaleggja votrými / mögulegt að fá afhent með parketi.
- Merkt stæði í lokaðri bílgeymslu fylgir flestum íbúðum.
- Suður-svalir með öllum íbúðum.
- Ca. 200 fm sameiginleg verönd norð-vestan við hús.

STÆRÐIR & VERÐ:

2ja herbergja 77.4 fm
**kr: 36.9 – 39.9 millj.**

3ja herbergja 98.8 – 102.5 fm
**kr: 40.7 – 48.9 millj.**

## RÁNARGATA – 101 REYKJAVÍK




### HEIL HÚSEIGN Á ÞESSUM FRÁBÆRA STAÐ

- HEIL HÚSEIGN Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR SEM ER LAUS TIL AFHENDINGAR.
- FJÁRFESTING FYRIR REKSTRARAÐILA Í FERÐAÞJÓNUSTU EÐA TIL ÚTLEIGU.
- 10 ÚTLEIGUEININGAR ERU TIL STAÐAR Í HÚSEIGN.

Eignin er skráð sem 3 íbúðir hjá FMR og býður uppá mikla möguleika.
Stækkunarmöguleikar fyrir hendi - eign hefur fengið töluverða endurnýjun s.l ár.

**ALLT INNBÚ FYLGIR MEÐ Í KAUPUM**

**Verð kr: 97.5 millj.**

## SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI ÓSKAST !

Landmark fasteignasala leitar fyrir traustan kaupanda að skrifstofu / atvinnuhúsnæði fyrir allt að 500 milljónir króna. Húsnæðið þarf að vera laust til afhendingar fljótlega og helst að vera með leigusamningi að hluta.



**Upplýsingar veitir:**
**SIGURÐUR SAMÚELSSON**
Löggiltur fasteignasali. Sími 896 2312

**LANDMARK**
FASTEIGNASALA
ÍRIS HALL - Löggiltur fasteignasali
**SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS**

---

Stakfell
FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1984
STAKFELL.IS | 535 1000 | GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI
**LÖGGILTIR FASTEIGNASALAR:** Aðalheiður Karlsdóttir | Berta Bernburg | Grétar Haraldsson

## Nesbali 35 - Lóð



Mjög vel staðasett, 861 fm. eignarlóð með fallegu sjávarútsýni. Einstakt tækifæri að eignast lóð á þessum stað.
**Nánari upplýsingar gefur Þorlákur í síma 820-2399 eða thorlakur@stakfell.is.**

SKÚLATÚNI 2 | 105 RVK | stakfell@stakfell.is | FÉLAG FASTEIGNASALA

---

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

---

Stofnað 1983
HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Sími 520 7500

## Miðvangur 104 – Hafnarfjörður – Einbýli








**Opið hús í dag milli kl. 14:30 – 15:00**

Nýkomið sérlega glæsilegt endurnýjað 230 fm. einbýli á einni hæð með góðum tvöföldum bílskúr. Húsið hefur allt verið endurnýjað á vandaðan máta á liðnum árum. 5 svefnherb. Þrjú baðherbergi. Glæsilegar stofur og eldhús. Skjólgóður garður með stórri afgirti verönd. **Verð 64,5 millj.**
Hilmar Þór Bryde sölumaður s: 892 9694 verður á staðnum.

**Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is**

---

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

**ÓÐINSGÖTU 4**
SÍMI 570 4500,
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is
www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## EFSTALEITI „BREIÐABLIK" GLÆSILEG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐ







Mjög góð og vel skipulögð 155,9 fm. íbúð á 3. hæð í mjög vönduðu fjölbýlishúsi fyrir 55 ára og eldri. Stórar stofur með frábæru útsýni út á sjóinn og víðar. Hluti svala hefur verið yfirbyggður og opnaður við stofu. Svalir til suðvesturs út af hjónaherbergi.
Sér bílastæði í upphitaði bílageymslu. Hlutdeild í mikilli sameign. Á hverri hæð hússins eru setustofur, lagðar náttúrugrjóti, bjartar og rúmgóðar. Húsvörður.
**Laus til afhendingar fljótlega.**

**Verð 54,9 millj.**

---

# BERGSTAÐASTRÆTI 44 – HEIL HÚSEIGN – EINSTAKT ÚTSÝNI







**- Heil húseign á frábærum stað í Þingholtunum, tilvalin til skammtímaútleigu.-**

## SJÖ ÍBÚÐA HÚS Í MIÐBORGINNI.

**Um er að ræða heila húseign, sem er þrjár hæðir og rishæð auk bílskúrs og 2ja sér bílastæða á lóð hússins.**

Húsið var allt endurnýjað að utan og innan árið 2013 og er í mjög góðu ástandi.

Að utan var húsið allt múrað og málað auk þess sem skipt var um allt gler og hluta glugga.

Að innan voru allar íbúðirnar innréttaðar uppá nýtt með vönduðum og smekklegum byggingarefnum. Svalir eru á öllum íbúðum efri hæða hússins og verönd er útaf annarri íbúð jarðhæðar hússins.

Lóð hússins er 554,0 fermetrar að stærð, eignarlóð.

**Allar nánari upplýsingar hjá söluaðilum eignarinnar.**

**LANDMARK**
FASTEIGNASALA
Sími 512 4900
landmark.is

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

# ÆTTMENN SLÍKRA SKEPNA



SKJALDMEYJARNAR FRÁ DAHOMEY OG FYLGISVEINAR ÞEIRRA Póstkort frá 1893. Þetta er flokkurinn sem séra Matthías sá í London.

FLÆKJUSAGA



**Illugi Jökulsson** rakst sér til skelfingar á heldur ófagran kafla í ferðabók eftir Matthías Jochumsson og varð þá náttúrlega strax hugsað til Woodrows Wilsons Bandaríkjaforseta!

Af einhverjum ástæðum hef ég aldrei haft mjög mikinn áhuga á bandarískri stjórnmálasögu en þetta hélt ég mig þó vita: Woodrow Wilson forseti 1913-21 var merkari og viðkunnanlegri hugsjónamaður en flestallir aðrir sem setið hafa í Hvíta húsinu. Ferill hans var mjög óvenjulegur, hann fæddist 1856, prestssonur úr Suðurríkjunum, lagði stund á fyrst laganám en síðan sögu og stjórnmálaspeki og vann um tíma fyrir sér með því að kenna forngríska sögu og rómverska við kvennaháskólann Bryn Mawr í Pennsylvaníu. Seinna gerðist hann kennari við Princeton-háskóla í New Jersey og hóf miklar rannsóknir á bandarísku stjórnarskránni og stjórnkerfi. Skemmst er frá því að segja að honum þótti margt athugavert og var óhræddur að benda á leiðir sem honum fannst til bóta, meðal annars talaði hann um tíma fyrir breytingum í átt til þingræðis að breskum hætti. Hálffimmtugur varð hann rektor háskólans. Hann þótti afar hæfur og metnaðarfullur stjórnandi og leitaðist við að bæta mjög kennsluhætti. En þrátt fyrir annir við stjórnunarstörf hélt hann áfram vísindastörfum sínum og hugleiðingum um stjórnmál og gaf út mikið rit um stjórnarskrána 1908.

## Hugsjónamaður

Árið 1910 var Wilson 54ja ára. Þá stóð fyrir dyrum kjör á ríkisstjóra í New Jersey og einhverjir forkólfar Demókrataflokksins fengu augastað á hinum atorkusama rektor Princeton. Hann fór í framboð undir merkjum andstöðu við smákónga í pólitísku lífi og náði kjöri nokkuð óvænt. Yfirvegaður prófessorinn reyndist nú býsna innblásinn stjórnmálamaður og hélt ræður sem gáfu til kynna að þar færi djarfur umbótamaður og sjálfstæður í hugsun og baráttumaður gegn spillingu. Wilson hafði ekki gegnt embætti ríkisstjóra nema í rúmt ár þegar farið var að nefna hann í sömu andrá og forsetaembættið, og eftir mikið japl og jaml og fuður á flokksþingi demókrata sumarið 1912 var hann valinn til framboðs gegn sitjandi forseta. Tilnefningin gekk ekki átakalaust fyrir sig, það var ekki fyrr en í 46. tilraun sem Wilson náði tilskildum meirihluta. Í forsetakosningunum sjálfum vann Wilson sæmilega öruggan sigur en mátti reyndar þakka klofningi í röðum repúblikana árangurinn.

Hann tók svo til starfa sem forseti í byrjun árs 1913 af heilmiklum þrótti. Hann talaði hiklaust fyrir ýmsum umbótum í stjórnsýslu og fjármálalífi, barðist gegn einokunarhringjum og beitti sér gegn barnaþrælkun, studdi verkalýðshreyfingu á ýmsan hátt gegn stórkapítalistum, studdi kosningarétt kvenna og þannig fram eftir götunum. Hann lofaði að halda Bandaríkjamönnum utan fyrri heimsstyrjaldarinnar og var endurkjörinn forseti 1916 en ári seinna lentu Bandaríkjamenn nú samt í stríðinu og Wilson gekk þá til verka við hlið Breta og Frakka af einurð og festu. Hinn mikli iðnaðarmáttur Bandaríkjanna var virkjaður til að knésetja Þjóðverja en Wilson setti líka fram markmið sín á mjög skýran hátt með þeim „14 punktum“ sem hann birti í ársbyrjun 1918. Þar var kveðið á um lýðræði og sjálfsákvörðunarrétt þjóða eftir að stríðinu lyki, frjáls viðskipti milli landa og áhersla lögð á að leysa deilumál með samningum, ekki átökum. Og Wilson mælti fyrir um stofnun alþjóðlegra samtaka þar sem ríki kæmu saman á jafnréttisgrundvelli, bæði stór og smá, og átti að tryggja að stórveldin völtuðu ekki yfir þau smærri.

Sjálfur var Wilson reyndar ófeiminn við að beita áhrifa- og hervaldi Bandaríkjanna í ýmsum löndum rómönsku Ameríku en það var alltaf í þeim góða tilgangi að efla lýðræði og bæta stjórnarfar. „Ég skal kenna þeim að kjósa almennilega menn!“ sagði hann einu sinni.

## Hálfur maður

En einmitt þegar verið var að leggja síðustu hönd á friðarsamninga eftir heimsstyrjöldina og undirbúa stofnun þeirra alþjóðasamtaka sem Wilson hafði barist fyrir og fengu nafnið Þjóðabandalagið, þá dundi áfallið yfir. Haustið 1919 veiktist hann alvarlega, fékk slag og var eftir það ekki nema hálfur maður og stundum bara helmingurinn af því. Í raun var hann með öllu ófær um að gegna skyldum sínum en kona hans og helstu aðstoðarmenn reyndu eftir mætti að leyna því, svo hann þyrfti ekki að segja af sér. Andrúmsloftið var ruglað, forseti Bandaríkjanna nánast í felum í Hvíta húsinu og löngum stundum fékk enginn aðgang að honum, Edith kona hans var af sumum uppnefnd „forsetaynja“ enda sá hún um að velja hvaða mál næðu alla leið inn á borð hans eða sjúkrarúm. Þannig stóðu leikar þar til Wilson lét af embætti í janúar 1921 en þá höfðu andstæðingar hans á Bandaríkjaþingi notað sér fjarveru hans til að rústa arfleifð hans meira og minna, friðarsamningum eftir heimsstyrjöldina var hafnað á þinginu, aðild Bandaríkjanna að Þjóðabandalaginu líka hafnað – og þannig má segja að það bandalag hafi aldrei orðið fugl né fiskur úr því Bandaríkin vantaði.




Nú. Allt er þetta er hið merkasta mál, er það ekki? Og Wilson nánast eins og harmræn hetja? Umbótamaðurinn djarfi, hugsjónamaðurinn mikli sem er skotinn niður einmitt þegar sigurinn blasir við og hjarir eftir það aðeins sem skugginn af sjálfum sér, nógu lengi til að sjá mestallt sitt starf að engu gert?




Jú, þannig má túlka það og þetta var sú mynd sem ég hafði gert mér af Woodrow Wilson. Nema hvað í þessa mynd vantaði svolítið sem lengst af var lítið talað um, fyrst af því það var ekki talið skipta máli en seinna af því það var þá orðið feimnismál. Það rann til dæmis ekki upp fyrir mér fyrr en fyrir skömmu.

Wilson var rasisti.

## Forstokkaður

Þrátt fyrir allar sínar fögru hugsjónir um lýðræði og gott stjórnarfar og umbætur á svo mörgum sviðum, þá kemur í ljós þegar skrif hans og gjörðir eru skoðuð að í kynþáttamálum vestra var hann alla ævi forstokkaður Suðurríkjamaður sem í reynd sá aldrei neitt siðferðilega rangt við þrælahaldið sem hafði orsakað borgarastríðið sem geisaði á fyrstu árum hans. Hann afsakaði uppgang Ku Klux Klan með því að með þeim rasistasamtökum hefðu hvítir menn verið að bregðast við lögleysum og yfirgangi svartra eftir borgarastríðið og skrifaði líka að hvítir menn hefðu verið tilneyddir að berjast „með öllum ráðum“ gegn nýjum stjórnvöldum sem studdust hefðu við atkvæði „fávísra svertingja“. Í Princeton hafði hann lagst gegn því að svartir nemendur fengju skólavist og sem ríkisstjóri skipaði hann ekki svarta menn í embætti. Sem forseti studdi hann eða lét yfir sig ganga vaxandi aðskilnað hvítra og svartra á flestum stigum samfélagsins sem hvítir rasistar í stjórnkerfinu beittu sér fyrir. Og hann fullyrti blákalt við svertingja sem kvörtuðu að aðskilnaðurinn væri „ekki niðurlæging heldur betrumbót og þannig ættuð þið að líta á það, herrar mínir“.

Spurningin er þá sú: Er allt það góða sem Wilson gerði, og reyndi að gera, er það einhvers virði þegar sú staðreynd liggur fyrir að maðurinn var rasisti? Hversu stór og dimmur er skuggi rasismans í huga hvers manns?

Þetta fór ég að hugsa um daginn þegar ég var að undirbúa útvarpsþátt um ferð séra Matthíasar Jochumssonar þjóðskálds okkar Íslendinga til Chicago árið 1893. Hann skrifaði skemmtilega ferðabók þar sem hann lýsir öllum þeim furðum sem fyrir augu bar og meðal annars segir hann frá heimsókn sinni til London á bakaleiðinni. Þar fór hann í sýningarhöllina Crystal Palace og sá flokk skjaldmeyja frá Afríkuríkinu Dahomey troða upp. Nú er Matthías með viðkunnanlegustu mönnum í Íslandssögu 19. aldar, skemmtilega forvitinn og frjór, sístarfandi menningarfrömuður og hefur á sér það yfirbragð að hann hafi verið verulega „góður kall“. Mér hnykkti því nokkuð illa þegar ég las eftirfarandi lýsingu hans á skjaldmeyjunum frá Dahomey:

„Þær voru lágar vexti, en fremur þreklegar, furðu ófríðar; grimmlegar á svip, og eins og miðja vegu milli apynja og mannlegra kvenna … Sýndu þær vígfimi sína og hætti í hernaði. Fór þeim það fimlega og vasklega, en mér stóð þó viðbjóður af öllu saman …“

**„Þær voru lágar vexti, en fremur þreklegar, furðu ófríðar; grimmlegar á svip, og eins og miðja vegu milli apynja og mannlegra kvenna … Sýndu þær vígfimi sína og hætti í hernaði. Fór þeim það fimlega og vasklega, en mér stóð þó viðbjóður af öllu saman.**

## Menn og apar

Nú má segja að Matthíasi hafi náttúrlega verið heimilt að fyllast hryllingi á sýningu flokksins frá Dahomey, og jafnvel að hafa þótt þær ófríðar, þótt orð hans um að þær hafi verið eins og miðja vegu milli apynja og „mannlegra kvenna“ séu furðu ósmekkleg í augum nútímamanns. En í framhaldi fer séra Matthías úr öskunni í eldinn:

„Sé vort kyn allt af einum ættstofni, hafa ættmenn slíkra skepna orðið æði afskiptir. Hryllir flesta enn meira við að sjá athæfi villimanna en apanna, og séum vér bræður Eldeyjarmannanna [sem taldir voru einkar frumstæðir] er oss lítil læging að telja apana tengdamenn vora!“

Þegar Matthías skrifar þetta voru opinberanir Darwins um skyldleika manna og apa komnar á kreik fyrir áratugum. Þær voru mörgum erfiður biti að kyngja, en Matthías virðist ekki hafa kippt sér upp við það. Hann líkir hins vegar hnarreistum Dahomey-búum hiklaust við apa, kallar þá „skepnur“ og talar um „athæfi villimanna“. Loks segir hann berum orðum að séum við skyld slíkum „villimönnum“ þá sé engin niðurlæging í því að vera skyldur öpum!

## Góður kall?

Það er nú spurningin. Var þessi kafli í ferðasögunni slys eða yfirvegað viðhorf Matthíasar? Þjóðsöngurinn okkar fagri, um smæð mannsins andspænis órafegurð alheimsins, hve mikils virði er hann ef við vitum að höfundurinn fyrirleit og óttaðist sumt fólk og taldi það „skepnur“? Eigum við að afsaka séra Matthías og Woodrow Wilson með því að þá hafi verið „aðrir tímar“ og þeir hafi verið „börn síns tíma“? Ég veit það. Báðir voru vel menntaðir menn og fylgdust vel með menningarstraumum tímans og á þeirra dögum var komið fram nóg af fólki sem var auðvitað líka „börn síns tíma“ en hafnaði algjörlega rasisma og kynþáttahyggju hvers konar.

En ekki þeir. Þeir voru rasistar.

Og hvað þýðir það? Á að þegja það í hel? Einbeita sér að því hvað þeir voru „góðir kallar“ báðir tveir? Eða setja þá í skammarkrók sögunnar? Skipta um þjóðsöng?

Málverk eftir *Kristján Davíðsson*
Þrjú ólík verk frá mismunandi tíma
Gott tækifæri fyrir listunnendur og safnara
Áhugasamir hafi samband í síma 897 7449

Gæðastund fyrir eldri borgara
í Háteigskirkju
Samfélag með næringu til líkama og sálar
Þriðjudaga kl. 13.30 – 15.30
Fyrsti gestur vetrarins verður
Hr. Karl Sigurbjörnsson og mun hann
fjalla um mannanöfn.
Allir velkomnir.
Háteigskirkja

## Konráð og félagar á ferð og flugi 130

Bragi Halldórsson

„Er þetta ekki talnavölundarhúsið þar sem við eigum að byrja á bláu tölunni neðst og með því að fylgja bara sléttum tölum lárétt og lóðrétt en ekki á ská, finna leið upp á topp teningsins, bláu tölunnar sex?,“ spurði Kata. „Jú,“ sagði Lísaloppa. „Við eigum að fylgja sléttu tölunum 2, 4, 6, og 8.“ „Mig minnti það,“ sagði Kata. „Mér gekk nú ekkert of vel síðast þegar við glímdum við svona þraut en nú skal það ganga betur,“ sagði hún ákveðin og keppnisskapið leyndi sér ekki.

Getur þú fundið leiðina í gegnum teninginn með því að fylgja sléttu tölunum lárétt og lóðrétt?

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 6 | 2 | 5 | 3 | 7 | 8 | 6 | 2 | 5 | 7 | 9 |
| 2 | 5 | 2 | 4 | 1 | 8 | 4 | 3 | 7 | 8 | 3 | 2 |
| 6 | 8 | 5 | 6 | 4 | 2 | 5 | 4 | 2 | 6 | 7 | 6 |
| 5 | 4 | 8 | 1 | 7 | 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 2 | 4 |
| 2 | 5 | 2 | 2 | 6 | 5 | 2 | 3 | 6 | 3 | 5 | 6 |
| 3 | 4 | 2 | 3 | 5 | 1 | 2 | 6 | 4 | 2 | 8 | 4 |
| 4 | 6 | 4 | 2 | 5 | 2 | 9 | 1 | 3 | 6 | 2 | 9 |
| 7 | 6 | 7 | 3 | 1 | 3 | 7 | 3 | 2 | 8 | 7 | 8 |
| 5 | 8 | 9 | 4 | 8 | 4 | 2 | 5 | 4 | 3 | 9 | 2 |
| 6 | 8 | 5 | 2 | 1 | 3 | 6 | 8 | 6 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 3 | 2 | 8 | 2 | 7 | 2 |
| 2 | 6 | 4 | 7 | 8 | 6 | 8 | 4 | 5 | 1 | 5 | 6 |



## Brandarar

**Mamman sem hefur verið að búa til kvöldmat kallar í son sinn Konráð og lætur hann vita í annað sinn að maturinn sé til. „Flýttu þér nú, viltu ekki heita pitsusneið?“**
**Konráð svarar að bragði. „Nei, ég vil bara heita Konráð.“**

**Gréta kemur heim eftir fótboltaæfingu.**
**Móðir hennar: „Hvernig gekk?“**
**Gréta: „Vel. Ég skoraði sex mörk.“**
**Móðirin: „Hvernig fór leikurinn?**
**Gréta: „Hann fór þrjú, þrjú.“**

**Maður við þjón á veitingastað: „Ég er búinn að bíða í heilan klukkutíma eftir skjaldbökusúpunni minni!“**
**Þjónninn: „Þú veist nú hvað skjaldbökur eru hægfara.“**






**SKRIFAR OG TEIKNAR** „Hausinn á mér er fullur af myndum og alltaf bætist við,“ segir Sigrún Eldjárn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Andrés önd er alltaf mín uppáhaldsönd

**Sigrún Eldjárn rit-og myndahöfundur yddar blýant, klórar sér í hausnum, hugsar málið og horfir á blaðið og inn í höfuðið á sér þegar hún er að byrja á mynd.**

**Teiknaðir þú mikið þegar þú varst lítil, Sigrún?** „Já, ég teiknaði alveg daginn út og daginn inn! Það var það allra skemmtilegasta sem ég gerði.“

**Hvernig verkfæri notaðir þú?** „Blýantar eru mín uppáhaldsverkfæri. Þeir eru töfratæki. En svo notaði ég alls konar liti líka, bæði vax-, tré- og tússliti.“

**Var eitthvað sérstakt sem þú teiknaðir eða málaðir mest?** „Líklega hef ég langmest teiknað krakka og skrípafígúrur – og geri enn! Ég reyndi mig samt við allt mögulegt. Eiginlega hvað sem er. Ég skoðaði mikið teiknimyndaseríur og var oft að líkja eftir þeim myndum. Til dæmis hefur Andrés Önd alltaf verið mín uppáhaldsönd.“

**Hversu gömul varstu þegar þú ákvaðst að verða myndlistarmaður?** „Ég man nú ekki eftir að hafa nokkurn tímann beinlínis ákveðið að verða myndlistarmaður. Það bara gerðist einhvern veginn. Ég var svo 13 ára þegar ég fór fyrst á námskeið í Myndlistarskólanum í Reykjavík og tvítug þegar ég fór í fullt myndlistarnám í Myndlista - og handíðaskóla Íslands. En alveg frá því ég var pínulítil hefur teikning verið stór hluti af lífi mínu og mun sjálfsagt verða það alla tíð.“

**Hvernig byrjarðu á myndunum þínum?** „Ég ydda blýant, klóra mér í hausnum, hugsa málið, horfi á blaðið, horfi inn í höfuðið á mér og svo hjálpumst við að, ég og blýanturinn, við að rissa eitthvað upp. Eitthvað sem kannski verður flott en kannski líka ómögulegt! En þá byrjar maður bara upp á nýtt.“

**Er einhver litur í uppáhaldi?** „Blátt hefur alltaf verið minn litur. En blátt er þó ekki bara blátt því það eru örugglega til þúsund bláir litir – eða milljón!“

**Áttu þér eftirlætis karakter?** „Ég held alltaf mest upp á þá sem ég er að skrifa um þá stundina. Núna er ég að skrifa þriðju bókina um strokubörnin á Skuggaskeri og því eru þeir ævintýrakrakkar aðalfólkið mitt núna. Bétveir er mikill vinur minn af því að hann er svo hrifinn af bókum. En ég hef gert langflestar sögur um strákinn Kugg og gömlu kerlingarnar, vinkonur hans, þær Málfríði og mömmu hennar. Þau eru uppátækjasöm og í næsta mánuði ætla þau að hoppa upp á leiksvið í Kúlu Þjóðleikhússins og leika þar leikrit fyrir alla krakka sem heitir KUGGUR OG LEIKHÚSVÉLIN.“

**Pegar þú skrifar bækur, sérðu þær þá fyrir þér í myndum?** „Já, hausinn á mér er fullur af myndum og alltaf bætist við. Margar þeirra komast á blað en aðrar bíða síns tíma þarna inni.“

**Leitarðu að sögupersónum í kringum þig eða verða þær til í hugskoti þínu eða draumum?** „Það er svolítið erfitt að greina þarna á milli. Sögupersónurnar mínar verða til í hugskoti mínu – en í hugskotinu leynast persónur bæði úr draumum og veruleika. Þetta blandast svo allt saman og úr verður alls konar skrítið og skemmtilegt fólk.“

markhönnun ehf

**nettó**
Kræsingar & kostakjör

# Hefur þú skoðað heilsublað Nettó?

Fullt af uppskriftum, heilsuráðum og ótrúlegum tilboðum!




**ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR AF LÍFSSTÍLS & HEILSUVÖRUM**

**ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR AF LÍFSSTÍLS & HEILSUVÖRUM**

**RAGGA NAGLI** ER MEÐ RÁÐGJÖF **LAUGARDAGINN 17. JANÚAR** Í **NETTÓ MJÓDD FRÁ KL. 14-16**

# heilsu & lífsstílsdagar

Blaðið í heild sinni er aðgengilegt á netto.is

**Tilboðin gilda 15.janúar - 01. febrúar 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



LAGER
HREINSUN
&ÚTSALA
HÚSASMIÐJUNNAR
SPARAÐU
20.000
1808865
Þvottavél 1200 sn
VERÐ ÁÐUR 79.900
NÚ 59.900 kr.
þú sparar: 20.000 kr
Electrolux
BLACK& DECKER
40%
AFSLÁTTUR!
Juðari
VERÐ ÁÐUR 7.899
NÚ 4.740 kr.
þú sparar: 3.159 kr
5245364
36%
AFSLÁTTUR!
Harðparket eikarplanki
8 mm fasaður
VERÐ ÁÐUR 2.690
NÚ 1.695 kr/m²
þú sparar: 995 kr/m²
147056
KAINDL
50%
AFSLÁTTUR!
Matarstell 20 stk
VERÐ ÁÐUR 12.999
NÚ 6.495 kr.
þú sparar: 6.504 kr
2201167
30%
AFSLÁTTUR!
HarpaSjöfn
POLYTEX
VEGG
7
Innimálning 10 ltr.
VERÐ ÁÐUR 9.995
NÚ 6.996 kr.
þú sparar: 2.999 kr
Útivistarfatnaður
30-70%
afsláttur



POTTAPLÖNTUÚTSALA
BLÓMAVALS HEFST Í DAG
20-50% AFSLÁTTUR
KRÝSI
1.190 kr
1.490
ÁSTARELDUR
999 kr
1.490
FRIÐARLILJA
1.390 kr
1.990
ORKIDEA
1.990 kr
2.490
KAKTUSAR
8.5 CM
699 kr
999
AFSKORINN
ÁSTARELDUR
2.490 kr
DREKATRÉ
1.279 kr
1.599
BAKKAR, STYTTUR
OG KERTASTJAKAR
30%
AFSLÁTTUR!
LUKTIR
30%
AFSLÁTTUR!
OKKAR STÆRSTA ÚTSALA FRÁ UPPHAFI
ÖLL HANDVERKFÆRI • ALLAR FLÍSAR • ALLT PARKET • ÖLL BLÖNDUNARTÆKI • ÖLL HEIMILISTÆKI
ALLAR INNIHURÐIR • ÖLL MÁLNING • ÖLL BÚSÁHÖLD • ALLUR ÚTIVISTARFATNAÐUR • ALLIR STIGAR
ALLAR JÓLAVÖRUR • ALLAR POTTAPLÖNTUR • ALLAR VERKFÆRATÖSKUR OG MARGT FLEIRA*
40%
AFSLÁTTUR!
Kuldaskór barna
VERÐ ÁÐUR 6.999
NÚ 4.199 kr.
þú sparar: 2.800 kr
5872399
35%
AFSLÁTTUR!
Veggflís hvít 20x20
VERÐ ÁÐUR 2.800
NÚ 1.820 kr/m²
þú sparar: 980 kr/m²
8600000
34%
AFSLÁTTUR!
Örbylgjuofn grár
VERÐ ÁÐUR 20.989
NÚ 13.900 kr.
þú sparar: 7.089 kr
1803019
25%
AFSLÁTTUR!
Sturtusett Tenrit
VERÐ ÁÐUR 3.995
NÚ 2.995 kr.
þú sparar: 1.000 kr
8016091
20%
AFSLÁTTUR!
Verkfærataska Stanley
VERÐ ÁÐUR 7.495
NÚ 5.996 kr.
þú sparar: 1.499 kr
5024880
40%
AFSLÁTTUR!
Hraðsuðukanna
VERÐ ÁÐUR 4.990
NÚ 2.990 kr.
þú sparar: 2.000 kr
1840714
40%
AFSLÁTTUR!
Bita- og toppasett
VERÐ ÁÐUR 2.575
NÚ 1.545 kr.
þú sparar: 1.030 kr
5246110
30%
AFSLÁTTUR!
Handlaug
VERÐ ÁÐUR 9.995
NÚ 6.995 kr.
þú sparar: 3.000 kr
8077665
40%
AFSLÁTTUR!
Sporjárnasett 4 stk
VERÐ ÁÐUR 2.995
NÚ 1.797 kr.
þú sparar: 1.198 kr
5008536
blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
LÆGSTA LÁGA VERÐ
Með fyrirvara um innsláttarvillur og myndabrengl.
*Gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar".
Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslana.
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

1. Þessi gála er gefin fyrir groddalega gaura og svínakjöt í ofanálag (11)
7. Toppafundur við Hvammstanga og nágrenni (8)
11. Lýsi þetta dægur romms og rauðvíns, og upphefst nú sumbl (10)
12. Gagnsemdarlína Benthams miðar að hámarkshamingju flestra (11)
13. Pössum uppá röddina í undirsátum Ágústusar (8)
15. Trúi ekki á speki sem gengur útá tortryggni (9)
16. Gekk bláa á milli og eldaði kindarlega liljurót sem við þær er kenndur (8)
17. Úttekt framlaga skal könnuð með hjálp álitssýstema (9)
19. Ekki má gleyma vafstrinu sem fylgdi dönsunum þeim (11)
20. Heimildamynd um varg birtist aðeins andartak (11)
21. Víst þarf speki í nauðum og gátuleikjum (9)
26. Ég verð hinumegin einsog þau sem þar eru fyrir (10)
29. Flökt framlagsins til tryggari tilveru (11)
30. Bát fyrir þess háttar mann og módel líka (10)
32. Burkni er svo fallegur að ég gæti étið hann, eins og allir af hans ætt (9)
33. Kýs það lið sem setur Svanavatnið á dagskrá (12)
34. Sjá þessir maðkar eftir því að leggjast á innyfli? (9)
36. Bleik sem besta feiti, gyllt sem bitið við (8)
37. Tel dagsláttu í ræktarlandinu tæmda, en túnbletturinn er hér (13)
38. Hlutlaus gangur kostar ekkert (6)

**LÓÐRÉTT**

1. Ég sé veröld umlukta þrautum, þannig er lífið í alvörunni (10)
2. Þetta mun spyrjast hingað niður, fullyrðir upplýsingaveitan (12)
3. Stækka krókinn fyrir viðbótarvöndulinn (12)
4. Ég vil sko graut fyrir frábærar og flippaðar í ruglinu (8)
5. Sella á vefnum er grunnur að rauðu blóðkorni (8)
6. Æðardráp veit á sálarháska (10)
7. Villt dýr í húsi með nagdýrinu (11)
8. Hvenær mun maður Báru njóta nándar hennar? (11)
9. Hef skoðun á frjálsu og ómóðguðu (11)
10. Vaktin er búin og tími á snafs (4)
14. Laumaðu til mín því sem þau nörtuðu í (7)
18. Lipur látast vera líkamsæfingalið (13)
19. Tómur haus og lubbalaus (12)
21. Drepa merki á kantinum (10)
22. Kollurnar og kjaftarnir eru á við danskt lýsi og lotur til samans (10)
23. Vor ævi mun enda með dauða fyrir rest (10)
24. Sláum saman steinum og leiftrum af rugli (7)
25. Er smart að leita þeirrar sem stærst er í ruglinu? (7)
27. Nýti tré í krá og sjó; nóabrúnir duga þó (9)
28. Set punkt fyrir pústur og hálfgerðan komma sem kann á greinarmerki (9)
31. Nenni ekki í gang í dáðleysisdrifi (7)
35. Blanda silfri við natríum vegna brotabrota (4)





Lausnarorð síðustu viku var
**TRÚAROFSTÆKI**

FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni **Drón** eftir *Halldór Armand* frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Margrét Ísdal,** Reykjavík.



**LAUSNARORÐ**

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist sögulegt tímabil. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 21. janúar næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „17. janúar“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.




LYFJA

– Lífið heil

www.lyfja.is

# 20%

## afsláttur af Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmíi, öllum pakkningastærðum og bragðtegundum 2 mg og 4 mg




Nicorette nikótínlyf hjálpa þér að halda reykbindindi með því að koma í stað nikótínsins sem fæst úr reykingum og draga þannig úr líkamlegum fráhvarfseinkennum



Tilboðið gildir til 31.jan

**Nicorette lyfjatyggigúmmí** 2 og 4 mg (inniheldur nikótín) er notað til meðferðar við tóbaksfíkn. Það dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og auðveldar reykingamönnum að draga úr eða venja sig af tóbaki. **Skammtar:** Börn yngri en 15 ára mega ekki nota lyfjatyggigúmmíið. Fullorðnir: eitt lyfjatyggigúmmí við reykingaþörf. Nota má lyfjatyggigúmmíið eitt og sér eða samtímis Nicorette Invisi forðaplástri. Skammta skal ákveða út frá hve háður nikótíni viðkomandi er en hámarksdagskammtur er 24 stk. Mælt er með 2 mg lyfjatyggigúmmí fyrir þá sem eru lítið háðir nikótíni en 4 mg fyrir þá sem hafa mikla nikótínþörf eða hefur ekki tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Tyggið hægt og látið lyfjatyggigúmmíið liggja í munninum þess á milli. Ekki er ráðlagt að nota Nicorette lengur en í eitt ár. Einstaka aðilar geta þurft meðferð í lengri tíma og er hugsanleg áhætta við langtímanotkun umtalsvert minni en áhættan af að reykja. Ráðgjöf og leiðsögn eykur venjulega líkur á því að fólki takist að hætta. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna. **Varnaðarorð:** Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, óméðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skulu einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varúðar við notkun Nicorette hjá sjúklingum sem hafa nýlega farið í kransæðahjáveituaðgerð og aðrar æðaaðgerðir eða eru með: alvarlegan háþrýsting, stöðuga hjartaöng, hjartabilun, æðasjúkdóm í heila, teppusjúkdóm í slagæðum útlima, sykursýki, óméðhöndlað skjaldvakaóhóf, krómfíklaæxli, skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi, bólgu í vélinda, munni eða koki, magabólgur eða virkt skeifugarnar- eða magasár. Lyfjatyggigúmmíið getur átt til að festast við gervitennur og í mjög sjaldgæfum tilfellum skemmt þær. Nicorette inniheldur bútýlhýdroxýtólúen, sem getur valdið ertingu í slímhúðum, og xylitol, sem getur haft hægðalosandi áhrif. Nicorette Classic inniheldur sorbitól og skulu þeir sem eru með frúktósaóþol ekki nota það. **Aðgát í návist barna:** Ráðlagðir skammtar nikótíns fyrir fullorðna geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir ungum börnum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá og fleygið notuðu tyggigúmmíi þar sem börn ná ekki til. **Meðganga og brjóstagjöf:** Eingöngu skal nota lyfjatyggigúmmíið í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst yfir fylgju og hefur áhrif á hjartsláttartíðni og öndun fóstursins/nýburans. Nikótín berst í brjóstamjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylking. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Lágmúla** | **Smáralind** | **Grundarfirði** | **Patreksfirði** | **Hvammstanga** | **Húsavík** | **Seyðisfirði** | **Reyðarfirði** | **Selfossi** |
| **Laugavegi** | **Smáratorgi** | **Stykkishólmi** | **Ísafirði** | **Skagaströnd** | **Þórshöfn** | **Neskaupstað** | **Höfn** | **Grindavík** |
| **Nýbýlavegi** | **Borgarnesi** | **Búðardal** | **Blönduósi** | **Sauðárkróki** | **Egilsstöðum** | **Eskifirði** | **Laugarási** | **Keflavík** |

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur, bróðir og barnabarn,

**ANDRI FANNAR GUÐMUNDSSON**

lést á Triemli-sjúkrahúsinu í Zürich þann 6. janúar síðastliðinn. Hann verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju þriðjudaginn 20. janúar klukkan 11.00.

**Sara Sturludóttir**
**Birna Sif Andradóttir**
**Kristrún Elma Andradóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

†



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**KRISTJÖNU EINARSDÓTTUR**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sunnuhlíðar fyrir góða umönnun.

**Herdís Jónsdóttir** **Ólafur Guðmundsson**
**Jónía Jónsdóttir** **Hreiðar Björnsson**
**Þorbjörn E. Jónsson** **Magdalena Axelsdóttir**
**Vigfús F. Jónsson**
**Erla Jónsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

†



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýjar kveðjur vegna andláts og útfarar elskulegs föður, tengdaföður, afa og langafa okkar,

**TÓMASAR ÁRNASONAR**
**fyrrverandi ráðherra og seðlabankastjóra,**

sem lést þann 24. desember síðastliðinn.

**Eiríkur Tómasson** **Þórhildur Líndal**
**Árni Tómasson** **Margrét Birna Skúladóttir**
**Tómas Þór Tómasson** **Helga Jónasdóttir**
**Gunnar Guðni Tómasson** **Sigríður Hulda Njálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**JÓNAS ÞORSTEINSSON**
**fv. skipstjóri,**

sem lést 8. janúar sl. verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju 20. janúar nk. kl. 13.30. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa.

**Matthea Kristjánsdóttir**
**Þorsteinn Jónasson**
**Kristján Elís Jónasson** **Ólöf Matthíasdóttir**
**Haraldur Jónasson** **Valgerður Birna Lýðsdóttir**
**Lýður Óskar Haraldsson** **Matthea Kristjánsdóttir**
**Elmar Kristjánsson**

†



Hjartans þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður minnar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**KRISTJÖNU ELÍSABETAR JÓHANNSDÓTTUR – ELLU**

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á hjúkrunarheimilinu Mörk, 3. hæð norður, fyrir einstaka umönnun, virðingu og hlýju.

**Ásta Friðjónsdóttir** **Erlendur Jóhannsson**
**Birgir Friðjón Erlendsson** **Anna Jóhannesdóttir**
**Egill Rúnar Erlendsson** **Hildur Björk Hörpudóttir**
**Stefán Erlendsson**
**og langömmubörn.**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST
Áratuga reynsla



Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Allan sólarhringinn
Sverrir Einarsson
Kristín Ingólfsdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Davíð Ósvaldsson
útfararstjóri



Óli Pétur Friðþjófsson
útfararstjóri

Útfararþjónusta Davíðs Ósvaldssonar ehf.
551 3485 • www.udo.is

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**SNORRI HAUKSSON**
**innanhússarkitekt,**
**Austurbrún 37a,**
**Reykjavík,**

lést þann 14. janúar á líknardeild Landspítalans. Útför verður frá Háteigskirkju miðvikudaginn 21. janúar kl.13.00. Blóm eru vinsamlega afþökkuð. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Christa Hauksson**
**Daníel Haukur Snorrason**
**Þorsteinn Snorrason**
**Kjartan Snorrason**
**Angelica D. Silva, Alexander Jósef Daníelsson, Kristófer Snorri Daníelsson**

†



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**GUÐRÚN BRÍET GUÐLAUGSDÓTTIR**
**(BÍBÍ)**
**hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð,**

lést 13. janúar. Hún verður jarðsungin frá Kópavogskirkju föstudaginn 23. janúar kl. 15.00.
Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð.

**Jónas G. Ólafsson**
**Valgerður Jónasdóttir** **Örn Gíslason**
**Ólína J. Jónasdóttir** **Páll Andrésson**
**Jónas Jónasson** **Alda Harðardóttir**
**og fjölskyldur.**

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**FRÍÐA PÉTURSDÓTTIR**
**Sólbergi, Bolungarvík,**

lést á Sjúkraskýlinu Bolungarvík þriðjudaginn 13. janúar. Útförin fer fram frá Hólskirkju laugardaginn 24. janúar kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hólskirkju, reikn. 1176-18-660264, kt. 630169-5269.

**Björg Guðmundsdóttir** **Bjarni Ingólfsson**
**Elísabet Guðmundsdóttir** **Björgvin Bjarnason**
**Ása Guðmundsdóttir**
**Jón Guðni Guðmundsson** **Guðríður Guðmundsdóttir**
**Ragna Guðmundsdóttir** **Sveinbjörn Sveinbjörnsson**
**Ingibjörg Guðmundsdóttir** **Magnús Birgisson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

†



Yndisleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓRUNN JÓNASDÓTTIR**
**Víkurbraut 15, Keflavík,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mánudaginn 12. janúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 20. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Suðurnesja.

**Jóna Björg Antonsdóttir** **Ellert Þórarinn Ólafsson**
**Guðrún Anna Antonsdóttir**
**Bogi Jón Antonsson** **Natalja Krasnova**
**Anton Ellertsson** **Ásdís Björk Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Karl Antonsson**
**og aðrir aðstandendur.**

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ELÍN GUÐRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR**
**kennari og fyrrv. borgarfulltrúi,**

lést á Landspítalanum að morgni föstudagsins 2. janúar. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 20. janúar kl. 15.00.

**Valgerður Matthíasdóttir**
**Sigurborg Matthíasdóttir**
**Haraldur Matthíasson**
**Brynja Dagmar Matthíasdóttir**
**Ása Björk Matthíasdóttir**
**Ómar Skúlason**
**Marjakaisa Matthiasson**
**Jón Kristján Stefánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**ÞETTA GERÐIST:** 17. JANÚAR 2013

# Vilborg Arna komst á suðurpólinn

Fjallgöngukonan og ofurhuginn Vilborg Arna Gissurardóttir komst á suðurpólinn þennan dag fyrir tveimur árum, sama mánaðardag og Robert Falcon Scott kom þangað með sinn leiðangur hundrað og einu ári fyrr.

Með afrekinu rættist gamall draumur Vilborgar Örnu, sem hafði stefnt að þessu takmarki í að minnsta kosti tíu ár.

Hún lagði upp í gönguna 19. nóvember 2011 og var alein á ferð á skíðum í sextíu daga og lagði að baki 1.140 kílómetra leið, fyrsti Íslendingurinn í sögunni til að ganga á suðurpólinn ein síns liðs.

Hún lét einnig gott af sér leiða með ferðinni því áður en hún lagði af stað stofnaði hún söfnunarátakið Lífsspor og safnaði áheitum til styrktar Kvennadeild Landspítala Íslands.

†



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**LEU KRISTÍNAR ÞÓRHALLSDÓTTUR**
**frá Laugalandi í Borgarfirði,**
**Sóltúni 2, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki hjúkrunarheimilisins Sóltúns fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Helgi Bjarnason** **Ingibjörg Friðriksdóttir**
**Steinunn Bjarnadóttir** **Jón G. Kristjánsson**
**Þórhallur Bjarnason** **Erla Gunnlaugsdóttir**
**Sigrún Bjarnadóttir** **Hilmar R. Konráðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**ÓLAFUR JÓN SIGURÐSSON**
**Þjóttuseli 2,**

lést sunnudaginn 11. janúar sl. á heimili sínu. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 21. janúar kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Arnbjörg Guðmundsdóttir**
**Ingibjörg Ólafsdóttir** **Davíð Arnar Þórsson**
**Halldóra Elín Ólafsdóttir** **Stefán Skúlason**
**Valur Þór Ólafsson** **Wendy Yau**
**og barnabörn.**

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HALLDÓR J. EINARSSON**
**Fossvegi 6, Selfossi,**

lést þriðjudaginn 13. janúar á hjúkrunardeildinni Ljósheimum á Selfossi. Útförin fer fram frá Selfosskirkju fimmtudaginn 22. janúar kl. 13.30.

**Sigrún Ó. Stefánsdóttir**
**Stefán A. Halldórsson** **Lilja Jónasdóttir**
**Unnur Halldórsdóttir** **Hjörtur B. Árnason**
**Halldór Halldórsson** **Birna Svanhildur Pálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýju vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**GUNNLAUGS ÁRNASONAR**
**Fornuströnd 8,**
**Seltjarnarnesi.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Droplaugarstaða og allra þeirra er komu að umönnun Gunnlaugs.

**Geirþrúður Árnason**
**Helgi Gunnlaugsson** **Ragnheiður Sigurðardóttir**
**Einar Þorgeirsson** **Lilja Eyþórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# NÝJA ÁRIÐ &
# NÝJU BÆKURNAR







**Undur**
Verð: 3.699.-

Átakanleg og ótrúlega raunsönn frásögn af vináttu, hugrekki og þrautseigju.

“Undur” komst í efsta sæti metsölulista New York Times.

**Bonita Avenue**
Verð: 3.699.-

Ágeng fjölskyldusaga, eldfim og óútreiknanleg.

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

5% afsláttur af ÖLLUM VÖRUM einnig tilboðum

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Birt með fyrirvara um prentvillur.



KL. 19:40

**Sjálfstætt fólk**

Í næsta þætti verður annáll ársins 2014 af Sjálfstæðu fólki. Þar er af nógu að taka enda skemmtilegt ár að baki.

# Meiriháttar sunnudagur

KL. 20:10

**Rizzoli & Isles**

Jane Rizzoli og réttarlæknirinn Maura Isles eru afar ólíkar en góðar vinkonur sem leysa glæpi Bostonmafíunnar í sameiningu.



KL. 20:55

**Hreinn Skjöldur**

Gamanþáttaröð eins og þær gerast bestar. Hér er fjallað um einfaldan og áhrifagjarnan náunga sem heitir Hreinn Skjöldur.



KL. 21:20

**Broadchurch**

